

MEKÓ



ÁRSSKÝRSLA 2021
STARFSÁÆTLUN 2022

*Ritstjóri

Soffía Karlsdóttir, forstöðumaður menningarmála

*Ábyrgðarmaður

Pálmi Þór Mátsson, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs Kópavogsbæjar

*Samantekt, samræming og umbrot

Íris María Stefánsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri menningarmála

Forsíða: Ljósörpun á Kópavogskirkju á Safnanótt 2021

Útgefið: júní 2022

EFNISYFIRLIT

Ávarp forstöðumanns menningarmála	5	Stofnanir sviðsins	
Menning í Kópavogi	6	Bókasafn Kópavogs	28
Samstarf	6	Gerðarsafn - Listasafn Kópavogs	40
Útgáfustarfsemi	6	Héraðsskjalasafn Kópavogs	56
Fjölmenningarleg áhersla	6	Náttúrufræðistofa Kópavogs	62
Stefnumörkun og framtíðarsýn	7	Salurinn	76
Lista- og menningarráð	8		
Framlag til menningarmála	9		
Rekstur og mannauðsmál	11		
Rekstur menningarmála	11		
Fjárhagsáætlun 2022	12		
Mannauðsmál	14		
Viðburðir, fræðsla og kynningarstarf	15		
Covid-19	15		
Vatnsdropinn	16		
ÞYKJÓ	17		
Hátíðir	18		
Viðburðaraðir MEKÓ	22		
Menningarlegt sumarstarf	24		
Fræðsludagskrá menningarhúsanna	25		
Markaðssetning og kynningarmál	25		

ÁVARP FORSTÖÐUMANNNS MENNINGARMÁLA

Tilgangur menningarstarfs í Kópavogi er að auka lífsgæði Kópavogsbúa á öllum aldri með fjölbreyttu menningar- og listalífi, fræðslu og miðlun. Lögð er áhersla á að þróa og bjóða viðburði og upplifun sem ekki er að finna annars staðar á höfuðborgarsvæðinu og eru því hrein viðbót við þá menningarflóru sem í boði er.

Hjarta menningarstarfs bæjarins er í lista- og menningarhúsunum sem reist hafa verið af miklum myndarskap við Hamraborgina. Samspil og nálægð húsanna gefa tækifæri á rekstrarlegri samlegð, samvinnu starfsmanna og sameiginlegri markaðssetningu. Undanfarin ár hefur þó markvisst verið unnið að því að færa menningarstarf bæjarins einnig í önnur hverfi og í ný rými. Má þar til að mynda nefna að sautjándi júní hátíðahöldin fara nú fram á nokkrum stöðum í bænum og hefur það mælt afar vel fyrir meðal bæjarbúa.


Gestum Menningarhúsanna fækkaði talsvert á árunum 2020 og 2021 sem skrifa má á Covid-19. Árið 2021 heimsóttu 190.322 gestir húsin, sem er 17% aukning frá árinu 2020 en 32% færri en fyrir Covid-19. Alls tóku 41.675 gestir þátt í þeim 825 viðburðum sem boðið var upp á 2021 fyrir almenning og skóla, sem er 37% aukning á milli ára. Þessi aukning er mjög ánægjuleg í ljósi þess að enn var mikið um samkomutakmarkanir allt árið 2021 en staðreyndin er þó sú að húsin eiga langt í land til að ná sömu hæðum og fyrir Covid-19. Alls sóttu 9.309 börn og ungmenni á öllum skólastigum Menningarhúsin heim í 386 heimsóknum. Alls 19.009 gestir sóttu MEKÓ viðburði fyrir almenning og skóla sem fóru ýmist fram í menningarhúsunum eða annars staðar í Kópavogi.

Starfsfólk menningarmála í Kópavogi á mikinn heiður skilið fyrir mjög metnaðarfullt starf við krefjandi og ófyrirsjáanlegar aðstæður sem sköpuðust annað árið í röð vegna Covid-19. Eru því færðar miklar þakkir fyrir. Þegar starfsemin lá niðri eða var takmörkuð skapaðist rými fyrir innra starf og viðhald sem víða kom sér vel. Í þessari sameiginlegu skýrslu menningarmála í Kópavogi má finna greinargott yfirlit yfir starfsemi málaflokksins og allra menningarstofnana bæjarins árið 2021.

Soffía Karlsdóttir

forstöðumaður menningarmála í Kópavogi

MENNING Í KÓPAVOGI



Menningarstarf bæjarins er starfrækt samkvæmt samþykktum Kópavogsbæjar, viðeigandi lögum og reglugerðum og menningarstefnu Kópavogsbæjar.

Menningarlífið árið 2021 var varðað nokkurri óvissu vegna Covid-19, en leitað var allra leiða til að halda úti reglubundinni starfsemi og viðburðum eins og kostur var á sama tíma og unnið var að styrkingu innviða menningarstarfsins með ýmsum leiðum. Ljóst er að Covid-19 hafði áhrif á aðsóknartölur í menningarstofnanir Kópavogsbæjar og aðra viðburði en enn er of snemma að segja til um hvort veiran muni hafa varanleg áhrif á þátttökuvilja gesta almennt. Það mun tíminn einn leiða í ljós. Covid-19 hafði meiri áhrif á fjölskyldutengda viðburði árið 2021 en árið áður þegar hún fór að herja meira á yngstu kynslóðina. Það dró því verulega úr þátttöku fólks í Fjölskyldustundum á laugardögum en álíka margar Fjölskyldustundir voru í boði 2021 og voru 2020.

Í október var stofnaður stýrihópur um þróun starfsemi Kórsins þar sem vilji var til að nýta rými sem nú standa

ónotuð, m.a. undir kennslustofur og menningarstarfsemi. Hópurinn komst að þeirri niðurstöðu að brýn þörf væri á aukinni aðstöðu fyrir kennslu en aðstaða fyrir bókasafn og menningarmiðstöð er enn í skoðun.

Stöðugt er unnið að viðhaldi menningar-mannvirkja í Kópavogi. Bókasafnið hefur tekið stakkaskiptum undanfarin ár og er stefnt á að breytingum á 2. og 3. hæð hússins ljúki árið 2022. Tæknibúnaður Salarins hefur verið stórefldur og endurnýjaður og breytingar voru gerðar á fyrstu hæð Gerðarsafns, en þar hóf Reykjavík Roasters starfsemi sína á árinu.

Unnið var að úttekt útilistaverka í bæjarlandslaginu og ástandsskýrsla lögð fram og kynnt fyrir lista- og menningarráði.

SAMSTARF

Forstöðumenn menningarmála á höfuðborgarsvæðinu funduðu nokkrum sinnum á árinu og talsvert oft með Almannavörnum vegna nýrra reglugerða um samkomutakmarkanir. Á fundunum var kappkostað að stilla saman strengi innan sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, bæði hvað varðaði opnunartíma, fjöldatakmarkanir og veitingasölu.

ÚTGÁFUSTARFSEMI

Sameiginleg ársskýrsla menningarmála-flokksins kom út í apríl og var hún 80 blaðsíður að lengd. Í september leit annað tölublað menningartímarits Kópavogsbæjar dagsins ljós og var þar að finna fjölbreytta umfjöllun um hina ólíku starfsemi málaflökksins. Blaðinu var dreift ókeypis á heimili bæjarbúa. Þá var gefin út þjónustuhandbók málaflökksins undir heitinu SAMAN sem er ætlað að bæta og samræma alla þjónustubætti menningarstofnana bæjarins. Einnig var bryddað upp á þeirri nýbreytni að láta prenta fjölrit með ljóðum sem hlutu verðlaun og viðurkenningar í samkeppninni um Ljóðstaf Jóns úr Vör og Ljóðasamkeppni grunnskóla Kópavogs.

FJÖLMENNINGARLEG ÁHERSLA

Í menningarstarfi bæjarins er lögð áhersla á að allir fái notið mannréttinda og að tryggt sé að fólk af erlendum uppruna eigi greiðan aðgang að þjónustu sem menningarstofnanir bæjarins bjóða upp á. Enn fremur að mennta- og æskulýðsstarf taki mið af þörfum barna fólks af erlendum uppruna og að þau fái notið framboðs bæjarfélagsins til jafns við önnur börn.

STEFNUMÖRKUN OG FRAMTÍÐARSÝN

Eitt af meginmarkmiðum menningarstefnu bæjarins er að menning og listir séu snar þáttur í uppeldi og kennslu barna og ungmenna í bæjarfélaginu. Sem annað stærsta bæjarfélag landsins eru skyldur lagðar á herðar þess og mikilvægt að málaflokkurinn gegni þar vissri forystu. Menningarhúsasamstæðan rennir styrkum stöðum undir fjölbreytt atvinnulíf og menningarstarf innan bæjarfélagsins og skapar bæjarfélaginu sterka og einstaka ímynd. Nánd lista- og menningarhúsa, auk nálægðar þeirra við eina vinsælustu sundlaug landsins, Kópavogslaug, er tækifæri sem hægt er að nýta til að efla ferðaþjónustu innan bæjarfélagsins.

Innan menningarmálaflökksins er lögð rík áhersla á að endurskoða starfsemina á hverjum tíma, veita framúrskarandi þjónustu, tileinka sér vandaða stjórnsýslu og standa vörð um heilsu og hag starfsmanna. Innleiðing nýrra tæknilausna og framþróun í starfi er einnig einkennandi fyrir menningarstarf bæjarins. Starfsfólk menningarmálaflökksins leggur áherslu á að meta starfsemina reglulega með það fyrir augum að gera betur.

Stöðugt er leitað leiða til að efla enn frekar faglegt samstarf við skóla og auka áherslu á fjölmenningslegu starf og samstarf út fyrir landsteinana.

Á árinu 2022 eru vonir bundnar við að þróun á nýrri menningarmiðstöð í efri byggðum verði skýrari og einnig að unnt verði að ljúka frágangi á útisvæði við vesturenda Gerðarsafns. Þá er stefnt að því að ný heimasíða fyrir allar menningarstofnanir bæjarins, auk málaflökksins í heild sinni, líti dagsins ljós um mitt árið.

LISTA- OG MENNINGARRÁÐ

Lista- og menningarráð fer með og mótar menningarstefnu bæjarins, samkvæmt erindisbréfi. Ráðið er kosið af bæjarstjórn í upphafi kjörtímabils og veitir faglega ráðgjöf í málaflokknum. Ráðið sér jafnframt um árlega útnefningu bæjarlistamanns og heiðurslistamanns þegar það á við og úthlutar styrkjum úr lista- og menningarsjóði samkvæmt þeim reglum sem það hefur sett sér og samþykktar hafa verið í bæjarstjórn. Fundir ráðsins árið 2021 voru 14 talsins.

Ráðstöfunarsjóður lista- og menningarráðs árið 2021 var kr. 39.270.300 og hækkaði ekki á milli ára.

KJÖRNIR

- D Karen Elísabet Halldórsdóttir, formaður
- C Auður Sigrúnardóttir
- D Guðmundur Gísli Geirdal
- S Margrét Tryggvadóttir
- B Páll Maris Pálsson
- P Vigdís Ásgeirsdóttir (áheyrnarfulltrúi)

TIL VARA

- C Bergþór Skúlason
- B Björg Baldursdóttir
- P Hákon Helgi Leifsson
- D Margrét Friðriksdóttir
- S Þóra Marteinsdóttir
- D Örn Thorstensen

- B Framsóknarflokkurinn
- C Björt framtíð og Viðreisn
- D Sjálfstæðisflokkurinn
- P Piratar
- S Samfylkingin



Frá sýningu Vatnsdropans í Gerðarsafni

MENNING Í KÓPAVOGI

Lista- og menningarráð ber ábyrgð á menningarstefnu Kópavogsbæjar. Menningarstefnan var samþykkt í maí 2015 og nær til alls lista- og menningarstarfs á vegum bæjarins. Stefnunni er m.a. ætlað að stuðla að markvissari ákvörðunum og betri nýtingu fjármagns, en einnig að að auka lífsgæði bæjarbúa, styrkja bæjarbrag og laða að nýja íbúa og innlenda sem erlenda gesti. Aðgerðaáætlun sem fylgir stefnunni er yfirfarin reglulega. Stefnunni er skipt upp í átta lykilvergáttir og eru sett fram markmið og leiðir til að ná þeim:

- Að vekja athygli á menningarstarfi í Kópavogi.
- Að nýta betur tækifærin sem felast í nálægð Menningarhúsanna.
- Að efla næsta nágrenni.
- Að sækja á ný mið.
- Að efla tengingar og samtal við grasrótina.
- Að tengjast skólasterfi í bænum.
- Að móta sérstöðu.
- Að samnýta starfskrafta betur.

Undir lok árs 2021 hófst endurskoðun á menningarstefnu Kópavogs í samræmi við nýjar áherslur í stefnumótun Kópavogsbæjar þar sem heildarstefna bæjarins er höfð til hlíðsjónar og m.a. unnið út frá innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og stefnumiðaðri fjárhagsáætlunargerð.

FRAMLAG TIL MENNINGARMÁLA

Hlutverk lista- og menningarsjóðs er að efla lista- og menningarlíf í Kópavogi, styrkja starf menningarstofnana bæjarins, framfylgja menningarstefnu Kópavogsbæjar, skapa vettvang fyrir fjölbreytt menningar- og listalíf og stuðla að fræðslu og miðlun lista og vísinda.

Ráðið stýrir sjóði sem ætlað er að verja til kaupa á listaverkum, launa bæjarlistamanns Kópavogs og útnefningar heiðurslistamanns. Einnig rennur fé úr honum til ljóðahátíðarinnar Ljóðstafur Jóns úr Vör, til almennrar lista- og menningarstarfsemi í bæjarfélaginu og til árlegra styrkveitinga til einstaklinga, hópa og stofnana.

Styrkúthlutunir úr sjóðnum eru árlegar en einnig er unnt að sækja um skyndistyrki. Meðal þeirra sem lista- og menningarráð veitir styrki til úr sjóði sínum eru einstaklingar, listhópar, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir, en einnig til almennrar menningarstarfsemi eða verkefna á sviði lista, hönnunar eða arkitektúrs, sem eru í samræmi við menningarstefnu Kópavogsbæjar og úthlutunarreglur sjóðsins.

ÁRSSKÝRSLA 2021 OG STARFSÁÆTLUN 2022

Úthlutun úr sjóði lista- og menningarráðs 2021

Alls 59 umsóknir bárust lista- og menningarráði Kópavogs í sjóð sem ráðið úthlutar úr árlega og hlutu þrettán umsækjendur styrk úr sjóðnum. Sjóðurinn hefur yfir að ráða rúmum fimmtíu milljónum króna og er markmið hans að stuðla að eflingu menningar- og listalífs í Kópavogi. Hæsta framlagið hlutu hönnunarverkefnið ÞYKJÓ og listamannarýmið Midpunkt eða 4.000.000 kr. hvor, en tilkynnt var um úthlutanir við afhöfn sem fram fór í Gerðarsafni föstudaginn 15. janúar 2021.

Hönnuðir ÞYKJÓ voru staðarlistamenn í Kópavogi árið 2021 og unnu á þeim tíma að þverfaglegu rannsóknar- og hönnunarstarfi fyrir börn og fjölskyldur þeirra í samvinnu við Gerðarsafn, Salinn, Náttúrufræðistofu Kópavogs og Bókasafn Kópavogs. ÞYKJÓ sérhæfir sig í búningum, insetningum og listasmíðjum fyrir börn en innan vébanda hópsins eru barnamenningarhönnuður, textílhönnuður, búninga- og leikmyndahönnuður, arkitekt og klæðskerameistari.

Midpunkt er metnaðarfullt og framsækið listamannarými við Hamraborg sem starfrækt hafði verið með fjölbreyttri og áhugaverðri sýninga- og viðburðadagskrá í rúmlega tvö ár, af þeim Ragnheiði Sigurðardóttur Bjarnarson og Snæbirni Brynjarssyni, og skipað sér algera sérstöðu í innlendu listalífi.

Einnig var 1.500.000 kr. styrkur veittur til þeirra Aðalbjargar Árnadóttur, Elísabetar Jónsdóttur, Rannveigar Bjarnadóttur og Snorra Hrafns Hallssonar fyrir Flanerí Kóp sem er hljóðvarp um sögu og samtíma Kópavogs.

Aðrir sem fengu úthlutað voru eftirfarandi:

600.000 kr.

- Sólfína fyrir jazztónleikaröð Sunnu Gunnlaugsdóttur í Salnum.
- Aude Maina Anne Busson fyrir Manndýr, þáttökusviðslitaverk fyrir börn.

330.000 kr.

- Stílvopnið-valdefling og sköpun ehf. fyrir Hetjuferðina í Bókasafni Kópavogs, ritlistasmíðjur fyrir ungmenni og eldri borgara.

300.000 kr.

- Ásgeir Jón Ásgeirsson fyrir Þjóðlagasextett.
- Karlakór Kópavogs fyrir Kópavogstóna, sönglög með rætur í Kópavogi, útsett fyrir karlakór.
- Kvinnakór Kópavogs fyrir vor- og jólatónleika.
- Samkór Kópavogs.

270.000 kr.

- Elísabet Waage og Laufey Sigurðardóttir fyrir fiðlu- og hörputónleika.

250.000 kr.

- Þórður Steingrímur Guðmundsson fyrir myndgreiningarfundu á Héraðsskjalasafni Kópavogs.
- Dansgarðurinn fyrir tvær sýningar á The Mall eftir Sögu Sigurðardóttur í flutningi Forward í Smáralindinni.

150.000 kr.

- Wioleta Anna Ujazdowska fyrir blómaverk úr plasti unnið með grunnskólabörnum.

Á árinu 2021 veitti lista- og menningarráð Leikfélagi Kópavogs styrk að upphæð tæpra 6,2 milljónir króna í formi húsnæðiskostnaðar. Þá veitir lista- og menningarráð bæjarlistamanni árlega styrk að upphæð 1,5 milljónir króna.

Í anda menningarstefnu Kópavogsbæjar styður ráðið enn fremur eflingu viðburðadagskrár menningarhúsanna með 13.650.000 kr. framlagi. Meðal þeirra viðburða eru Fjölskyldustundir á laugardögum, Barnamenningarhátíð, Safnanótt, Menning á miðvikudögum, Adventuhátíð Kópavogs, fjölmenningsviðburðir og Menning fyrir alla sem er heiti á skipulagðri fræðsludagskrá fyrir nemendur í leik- og grunnskólum sem boðið er upp á í öllum Menningarhúsum. Kópavogsbær úthlutaði rúmum 14 milljónum króna til 17. júní- og sumarhátíðahalda bæjarins sem starfsfólk menningarmála skipulagði.

Þá samþykkti ráðið að veita sérstaka styrki til einstakra menningarverkefna að upphæð 12.986.000 kr.

Gerðarsafn
Listaverkakaup 3.500.000
Gerðarverðlaun 1.000.000

Salurinn
Tíbrá 3.500.000
Sumarjazz 600.000
Tónskáldaverkefni 1.386.000

Alþjóðlegt samstarfsverkefni
Vatnsdropinn 3.000.000

Bæjarlistamaður Kópavogs

Lista- og menningarráð velur árlega bæjarlistamann Kópavogsbæjar. Sunna Gunnlaugsdóttir, jazzpíanisti og tónskáld, var valin bæjarlistamaður Kópavogs 2021 við látláusa athöfn í Salnum 21. maí þar sem hún lék nokkur verk á píanóið. Styrkupphæð bæjarlistamanns er 1,5 milljón króna. Hluta styrksins ver bæjarlistamaður til viðburða fyrir Kópavogsbúa og að þessu sinni setti bæjarlistamaður saman jazztónleikasýningu ásamt þremur öðrum tónlistarmönnum fyrir unglíngastig grunnskólans og bauð einnig upp á sömu dagskrá fyrir almenning, en viðburðir færðust til ársins 2022 vegna samkomutakmarkana árið 2021. Sunna var einnig fengin til að útsetja lag Ingibjargar Þorbergs, Hin fyrstu jóla við ljóð Kristjáns frá Djúpalæk, fyrir jólakveðju Kópavogsbæjar 2021 en hljómsveit skipuð Margréti Eir, Leifi Gunnarssyni og Scott McLemore, flutti ásamt Sunnu í myndbandi sem tekið var upp í Salnum í desember 2021.



Bæjarlistamaður Kópavogs 2021.

REKSTUR OG MANNAUÐSMÁL

Innan málaflokksins er lögð áhersla á hagkvæmni í rekstri á sama tíma og leitast er við að uppfylla metnaðarfull markmið menningarstefnunnar. Árið 2021 nam launakostnaður 46% af rekstrargjöldum ársins og var 18% hækkun á launakostnaði á milli ára. Rekstrartekjur hækkuðu jafnt á við rekstrargjöld, eða um 8% á milli árána 2020 og 2021. Salurinn var með 9% hlutdeild af tekjum málaflokksins sem líkt og árið 2020 er lægra en undanfarin ár sökum samkomutakmarkana vegna Covid-19. Áætlað er að tekjur Salarins nái 20% hlutdeild árið

2022. Líkt og 2020 var Náttúrufræðistofa með hæsta prósentuhlut í tekjum ársins, eða 12% sem er þremur prósentustigum hærra en áætlað var. Gerðarsafn var með 10% hlutdeild af tekjum málaflokksins sem er langt umfram áætlun 2020 enda hefur safnverslun Gerðarsafns náð góðu flugi á árinu.

REKSTUR MENNINGARMÁLA 2021

	Rekstrar- niðurstaða 2021	Áætlun 2021	Rekstrar- niðurstaða 2020	Rekstrar- niðurstaða 2019
Menningarmál yfirstjórn	68.525.677	64.005.877	59.032.629	94.204.488
Bókasafn Kópavogs	225.715.978	212.778.705	207.530.717	199.330.244
Lindasafn	35.358.336	37.644.899	24.112.007	24.792.507
Héraðsskjalasafn	56.225.670	62.725.061	51.798.337	47.805.475
Gerðarsafn	140.648.366	129.219.038	142.305.660	121.913.531
Náttúrufræðistofa	80.564.921	73.716.776	76.538.580	74.288.843
Salurinn	76.176.121	66.355.236	61.826.123	68.212.219
Safnahús sameiginlegt	-185.870		-478.388	867.625
Listasafn kaffitería	1.037.362		-489.200	189.981
Lista- og menningarráð	48.739.959	48.739.817	55.054.680	53.425.155
Leikfélög	9.402.273	12.749.596	7.421.071	7.312.335
17. júní	3.122.221	3.274.154	3.062.585	0
Sumarhátíðir	11.000.959	10.855.452	4.383.097	0
Jól og áramót	19.784.022	28.540.000	24.431.225	0
Rekstrarniðurstaða	776.115.995	750.604.611	716.529.123	692.342.403

ÁRSSKÝRSLA 2021 OG STARFSÁÆTLUN 2022


	Rekstrarniðurstaða 2020	Rekstrarniðurstaða 2021	Áætlun 2021	Áætlun 2022
Tekjur				
Rekstrartekjur	-178.527.665	-192.696.556	-178.506.118	-185.712.234
Gjöld				
Laun og launatengd gjöld	378.709.195	445.982.277	390.271.192	430.411.378
Annar rekstrarkostnaður	516.347.593	522.800.274	538.839.610	547.130.410
Rekstrargjöld	895.056.788	968.782.551	929.110.728	977.541.788
Rekstrarniðurstaða	716.529.123	776.085.995	750.604.610	791.829.554

	Áætlaðar tekjur 2022	Áætluð laun og launatengd gjöld 2022	Áætlaður annar rekstrarkostnaður 2022	Áætluð rekstrarniðurstaða 2022
Menningarmál yfirstjórn	-	46.733.042	19.497.820	66.230.862
Bókasafn Kópavogs	-12.735.000	154.697.572	89.317.547	231.280.119
Lindasafn	-950.000	25.048.360	16.723.988	40.822.348
Héraðsskjalasafn	-855.000	39.675.337	19.664.802	58.485.139
Gerðarsafn	-7.724.000	52.016.679	102.698.949	146.991.628
Náttúrufræðistofa	-16.570.770	59.347.406	32.509.559	75.286.195
Salurinn	-36.256.776	44.407.373	62.222.594	70.373.191
Safnahús sameiginlegt	-110.620.688	500.000	110.120.688	0
Listasafn kaffitería	0	0	0	0
Lista- og menningarráð	0	7.985.609	44.270.300	52.255.909
Leikfélög	0	0	6.749.596	6.749.596
17. júní	0	0	3.274.155	3.274.155
Sumarhátíðir	0	0	10.855.452	10.855.452
Jól og áramót	0	0	29.224.960	29.224.960
Rekstrarniðurstaða	-185.712.234	430.411.378	547.130.410	791.829.554

STARFSMENN OG STÖÐUGILDI 2021


	Stöðugildi	Fastir starfsmenn	Starfsmenn í tímavinnu
Bókasafn Kópavogs	12,55	14	8
Lindasafn	1,75	2	3
Héraðsskjalasafn	3	3	1
Náttúrufræðistofa	6,23	5	3
Gerðarsafn	3,3	4	4
Stjórn menningarmála	3	3	1
Salurinn	3,5	4	8
Samtals	33,33	35	28

ÁÆTLUÐ SKIPTING GJALDA 2022



A	11%	Salurinn
B	5%	Jól og áramót, 17. júní og sumarhátíðir
C	7%	Stjórn menningarmála
D	24%	Bókasafn Kópavogs
E	4%	Lindasafn
F	12%	Safnahús sameiginlegt
G	7%	Héraðsskjalasafn
H	10%	Náttúrufræðistofa
I	14%	Gerðarsafn
J	5%	Lista- og menningarráð
K	1%	Leikfélög

ÁÆTLUÐ SKIPTING TEKNA 2022



A	20%	Salurinn
B	7%	Bókasafn Kópavogs aðalsafn
C	1%	Lindasafn
D	60%	Safnahús sameiginlegt
E	9%	Náttúrufræðistofa
F	3%	Gerðarsafn

MANNAUÐSMÁL

Hjá Menningarhúsunum í Kópavogi starfar öflugur og hæfileikaríkur hópur starfsmanna, sem telur á bilinu 55-60 manns í númlega 33 stöðugildum. Mikilvægt er að hlúa vel að mannaúði menningarmálflokksins og búa starfsmönnum jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi sem gerir þeim kleift að njóta sín í starfi og styrkja sig í sessi með reglubundinni símenntun og fræðslu. Áhersla hefur verið lögð á að efla stjórnendur í hlutverkum sínum og byggja undir menningu sem einkennist af jákvæðum samskiptum, valdeffingu, viðurkenningu og vellíðan. Því hefur m.a. verið mætt með árvissum starfsmannasamtölum auk símenntunar- og fræðsludagskrár. Forstöðumenn og verkefnastjórar menningarmála funduðu að jafnaði einu sinni í viku á árinu 2021. Einnig fundaði forstöðumaður menningarmála að jafnan með hverjum og einum þeirra viku- eða hálfsmánaðarlega.

Fyrir tilstuðlan átaks Vinnuálastofnunar var annað árið í röð hægt að ráða til starfa fjóra sumarstarfsmenn, þvert á menningarhúsin, sem mótuðu og stýrðu öflugri sumardagskrá og námskeiðum fyrir börn með frábærum árangri. Auk þess voru ráðnir starfsmenn til að aðstoða við 17. júní hátíðahöldin og starfsmenn fyrir Midpunkt og Y gallerí.

Stytting vinnuvikunnar tók gildi hjá Kópavogsbæ í janúar og fól það í sér í meginráttum að starfsmenn taka styttingu út á föstudögum, nema um annað sé samið.

Árið 2021 voru starfsmannafundir málflokksins sem hér segir:

8/1 **Árelía Eydís Guðmundsdóttir**

Teams fundur um breytingastjórnun

19/2 **Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir**

Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir fjallaði um hugmyndavinnu, barnabókaskrif, myndasögugerð og jákvæð áhrif sjónvarpsgláps.

9/4 **Þjónustunámskeið - 1. hluti í Salnum**

Þjónustunámskeiðaröð var kynnt og hlustað saman á 1. fyrirlesturinn: Þjóðerni og þjónusta - Góð ráð í samskiptum við erlenda gesti. Á námskeiðinu var fjallað um ýmis atriði sem gott er að hafa í huga þegar tekið er á móti erlendum gestum. Á námskeiðinu voru dregin fram atriði sem geta einkennt þjóðir til að hægt sé að undirbúa komu þeirra af kostgæfni.

30/4 **Þjónustunámskeið - 4. hluti í Salnum**

Lísa Zachrison Valdimarsdóttir, forstöðumaður Bókasafns Kópavogs, og Harpa Rós Guðmundsdóttir verkefnastjóri kynntu og fóru yfir niðurstöður úr þjónustunámskeiðunum sem starfsfólk hafði sótt vikurnar á undan. Rætt var hvernig menningarstofnanir bæjarins geti náð settum markmiðum hvað varðar framúrskarandi þjónustu.

Einnig var boðið upp á fyrirlestur með Bergþóri Ólafssyni sem ber heitið Betri í dag en í gær. Bergþór fór yfir það hvernig einstaklingar geta axlað ábyrgð á eigin lífi og náð markmiðum sínum.

18/6 **Í Salnum**

Pizza og samhristingur fyrir starfsfólk og nýtt sumarstarfsfólk boðið velkomnið.

27/8 **Í Salnum**

Dóra Jóhannsdóttir frá Improv Ísland var með fyrirlestur um hvernig spuni getur virkað sem samskiptatól á vinnustað, farið var yfir haustdagskrá og nýtt útlit MEKÓ og boðið upp á léttan morgunverð.

17/9 **Hautferð Menningarhúsanna**

17/12 **Jólahittingur Menningarhúsanna.**

Tónlistatriði frá Kammerkórnum Huldur.

MENNING Í KÓPAVOGI

VIÐBURÐIR, FRÆÐSLA OG KYNNINGARSTARF

MEKÓ býður upp á viðburðaraðirnar Fjölskyldustundir á laugardögum, Menningu á miðvikudögum og Foreldramorgna á fimmtudögum. Menningarhúsin skiptast á að bjóða upp á viðburði innan þessara raða sem fara fram vikulega á tímabilinu september til maí. Hægt er að ganga að ókeypis gæðaviðburðum í viku hverri en dagskráin miðar ávallt að grunnstarfsemi hvers húss.

Auk þess eru Ljóðstafur Jóns úr Vör, Vetrarhátíð í Kópavogi, Barnamenningarhátíð í Kópavogi, 17. júní og Aðventuhátíð Kópavogs mikilvægir liðir í starfsemi húsanna en vegna Covid-19 faraldursins var hvorki hægt að bjóða upp á Barnamenningarhátíð né Aðventuhátíð með venjulegu sniði 2021.

Viðburðateymi MEKÓ skipuleggur alla viðburði með löngum fyrirvara, en teymið skipa fulltrúar frá hverri stofnun, verkefna- og viðburðastjóri menningarmála og markaðs- og kynningarstjóri menningarmála.

Menningarhúsin standa einnig sameiginlega að fræðsludagskrá fyrir skólabörn með yfirheitinu Menning fyrir alla.

VATNSDROPINN

Fjölskyldustundir á laugardögum

Vatnsdropinn er víðamesta menningarverkefni sem Kópavogsbær hefur staðið fyrir, en um er að ræða alþjóðlegt menningarsamstarf Kópavogsbæjar, H.C. Andersen safnsins í Danmörku, Múminálfasafnsins í Finnlandi og Ilons Wonderland safnsins í Eistlandi. Verkefnið er unnið að frumkvæði forstöðumanns menningarmála í Kópavogi og nær til ársins 2023. Markmið þess er margþætt en þar er lagður grundvöllur að nýrri aðferðafræði sem gerir börnum kleift að vera virkir sýningarstjórar og gerendur í mótun menningardagskrár og -viðburða fyrir þau. Hugmyndafræði Vatnsdropans felst í að tengja gildi þjóðþekkttra ævintýra og sagna við heimsmarkmið SP og Barnasáttmála SP, sem eru leiðandi í stefnumótun Kópavogsbæjar. Verkefnið hófst árið 2019 og hefur hlotið styrki frá Norrænu ráðherranefndinni, Norræna menningarsjóðnum, Nordplus og Nordplus Horizon, Nordisk kulturfund, Barnamenningarsjóði, Erasmus plus og Lista- og menningarráði Kópavogs.



Starfshópur menningarstefnu Kópavogs.

ÁRSSKÝRSLA 2021 OG STARFSÁÆTLUN 2022

HEILDARGESTIR 2021

	Fjöldi gesta 2018	Fjöldi gesta 2019	Fjöldi gesta 2020	Fjöldi gesta 2021
Bókasafn Kópavogs	158.025	171.813	101.036	114.184
Gerðarsafn	33.132	48.679	35.974	41.636
Héraðs-skjalasafn	1.019	1.043	281	243
Náttúru-fræðistofa	19.109	26.243	12.465	16.993
Salurinn	28.767	31.707	12.534	17.266
Heildarfjöldi gesta	240.052	279.485	162.290	190.322

Ungir sýningarstjórar

Stærsta verkefni Vatnsdropans árið 2021 var Ungir sýningarstjórar. Haustið 2020 var auglýst eftir þátttakendum á aldrinum 8-15 ára í hverju samstarfslandi fyrir sig og unnu ungmennin í samstarfi á milli landa í gegnum fjarfundabúnað. Salvör Gullbrá Þórarinsdóttir hélt utan um verkefnið á Íslandi en ungu íslensku sýningarstjórar voru þær Freyja Lóa Sigríðardóttir, 10 ára í Kópavogsskóla, Íva Jovisic, 13 ára í Hörðuvallaskóla, Lóa Arias, 10 ára í Kársnesskóla, Fjóla Kristín Sveinbjörnsdóttir, 12 ára í Vatnsendaskóla og Vígðís Una Tómasdóttir, 10 ára í Kársnesskóla.

Áhersla Vatnsdropans 2021 var 14. heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, Líf í vatni, í tengslum við hinar norrænu klassísku barnabókmenntir og var það gegnumgangandi þema í starfi ungu sýningarstjóraranna.

Sjórinn er fullur af góðum verum. Sjórinn er fullur af rusli!

Útkoman úr starfi sýningarstjóraranna 2021 var sýningin Sjórinn er fullur af góðum verum. Sjórinn er fullur af rusli! sem opnaði í Gerðarsafni 19. júní, að viðstöddum forseta Íslands. Sýningin hlaut mikið lof og stóð yfir til 31. október sama ár. Alls komu 3.800 gestir á sýningu Vatnsdropans auk viðburða og námskeiða tengdum verkefnum. Hægt er að sjá sýninguna á heimasíðu verkefnisins, vatnsdropinn.is.

Í tengslum við sýninguna var boðið upp á ýmis námskeið og verkefni:

- Sumarspírur MEKÓ héldu m.a. utan um námskeið í júlí og ágúst í tengslum við sýningu Vatnsdropans. Meginmarkmið námskeiðanna var að valdefla börn og hvetja þau til að skapa í gegnum listir og vísindi. Þau skrifuðu sögur, smíðuðu hljóðfæri úr endurunnu efni, sömdu tónlist, æfðu frásagnalistina og útbjuggu neðansjárheim, svo fátt eitt sé nefnt.



Ungir sýningastjórar Vatnsdropans 2020-2021.

- 5. bekkingum í grunnskólum Kópavogs var boðið á ritsmiðjur í tengslum við Vatnsdropann og voru þær haldnar í september og október. Þeir Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson og Aðalsteinn Emil Aðalsteinsson voru ritstjórar ritsmiðjanna. Gefið var út smásöguhefti með völdum sögum úr ritsmiðjunni.
- Upplstrarhátíð var haldin 23. og 30. október í Gerðarsafni þar sem þátttakendur úr Stóru upplstrarkeppninni lásu úr sögum Tove Jansson, Astrid Lindgren og H.C. Andersen. Umsjónaraðilar upplstrarhátíðarinnar voru rithöfundarnir Gerður Kristný, Bergrún Íris Sævarsdóttir og Rut Guðnadóttir.

Nýir ungir sýningarstjórar

Auglýst var eftir ungum sýningarstjórum fyrir næsta áfanga Vatnsdropans í nóvember og desember og var ákveðið að stækka hópinn. Nitján börnum var boðin þátttaka en þeirra vinna fer fram á næsta ári og snýst um að skapa Vatnsdropahátíð í tengslum við Dag jarðar, 22. apríl. Aðferðafræði vinnunnar er að hinir ungu sýningarstjórar finni sér málefni og miðil og vinni að verkefnum til sýningar á Vatnsdropahátíðinni.

Ráðstefna Vatnsdropans

Ráðstefna Vatnsdropans var haldin í Kópavogi 26. – 29. október með fulltrúum frá öllum samstarfssöfnunum. Þar var farið yfir niðurstöður fyrsta árs verkefnisins og lagður grunnur að aðferðafræði Vatnsdropans ásamt verkefnum ungra sýningarstjóra árið 2022.

Móttökur

Móttaka var fyrir kennara í grunnskólum Kópavogs þar sem Vatnsdropinn var kynntur, sem og þau verkefni sem boðið var upp á þann veturinn. Einnig var móttaka fyrir fjölskyldu Tove Jansson sem stóð var á landinu í október og sáu Ungir sýningarstjórar um leiðsögn um sýninguna við mikinn fögnuð viðstaddra sem hrósuðu þeim í hástert fyrir vel unnin störf.

ÞYKJÓ

Staðarlistamenn Kópavogs 2021

Samtal á milli ólíkra listgreina og náttúruvísinda er eitt af því sem gerir Menningarhúsin í Kópavogi einstök og því var það mikill happafengur þegar hönnuðir ÞYKJÓ fengu styrk upp á fjórar milljónir frá Lista- og menningarráði Kópavogsbæjar til að sinna hlutverki staðarlistamanna og þróa innsetningar fyrir húsin. Starf teymisins byggir á djúpu samtali við vísindamenn og þverfaglegri nálgun og hópinn hefur markað sér algera sérstöðu á sviði upplifunarhönnunar fyrir börn en Menningarhúsin hafa lagt metnað sinn í að vera fjölskylduvænir áfangastaðir.

Yfirskrift verkefnisins var „með augun í Náttúrufræðistofu, eyrun í Salnum og hryggjarstykkið í Gerðarsafni“. Titillinn vísar til þess hvernig unnið er með ólík skynfæri manna og dýra í hverju húsi fyrir sig, sem tengjast þó saman í eina lífræna heild. Verkefnið hverfðist um að fá börn til að sjá heiminn með augum annarra dýrategunda, og hvatti þau líka til að staldra við og kynna dýrinu í sjálfum sér.

Mikill fjöldi barna og fjölskyldna nutu ævintýralegra verka ÞYKJÓ sem munu lifa áfram í menningarstofnunum bæjarins sem hafa eignast tvö Kyrrðarrými (sem standa í Gerðarsafni og á Bókasafni), heilbúninga úr búningalínunni Ofurhettur jarðar, Krakkahreiddur og Tónegg; allt einstakar og dýrmætar hönnunarvörur úr smíðju ÞYKJÓ.

ÞYKJÓ skipa Sigríður Sunna Reynisdóttir, Ninna Þórarinsdóttir, Erla Ólafsdóttir og Sigurbjörg Stefánsdóttir. Hópurinn var tilnefndur til Hönnunarverðlauna Íslands 2021 og er ekki að efa að starf þeirra og sýningar í Menningarhúsunum í Kópavogi hafi átt sinn þátt í tilnefningunni.

Sýningar á vegum ÞYKJÓ

4/2 - 20/3

Skriðum inn í skel

Á innsetningunni Skriðum inn í skel, í fræðslurými Gerðarsafns, tefldu hönnuðir ÞYKJÓ fram litlum líkönum, í skalanum 1:5, af „Kyrrðarrýmum“ sem eru innblásin af skjaldbökkum, sniglum, kuðungum og fleiri skeldýrum og Sóley Stefánsdóttir tónlistarkona skóp hljóðheiminn. Safngripum úr eigu Náttúrufræðistofu Kópavogs var stillt upp í sama rými sem skapaði samtal við lítil líkón Gerðar Helgadóttur af skúlptúrum sínum sem minna einmitt á kuðunga, spírala og kúpla. Á stöku stað mátti sjá litla tindata og ýmsar fígúrur sem beindu sjónum gesta að því hvernig lítið getur orðið stórt og stórt verður lítið.

Sýning opnaði á Vetrarhátíð.

19/5 - 6/6

Kyrrðarrými

Þrjú Kyrrðarrými voru til sýnis í Gerðarsafni á sýningu sem opnaði á Hönnunarmars. Kyrrðarrými er ný íslensk hönnunarvara ÞYKJÓ fyrir börn og foreldra til að skapa ró og næði í dagsins önn; hugsuð sem húsgögn á heimilum sem og innsetningar á bókasöfnum, menningarhúsum og opinberum stofnunum. Hugað er að loftgæðum, birtu og hljóðvist við hönnun rýmanna. Kyrrðarrýmin eru innblásin af skeldýrum á borð við kuðunga, snigla og skjaldbökur og eru framhald af þeirri rannsóknarvinnu sem hófst með búningnum „Feludýrinu“ sem var kynntur á HönnunarMars 2020. Kyrrðarrýmin eiga í formfræðilegu samtali við höggmyndir Gerðar Helgadóttur sem sjá mátti í fræðslurými Gerðarsafns.

Sýning opnaði á HönnunarMars.

19/5 - 6/6

Fuglasöngvar

Hönnuðir ÞYKJÓ unnu með Sóleyju Stefánsdóttur að verkefnum Fuglasöngvar í Salnum. Í björtum forsalnum gátu krakkar hreiðrað um sig í Krakkahreiddurum sem ofin voru í samstarfi við leikskólabörn af Marmakka og Blindravinnustofu og uppgötvað hljóð og tóna sem leynast í svokölluðum Tóneggjum. Þar mátti líka finna fjölbreytt hreiður og egg frá Náttúrufræðistofu Kópavogs og bronsskúlptúra eftir Gerði Helgadóttur sem minntu allt í senn á hreiður, egg og fljúgandi fugla.

Sýning opnaði á HönnunarMars.

MENNING Í KÓPAVOGI

ÁRSSKÝRSLA 2021 OG STARFSÁÆTLUN 2022



Frá sýningunni Skriðum inn í skel.

19/5 - 6/6

Ofurhetjur jarðar

Ofurhetjur jarðar er fyrsta búningalína ÞYKJÓ í þróun, innblásin af mögnuðum eiginleikum dýra úr ólíkum vistkerfum. Búningarnir eru hannaðir með það í huga að þeir passi börnum af ólíkum stærðum og gerðum. Verkefnið hverfist um að fá börn til að sjá heiminn með augum annarra dýrategunda og hvetur þau líka til að staldra við og kynnst dýrinu í sjálfu sér. Efnið voru valin út frá því hvernig þau hreyfast í leik, til að örva hreyfifroska, sem og hvernig þau eru viðkomu til að virkja snertiskyn. Við gerð búninganna var hugað að endurvinnslu og nýtingu á afskorningum sem falla til við staðbundna textílframleiðslu. Búningarnir voru kynntir með búningaleikherbergi á aðalsafni og var börnum velkomið að klæða sig í þá og bregða á leik.

Sýning opnaði á HönnunarMars.

Viðburðir á vegum ÞYKJÓ

Þykjó bauð upp á 11 viðburði í tengslum við innsetningar sínar og fór stór hluti viðburðanna fram á HönnunarMars 19.-23. maí þegar innsetningarnar voru opnaðar almenningi.

20/3 & 5/10

Gerðarsafn

Felufélagar með ÞYKJÓ - Skuggabrúðusmiðja.

19/5

Salurinn

Hönnuðir ÞYKJÓ sögðu frá verkefnum og innsetningum sem voru sýndar í Menningarhúsunum í Kópavogi á Hönnunarmars 2021.

20/5 & 6/6

Gerðarsafn

Kyrrðarstund í Kyrrðarrýmum með Melkorku Ólafsdóttur.

22/5 & 6/6

Salurinn

Fuglasöngvasmiðja með Sóleyju Stefánsdóttur

23/5

Bókasafn Kópavogs

Tvær Dansíóki-danssmiðjur með Aude Busson.

29/5

Salurinn

Ástarfuglinn og Feludýrið með Melkorku Ólafsdóttur, flautu, og Katie Buckley, hörpu. Tónleikaprógram undir áhrifum fuglasöngs og tónlist sem ætluð er til innskoðunar eða hvíldar. Leikmynd og búningar: ÞYKJÓ.

17/6 & 30/10

Útisvæði og Bókasafn Kópavogs

Grimusmiðja með ÞYKJÓ

Þann 12. apríl var rafrænn kynningarfundur á starfi ÞYKJÓ á vegum menntasviðs Kópavogsbæjar.

HÁTÍÐIR MEKÓ

Árlega bjóða menningarhúsin sameiginlega upp á fjölbreytta dagskrá á ýmsum hátíðum. Ljóðstafur Jóns úr Vör, Vetrarhátíð í Kópavogi, Safnanótt, Barnamenningarhátíð í Kópavogi, 17. júní, Haustkarnival og Aðventuhátíð Kópavogs eru þær hátíðir sem menningarmáflakkurinn stendur að og eru mikilvægir liðir í starfsemi húsanna. Vegna Covid-19 faraldursins féllu allmargar hátíðir niður en þess í stað kom þátttaka Menningarhúsanna í Hönnunarmars sem fram fór í maí 2021 og Hamraborgarfestivali sem fram fór í ágústlok. Hefðbundnar hátíðir sem hægt var að halda þrátt fyrir Covid-19 voru Ljóðstafur Jóns úr Vör og lágstemmd Vetrarhátíð.

Ljóðstafur Jóns úr Vör 2021

Ljóðstafur Jóns úr Vör var veittur 21. janúar 2021 en vegna samkomutakmarkana var viðburðurinn ekki opinn öðrum en boðsgestum sem voru í kringum 100 manns. 331 ljóð barst í keppnina að þessu sinni.

Þórdís Helgadóttir hlaut Ljóðstaf Jóns úr Vör 2021 fyrir ljóðið Fasaskipti. Í öðru sæti var Eyþór Árnason fyrir ljóðið Skritnir dagar og í þriðja sæti var Una Björk Kjerúlf fyrir ljóðið Óvænt stefnumót. Að auki hlutu sjö ljóð sérstaka viðurkenningu dómnefndar. Þar af voru þrjú ljóð eftir Eyþór Árnason, Gömul bylgjulengd, Maxím Gorkí og Vindmyllur, tvö ljóð án titils eftir Bjarna Bjarnason, ljóðið Hendur eftir Hauk Þorgeirsson og Heimsókn eftir Hjört Marteinnsson.

Við sama tilefni voru veitt verðlaun í ljóðasamkeppni grunnskóla Kópavogs en 202 ljóð bárust í þá keppni. Þar hlaut Kári Rafnar Eyjólfsson, 5. bekk Álfhólsskóla, fyrstu verðlaun fyrir ljóð sitt Englabróðir. Árelía Ísey Benediktsdóttir, 5. bekk Waldorfskólanum, hlaut 2. verðlaun og 3. verðlaun hlaut Rayan Sharifa, 8. bekk Álfhólsskóla. Sérstakar viðurkenningar hlutu Matíass Preiss, 6. bekk Waldorfskólanum, Rökkvi Valsson, 10. bekk Lindaskóla, Hildur Freyja Sigurðardóttir, 5. bekk Waldorfskólanum, Sandra Mulamuhic Alensdóttir, 10. bekk Álfhólsskóla, Evie Rós Guðmundsdóttir, 5. bekk Waldorfskólanum, Katrín Hekla Magnúsdóttir og Marcelína Lapka, 10. bekk Lindaskóla, og Bjarni Gunnlaugsson, 6. bekk Salaskóla.

Dómnefnd í báðum keppnum skipuðu Ásta Fanney Sigurðardóttir, Eiríkur Ómar Guðmundsson og Kristín Svava Tómasdóttir. Skáldin og meðlimir dómnefndar fluttu ljóð sem hrepptu verðlaun og viðurkenningar.

MENNING Í KÓPAVOGI



Þórdís Helgadóttir og Kári Rafnar Eyjólfsson.

Bryddað var upp á þeirri nýbreytni að gefa út fjölrit með sigurljóðunum og ljóðunum sem hlutu sérstaka viðurkenningu sem gestir á athöfninni fengu afhent, auk þess sem ókeypis eintök voru aðgengileg í Menningarhúsunum.

Skólakór Kársness, undir stjórn Álfheiðar Björgvinsdóttur, flutti við athöfnina gullfallegt, nýtt lag Ingibjargar Ýrar Skarphéðinsdóttur við ljóð Jóns úr Vör, Desember og var lagið pantað sérstaklega fyrir athöfnina af Kópavogsbæ. Ingibjörg var beðin um að semja lag við ljóð að eigin vali eftir Jón úr Vör en hafði að öðru leyti frjálssar hendur.

Töluverð umfjöllun var um Ljóðstaf Jóns úr Vör líkt og endranær og viðtöl við Þórdísi birtust í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu og Jórunn Sigurðardóttir ræddi við hana í þættinum Orð um bækur.

Fasaskipti eftir Þórdísi Helgadóttur

Ég elska börnin mín og börnin sem börnin mín Elska og börnin sem elska börnin mín. Þau keyra kuldaskó í gegnum ísinn þegar Tjörnina hefur lagt. Þau elska að beita affli. Brjóta flísar úr ísingunni og halda þeim upp að Andlitinu. Ég sé þau út um gluggann, saltsleikt Auga hússins. Þau sjá mig gegnum tært gler. Ljósugul skíma og svo dimmir. Þannig er tíminn Skorinn í sneiðar, hvítar og svartar, skiptingin Ekki bróðurleg frekar en á öðrum gæðum. Frostið herðir á aðgreiningunni milli heima Og breytir lygum í sannindi. Gerir göngubrú úr Svokölluðu yfirborði vatnsins. Ef falskir botnar fela Eitur eða fjársjóði, hvað felur þá falskt yfirborð? Börnin en ekki ég treysta gljúpri himnunni Yfir handanheiminum þar sem andardrátturinn Rennur í öfuga átt. Enda er stutt síðan þau komu Í gegn, önduðu hringöndun meðan þau drukku, Fljótandi fæði úr sykurbjósti. Þau bíta í rendurnar Bryðja glerbjóstsykur, stolt af styrk sínum. Í barnatennur vantar taugarnar fyrir tannkul. Það blómstrar ætíðistill í eldhúsglugganum. Enginn elskar veturinn eins og börnin mín.

ÁRSSÝRSLA 2021 OG STARFSÁÆTLUN 2022

Englabróðir eftir Kára Rafnar Eyjólfsson

Stóri bróðir ég sakna þín. Eitt það sem ég þrái heitast er bara að sjá þig, bara einu sinni alla vega. En ég veit að þú ert alltaf hjá mér og gætir mín í gegnum skýin.

Nú værir þú tólf ára, tveimur árum eldri en ég. Þú myndir gæta mín samt, þótt við hefðum fengið að vera hér samtímis. En nú gerir þú það í gegnum skýin.

Það er skritin tilfinning að sakna þín án þess að hafa hitt þig. Mér finnst ég hafa hitt þig í gegnum minningar þeirra sem þekktu þig best og við elskum báðir.

Þú hést Rafn, ég heiti Rafnar því ég gæti krummans þíns.

Vetrarhátíð í Kópavogi

Tilfinningaþrungin barokktónlist, ástarsaga um mosa og íslensk þjóðlög í seiðandi útsetningum voru á meðal þess sem njóta mátti á Vetrarhátíð sem fram fór víðs vegar um Kópavog dagana 4.-7. febrúar. Í ljósi samkomutakmarkana var áhersla á viðburði undir berum himni og viðburði fyrir fámenna áheyrendahópa, en öllum fyrirmælum um sóttvarnir og fjöldatakmark var fylgt í hvívetna.



Galleri Göng á Vetraráttíð 2021.

Í Lýðheilsuhúsi (gamla Hressingarhælinu) var sett upp verkið Mosi og ég; Ástarsaga eftir Völu Höskuldsdóttur og mosa – verk fyrir einn áhorfanda í einu dagana 6.-7. febrúar og í húsnæði Leikfélags Kópavogs var frumsýnt verkið Íslenski draumurinn, dansverk eftir Mörtu Hlín í samstarfi við FWD Youth Company – tónlist eftir Odd Kristjánsson (Sgandal) laugardaginn 7. febrúar.

Hönnunarkollektívið ÞYKJÓ og Sóley Stefánsdóttir tónlistarkona kitluðu ímyndunaraflíð með innsetningunni Skríðum inn í skel á jarðhæð Gerðarsafns og á efri hæð stóðu yfir sýningar Magnúsar Helgasonar og Ólafar Helgu Helgadóttur í Skúlptúr Skúlptúr sýningaröðinni.

Í Kópavogskirkju var sett upp sýningin Alsjáandi: Ósamþykktar skissur að altarisöflu en þar mátti sjá sýningu á tillögum Gerðar Helgadóttur að altarisöflu í Kópavogskirkju en sýningastjóri var Anna Karen Skúladóttir. Í Midpunkt í Hamraborg sýndi Jóhannes Dagsson myndlistarmaður vídeóverkið Ég veit núna / fjórar athuganir.

Kópavogskirkja var böðuð litum og ljósum föstudagskvöldið 5. febrúar og ungir vegglistamenn á vegum Molans settu upp glænýtt útgallerí, Gallerí Göng, í undirgöngunum við Hamraborg. Flanerí, nýr hljóðgönguhópur, bauð upp á hljóðvarp með áherslu á útilistaverk eftir Gerði Helgadóttur og Teresu Himmer. Við útivistarsvæði í kringum Lindasafn var sett upp ljóðaganga sem byggði á ljóðum sem nemendur Lindaskóla sendu inn í Ljóðasamkeppni grunnskóla Kópavogs.

Á útsvæðinu fyrir framan Menningarhúsin bauð Náttúrufræðistofa Kópavogs upp á fallegan ratleik fyrir alla fjölskylduna þar sem sjónum var beint að lífljómandi lífverum og hinu innra ljósi, rétt eins og á fræðslusýningunni LÍFLJÓMUN. Sæstjarna, marglytta, eldfluga og fleiri magnaðar, ljómandi lífverur birtust í teikningum Dagrúnar Guðnýjar Sævarsdóttur sem gerðar voru sérstaklega fyrir sýninguna og voru til sýnis í gluggum Náttúrufræðistofu Kópavogs. Teikningarnar sneru í báðar áttir í gluggum stofunnar og því mátti njóta sýningarinnar hvort sem var innan- eða utandyra.

Íslensk þjóðlög í seiðandi útsetningum hljómuðu í flutningi Ásgeirs Ásgeirssonar og þjóðlagasveitar hans á tónleikum á föstudagskvöldi í Salnum en fram komu auk Ásgeirs þau Sigríður Thorlacius, söngur, Matti Kallio, harmonikka, Haukur Gröndal, klarinett, Þorgrímur Jónsson, kontrabassi, Kjartan Guðnason, slagverk og Ásgeir Ásgeirsson, bouzouki og tamboura. Á síðkvöldstónleikum í Hjallakirkju á föstudagskvöldi hljómaði tilfinningaþrungin barokktónlist eftir Bach, Purcell, Monteverdi og fleiri í flutningi Þórunnar Völu Valdimarsdóttur, Hildigunnar Einarsdóttur, Gróu Margrétar Valdimarsdóttur, Júlíu Mogensen og Láru Bryndísar Eggertsdóttur. Elísabet Waage og Laufey Sigurðardóttir buðu upp á íhugula tónleika í Safnaðarheimili Kópavogskirkju með tónlist fyrir fiðlu og hörpu eftir Leif Þórarinsson, Báru Grímsdóttur og Tryggva M. Baldvinsson.

Í fordyri Salarins í Kópavogi var dans- og vídeóverkinu SKINN eftir Lilju Rúriksdóttur varpað á skjá á meðan Vetraráttíð stóð yfir. SKINN var unnið í samstarfi við dansara FWD Youth Company og tónlistarmanninn Örn Ými Arason og er 20 mínútur í sýningu.

Að auki var boðið upp á smiðjur og leiðsagnir um sýningar í Gerðarsafni og Kópavogskirkju. Sprengju-Kata bauð upp á krakkaleiðsögn um sýninguna Skúlptúr skúlptúr, Anna Karen Skúladóttir og Hallgerður Hallgrímsdóttir buðu upp á leiðsögn um ALSJÁANDI ásamt Sigurði Arnarsyni og Brynja Sveinsdóttir buðu upp á leiðsögn um sýninguna Skúlptúr skúlptúr.

MENNING Í KÓPAVOGI



Selma Björnsdóttir, Regína Ósk á 17. júní.

17. júní í Kópavogi

Annað árið í röð var boðið upp á hverfahátíðir á 17. júní í Kópavogi. Dagskrá fór fram við Fífuna, Fagralund, Versali, Kórinn og við menningarhúsin. Líkt og árið áður voru viðtökurnar mjög góðar og mættu 8.000 manns samtals á öll hátíðahöldin. Meðal þeirra sem komu fram voru Karius og Baktus, ræningjarnir í Kardimommubænum, Gugusar, Regína Ósk og Selma Björnsdóttir.

Draumkennd tónlist, draumafangarasmiðja og ævintýra-þrautin Draumaslóð voru á meðal þess sem boðið var upp á 17. júní þegar Menningarhúsin í Kópavogi, ásamt listafólki á vegum Skapandi sumarstarfa í Kópavogi, tóku saman höndum um metnaðarfulla og fjölbreytta dagskrá fyrir alla aldurshópa undir yfirskriftinni Sumardraumar á sautjándanum.

Dagskráin stóð yfir frá kl. 13 og fram eftir degi með litríkum uppákomum af öllu tagi í bland við skapandi listsmiðjur fyrir alla fjölskylduna. Hægt var að búa sér til sína eigin þjóðhátíðargrímu, fá tilsögn í koparvírasmiði og teiknimyndagerð, þræða Draumaslóð og leysa draumkenndan draumaratleik, auk þess sem í boði voru alls kyns útileikir, sirkusatriði, sumarjazz, barnaævintýri, trúnohorn og kvíðagjörningur.

Hamraborg Festival 26. - 29.ágúst

Listahátíðin Hamraborg Festival var innblásin af og tileinkuð Hamraborginni. Listahátíðin var með yfir fimmtíu listamönnum, vegglistamenn fengu að spreyta sig á veggjum Hamraborgarinnar, tónlist var spiluð bæði í Salnum og á Catalinu og í annarri hverri búð við götuna voru opnaðar sjálfstæðar myndlistarsýningar eftir gjörólíka listamenn.

Salurinn, Gerðarsafn, Náttúrufræðistofa og Bókasafn Kópavogs tóku þátt í hátíðinni með fjölbreyttum viðburðum. Tónleikar, listamannaleiðsögn, listsmiðjur fyrir börn og fullorðna, fyrirlestrar og sýningar voru á meðal þess sem boðið var upp á. Fram komu Anna Gréta Sigurðardóttir og hljómsveit, Guðlaug Mía, L'Amour Fou, Styrmir Örn Guðmundsson, Sumarspírur og Tobba Marínós og þær Sylva Lamm og Annie Charland áttu verk á sýningu í Náttúrufræðistofu.

Langir fimmtudagar

Verkefnið Langir fimmtudagar snerist um að bjóða upp á viðburðadagskrá og lengdan opnunartíma í Gerðarsafni, Bókasafni og Náttúrufræðistofu síðasta fimmtudag hvers mánaðar. Fyrirmyndin er sótt til Fimmtudagsins langa, þar sem söfn á höfuðborgarsvæðinu hafa nú um nokkurt skeið haldið úti kvöldopnunum á fimmtudagskvöldum. Fimmtudagurinn langi nær fyrst og fremst til listasafna og myndlistargalleryja en vegna návígis húsanna var ákveðið að láta einnig reyna á lengda kvöldopnun í Bókasafni og Náttúrufræðistofu og bjóða upp á viðburði sem og síðdegistónleika í Salnum.

Farið var af stað með verkefnið 24. júní og því svo fram haldið 26. ágúst, 30. september og 28. október. Fyrirhugað var að halda langan fimmtudag í nóvemberlok en af því varð ekki vegna fjölgunar smita og ástands í faraldursmálum.

Á meðal viðburða og smiðja sem boðið var upp á á löngum fimmtudögum voru list- og handverkssmiðjur fyrir fullorðna (myndlist, taupokagerð og bókabrotsföndur), erindi um hryllingssögur og hamskurð, síðdegisjazz í Salnum (Guitar Islancio, Tríó Stefáns Ómars, Anna Gréta Sigurðardóttir) auk þess sem sérfræðingar Náttúrufræðistofu buðu upp á óformlegan vettvang fyrir spjall um margvísleg náttúrutengd viðfangsefni (eldgos, leðurblökur, örplast).

Aðsókn á viðburði á löngum fimmtudegi var almennt ekki eins góð og vonast var eftir sem rekja má til ólíkra þátta og var ákveðið að setja verkefnið tímabundið á ís.

ÁRSSKÝRSLA 2021 OG STARFSÁÆTLUN 2022

Aðventuhátíð Kópavogs

Ekki var hægt að halda Aðventuhátíð vegna Covid-19 en þess í stað var ákveðið að ráðast í óvenju metnaðarfulla jólakveðju Kópavogsbæjar sem send var út á vef og samfélagsmiðlum 22. desember. Þar var sýnd ný útsetning Sunnu Gunnlaugsdóttur á jólagiginu Hin fyrstu jól eftir Ingibjörgu Þorbergs (fyrrum heiðurslistamann Kópvaogsbæjar) við texta Kristjáns frá Djúpalæk. Ásamt Sunnu fluttu lagið þau Margrét Eir, Leifur Gunnarsson og Scott McLemore. Sunna er bæjarlistamaður Kópavogsbæjar 2021 – 2022.

VIÐBURÐARÆDIR MEKÓ

Menning á miðvikudögum 2021

Viðburðaröðin Menning á miðvikudögum var stopul á árinu 2021 vegna samkomutakmarkana, en reynt var að halda dagskrá úti eins og kostur var. Framan af ári var áherslan á tónleikaflutning þar sem rými Salarins var langheppilegast með tilliti til fjarlægðartakmarkana og einnig var brugðið á það ráð að gera vefþætti í tengslum við sýninguna Skýjaborg í Gerðarsafni vorið 2021 í stað hefðbundinna listamannaleiðsagna.

3/2 **Salurinn**
Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir og Francisco Javier Jáuregui fluttu evrópsk þjóðlög í útsetningum fyrir rödd og gítar.

17/2 **Salurinn**
Guðrún Birgisdóttir og Snorri Sigfús Birgisson léku tónlist eftir Gabriel Fauré. Pétur Gunnarsson las frönsk ljóð í íslenskri þýðingu á milli tónverka.

3/3 **Salurinn**
Dúó parið Guðbjartur Hákonarson og Hrafnhildur Marta Guðmundsdóttir léku verk eftir Beethoven og Glière.

10/3 **Gerðarsafn**
Listamannaleiðsögn um sýninguna Skýjaborg með Bjarka Bragasyni og Eirúnu Sigurðardóttur.

17/3 **Salurinn**
Tónlist eftir Jelenu Ciric. Flytjendur: Jelena Ciric, Karl James Pestka og Margrét Arnardóttir.

24/3 **Bókasafn Kópavogs**
Helen Cova og Ewa Marcinek deildu brotum úr verkum sínum og ræddu stöðu rithöfunda á Íslandi sem hafa ekki íslensku að móðurmáli.

19/5 **Salurinn**
Hönnuðir ÞYKJÓ sögðu frá verkefnum og innsetningum sem voru sýndar í Menningarhúsunum í Kópavogi á Hönnunarmars 2021.

1/9 **Náttúrufræðistofa Kópavogs**
Andrea Elín Vilhjálmisdóttir og Kara Hergils, aðstandendur sviðslistahátíðarinnar Plöntutíðar, fjölluðu um hátíðina og buðu upp á brot úr verkinu BRUM.

8/9 **Bókasafn Kópavogs**
Guðrún Eva Mínervudóttir spjallaði um eigin verk og sköpunarkraftinn í samtali við gesti.

15/9 **Salurinn**
Erna Vala Arnardóttir flutti einleiksverk Róberts Schumanns.

22/9 **Gerðarsafn og Náttúrufræðistofa**
Oddur Sigurðsson fjallaði um bráðnun jökla og loftslagsbreytingar.

29/9 **Bókasafn Kópavogs**
Zen-teiknistund í anda hæglætis með Þórdísi Öldu og Sigrúnu Ásu Sigmarsdætrum.

6/10 **Bókasafn Kópavogs**
Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir með fyrirlestur um eigin verk og sköpunarkraftinn.

13/10 **Náttúrufræðistofa Kópavogs**
Kristján Leósson flutti fyrirlestur um íslenskt silfurberg.

20/10 **Gerðarsafn**
Bryndís Snæbjörnsdóttir með sýningarleiðsögn um Óræð lönd: Samtöl í sameiginlegum víddum.

27/10 **Bókasafn Kópavogs**
Katla Marín Stefánsdóttir fjallaði um hið aldagamala textílforn macramé.

3/11 **Bókasafn Kópavogs**
Samræða um hvernig virkja mætti sköpunarkraftinn við Hlín Agnarsdóttur, leikskáld og rithöfund.

10/11 **Gerðarsafn og Náttúrufræðistofa Kópavogs**

Gísli Pálsson mannfræðingur með erindi um geirfuglinn.

17/11 **Salurinn**
Tangótónar, frumsamin tónlist, spuni og djasstandardar í flutningi Olivier Manoury, bandoneonleikara.

24/11 **Gerðarsafn**
Æsa Sigurjónsdóttir listfræðingur með leiðsögn um sýninguna Óræð lönd: Samtöl í sameiginlegum víddum.

1/12 **Salurinn**
Mother Melancholia á Degi íslenskrar tónlistar. Flytjendur: Sóley Stefánsdóttir, Albert Finnbogason, Jón Óskar Jónsson og Kristín Þóra Haraldsdóttir.

8/12 **Salurinn**
Flautuseptettinn Viibra flutti verk eftir Þuríði Jónsdóttur, Hilmu Kristínu Sveinsdóttur, Pauline Oliveros, Björk og Tchaikovsky.

Fjölskyldustundir á laugardögum 2021

Fjölskyldustundir á laugardögum voru mjög stopular framan af ári 2021 sökum Covid-19. Fjölskyldustundir og listsmiðjur kalla oft á mikla nálægð á milli gesta og leiðbeinenda og því féllu þær iðulega niður vegna samkomutakmarkana, en hvenær sem færi gafst var reynt að standa fyrir slíkum viðburðum. Líkt og endranær fóru Fjölskyldustundir fram á víxl í Gerðarsafni, Bókasafni Kópavogs, Salnum og Náttúrufræðistofu Kópavogs.

23/1 **Salurinn**

JAZZ HREKKUR tónleikasýning. Flytjendur: Ingibjörg Fríða Helgadóttir, Sunna Gunnlaugsdóttir og Leifur Gunnarsson.

6/2 & 13/2 **Gerðarsafn**
Krakkaleiðsögn með Sprengju-Kötu um sýninguna Skúlptúr skúlptúr, en þar sýndu Ólöf Helga Helgadóttir og Magnús Helgason verk sín á tveimur einkasýningum.

20/2 **Gerðarsafn**
Skúlptúrasmiðja fyrir fjölskyldur með Þóri Sigurþórssyni.

6/3 **Bókasafn Kópavogs**
Tvíundakóðun og sýndarveruleiki.

13/3 **Salurinn**
Tónlistarkonan Jelena Ciric leiddi krakka í að tjá takt, laglínur, og form í tónlist með öllum líkamanum.

20/3 **Gerðarsafn**
Skuggabréðusmiðja, innblásin af skjaldböfum, sniglum, kuðungum og fleiri skeldýrum með ÞYKJÓ.

22/5 **Salurinn**
Fuglasöngvasmiðja með Sóleyju í tengslum við Fuglasöngva.

29/5 **Salurinn**
Ástarfuglinn og Feludýrið. Melkorka Ólafsdóttir, flauta og Katie Buckley, harpa.

6/6 **Salurinn**
Fuglasöngvasmiðja með Sóleyju í tengslum við Fuglasöngva, sýningu ÞYKJÓ í fordyri Salarins í Kópavogi.

28/8 **Bókasafni Kópavogs**
Listsmiðja fyrir börn í Bókasafni Kópavogs á Hamraborg Festival. Umsjón: Anja Ísabella Lövenholdt, Ásthildur Ákadóttir og Hlökk Þrastardóttir.

4/9 **Gerðarsafn**
Plöntuleikhússmiðja. Umsjón: Lóa Björk Björnsdóttir.

11/9 **Lindasafn**
Sögusmiðja með Arndísi Þórarinsdóttur.

18/9 **Bókasafn Kópavogs**
Tónlistar- og upptökusmiðja. Umsjón: Ásthildur Ákadóttir og Albert Finnbogason.

25/9 **Gerðarsafn**
Skuggabréðusmiðja, innblásin af skjaldböfum, sniglum, kuðungum og fleiri skeldýrum með ÞYKJÓ.

2/10 **Lindasafn**
Sviðslistahópurinn Trigger Warning með vinnustofuna Brum þar sem fjölskyldum gafst kostur á að spreyta sig á tónsmíðum innblásnum af náttúrunni.

9/10 **Bókasafn Kópavogs**
Sögusmiðja með Hjalta Halldórssyni.

16/10 **Gerðarsafn**
Myndlistarsmiðja. Umsjón: Hlökk Þrastardóttir og Silja Jónsdóttir.

23/10 **Náttúrufræðistofa Kópavogs**
Fjölskylduvænn og fjöltyngdur viðburður - á íslensku, pólsku, ensku og fuglamáli. Umsjón: Ewa Marcinek og Nanna Gunnarsdóttir.

30/10 **BókasafnKópavogs**
Grimusmiðja ÞYKJÓ.

6/11 **Gerðarsafn**
Fjöltyngd myndlistarsmiðja á pólsku, ensku og íslensku. Umsjón: Wiola Ujazdowska og Ninna Þórarinsdóttir.

13/11 **Bókasafn Kópavogs**
Geggjaðar sögur. Ritsmiðja með Gunnari Helgasyni.

Vefviðburðir

22/4 **Fjársjóðsbækur með Lóu Hlín**
Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir er heltekin af dularfullum handritum, leyndardómsfullum teikningum og leynilegum tungumálum. Hver bók er fjársjóður í sjálfu sér og hér hvetur Lóa Hlín krakka til að búa til sína eigin fjársjóðsbók. Hver veit nema framtíðarfræðingar finni bækurnar þeirra einn góðan veðurdag.

Myndbandið var sent á alla grunnskóla Kópavogs og í framhaldi var sett upp sýning á dularfullum fjársjóðsbókum sem börn í 3., 4. og 5. bekk Smáraskóla gerðu. Sýningin stóð yfir dagana 20. apríl til 10. maí. Í rýminu var myndbandsverkefni Lóu jafnframt sýnt þegar safnið var opið svo hægt var að fá kveikjur og hugmyndir að ævintýrabókum og dulmálslyklum.

30/4 **Skýjaborg**
Samtal við Bjarka Bragason í tengslum við Skýjaborg í Gerðarsafni.

4/5 **Skýjaborg**
Samtal við Berglindi Jónu Hlynisdóttur í tengslum við Skýjaborg í Gerðarsafni.

7/5 **Skýjaborg**
Samtal við Unnar Örn Auðarson í tengslum við Skýjaborg í Gerðarsafni.

MENNING Í KÓPAVOGI

ÁRSSKÝRSLA 2021 OG STARFSÁÆTLUN 2022

11/5 **Skýjaborg**
Samtal við Eirúnu Sigurðardóttur í tengslum við Skýjaborg í Gerðarsafni.

30/11 **Bókasjall**
Friðgeir Einarsson og Hallgrímur Helgason ræddu við Guðrúnu Sóleyju Gestsdóttur um nýjar skáldsögur sínar, Stórfisk (2021) og Sextíu kíló af kjaftshöggum (2021), í Bókasjalli Bókasafns Kópavogs.

MENNINGARLEGT SUMARSTARF

Sumarspírur 2021

Annað sumarið í röð voru leiðbeinendur ráðnir til að stýra listsmiðjum fyrir börn en möguleiki var á því vegna atvinnuáþaksins „Hefjum störf“. Auglýst var eftir leiðbeinendum og barst 91 umsókn. Eftirfarandi voru ráðin sem leiðbeinendur Sumarspíra listasmíðjanna árið 2021: Anja Ísabella Lövenholdt listfræðingur og meistaranemi í menningarstjórnun við Háskólann Bifröst, Ásthildur Ákadóttir, tónlistarkona og meistaranemi í hljóðfærakennslu við Listaháskólann, Bjartur Örn Bachmann, annars árs nemi á sviðshöfundabraut við Listaháskólann og Hlökk Þrastardóttir, myndlistarnemi við Listaháskólann.

Sumarið 2021 var ákveðið að Sumarspírur myndu aðlaga starf sitt að alþjóðlega verkefni Vatnsdropanum. Sumarspírur störfuðu líkt og áður þvert á menningarhúsin og höfðu heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun að leiðarljósi, ásamt því að tengja smiðjurnar við sígild skáldverk barnabókahöfundanna Tove Jansson, Astrid Lindgren og H. C. Andersen.

Fyrstu vikur Sumarspíra hófust á undirbúningi Þjóðhátíðardagsins sem var haldinn hátíðlegur á útisvæði menningarhúsanna. Að loknum 17. júní settu Sumarspírur upp smiðju í tilefni af langri fimmtudagsopnun menningarhúsanna í júní. Því næst var ákveðið að prufukeyra fyrstu tónlistarsmiðju sumarsins með hópi unglunga úr vinnuskólanum sem starfaði undir handleiðslu Salvarar og Helga Gríms í Gerðarsafni sumarið 2021.

Þá tók við 6 vikna tímabil, 28. júní - 5. ágúst, af ólíkum smiðjum þar sem Sumarspírur skiptu með sér hlutverkum. Smiðjurnar voru haldnar alla þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga á milli 13.00-15.00.

29/6 – 1/7 **Bókasafn Kópavogs**
Tónsmíða- og hljóðfæragerðarsmiðja undir áhrifum frá ævintýrum H. C. Andersen.

6/7 - 8/7 **Lindasafn**
Teikni- og sögugerðarsmiðja.

13/7 - 15/7 **Gerðarsafn**
Leik- og spunasmíðja hafsins og litlu hafmeyju H. C. Andersen. Í samstarfi við Götuleikhús Kópavogs og Sigrúnu Perlu skipandi sumarstarfsmann Kópavogs.

20/7 - 22/7 **Bókasafn Kópavogs**
Teikni- og klippimyndasmíðja út frá ævintýraheimi Tove Jansson.

27/7 - 29/7 **Bókasafn Kópavogs**
Leirsmíðja innblásin af sögupersónum Astrid Lindgren í Bókasafni Kópavogs, aðalsafni.

3/8 - 5/8 **Bókasafn Kópavogs og Gerðarsafn**
Grafík- og tónsmíðasmíðja þar sem prentmiðla og grafísk nótnaskrift voru tengd við ævintýri höfundanna Tove Jansson, Astrid Lindgren og H. C. Andersen.

Vikuna 16.-20. ágúst leiddu Sumarspírur heils dags námskeiðið Menningarkrakkar og starfi Sumarspíra lauk með sýningunni Græðlingar og gersemar sem fór upp í Fjölnota sal Bókasafns Kópavogs og stóð uppi dagana 26.– 28. ágúst sem hluti af Hamraborgarhátíð.

Menningarkrakkar

Vikuna 16.-20. ágúst leiddu Sumarspírur heilsdagssmiðjuna Menningarkrakkar fyrir börn á aldrinum 6-9 ára. Það voru 18 börn skráð í smiðjuna og í ljósi þess var ákveðið strax í upphafi að skipta hópnum í tvennt en inn á milli yrðu allir krakkarnir þó saman. Myndlistar- og tónlistarsmiðjur skiptust á auk þess sem farið var í fjórufærð og boðið upp á dansnámskeið. Covid-19 hafði sín áhrif á dagskrá vikunnar en þó tókst að ljúka vikunni með lítilli uppskeruveislu í Gerðarsafni á föstudegi og börn og foreldrar voru mjög sátt. Kennarar vikunnar voru Ásthildur, Anja Ísabella, Hlökk, Silja Jónsdóttir, Marta Ákadóttir og Sigrún Úa en kalla þurfti til aukakennara vegna veikinda og sóttkvíar.

FRÆÐSLUDAGSKRÁ MENNINGARHÚSANNA

Fræðsludagskrá mótaðist af Covid-19 og var nokkuð stopul en reynt að koma við heimsóknum þegar færi gafst á.

Menning fyrir alla

Janúar **JAZZHREKKUR í Salnum**
1.-3. bekkingum var boðið á tónleikadagskrá með Ingibjörgu Friðu Helgadóttur, Leifi Gunnarssyni og Sunnu Gunnlaugsdóttur.

Mars **Listaskeljar og Lífljómun í Gerðarsafni og Náttúrufræðistofu Kópavogs**
4. bekkingum var boðið að koma á sýningarnar Skriðum inn í skel í Gerðarsafni og Lífljómun í Náttúrufræðistofu.

Mars **Stefnumót við rithöfunda á Bókasafni Kópavogs**
9. bekk var boðið á stefnumót við rithöfund. Gunnar Helgason, Kristín Helga Gunnarsdóttir og Þorgrímur Þráinsson skiptust á að spjalla við nemendur um sköpunarferlið og hugmyndavinnuna sem á sér stað þegar bók verður til.

Apríl **Krakkahreidur / hugað að hreiðurgerð í Salnum**
Börnum af efsta stigi leikskóla var boðið í Salinn með ÞYKJÓ til að leggja grunn að Krakkahreidrum og í Náttúrufræðistofu til að fræðast um hreiðurgerð.

Maí **Fuglasöngvar með ÞYKJÓ í Salnum**
Leikskólabörnum af efsta stigi var boðið í Fuglasöngvasmiðju ásamt Sóleyju Stefánsdóttur.

Október **Heimsókn á Bókasafn Kópavogs**
Gunnar Helgason tók á móti nemendum 4. bekkjar í grunnskólum Kópavogs ásamt Grétu Ólafsdóttur, deildarstjóra barnastarfs, og Kolbrúnu Björk, verkefnastjóra á aðalsafni. Nemendur fengu kynningu á safninu, fræddust um bækur og bókasöfn og hlýddu á upplestur úr nýjustu bókum Gunnars.

Til stóð að bjóða unglíngastigi grunnskóla á jazztónleika með Sunnu Gunnlaugsdóttur og hljómsveit haustið 2021 en verkefnið frestaðist fram til ársins 2022 vegna Covid-19.

MENNING Í KÓPAVOGI

ÁRSSKÝRSLA 2021 OG STARFSÁÆTLUN 2022

Einnig stóð til að bjóða 1. bekkingum á sýninguna Manndýr í Salnum en vegna Covid-19 frestaðust þær sýningar einnig.

Heimsóknir leikskólabarna á aðventu féllu niður vegna Covid -19 en þess í stað var öllum leikskólum í Kópavogi færð gjöf frá Bókasafni Kópavogs sem var bókin Rauð viðvörun Jólin eru á leiðinni eftir Sigrúnu Eldjárn.

Vetrar- og haustfrí grunnskólanna

Venjan er að í vetrar- og haustfríum grunnskóla Kópavogs bjóði Gerðarsafn, Bókasafn Kópavogs og Náttúrufræðistofa Kópavogs upp á skemmtilegar og fjölbreyttar smiðjur fyrir börn og þeirra fylgifyrsta.

Í vetrarfríinu í febrúar 2021 var boðið upp á bíósýningar, upplestur með Arndisi Þórarinsdóttur, fyrirlestur Sævars Helga, ratleik og fræðslusýningu í tengslum við Lífljómun, samhlíða sýningum í Gerðarsafni og Náttúrufræðistofu.

Í haustfríinu í október 2021 var boðið upp á Vísindasmíðju Háskóla Íslands, bíósýningu, perlusmiðju og fleira á Bókasafni. Ókeypis var á sýningar í Gerðarsafni og Náttúrufræðistofu Kópavogs.

MARKAÐSSETNING OG KYNNINGARMÁL

MEKÓ lítur dagsins ljós

Í byrjun árs 2021 var farið í vel ígrundaða vinnu við mat á vörumerki og ímynd menningarstarfsins í Kópavogi. Upphaflega átti að yfirfara útlit Menningarhúsanna í Kópavogi og samræma kynningarefni fyrir viðburði sem falla undir menningarmálaflokk Kópavogs, hvort sem það er á vef, á prenti eða á öðrum miðlum. Eftir ítarlega þarfagreiningu var komist að þeirri niðurstöðu að þörf væri á endurskipulagningu þar sem rödd og ámynd hvers húss fyrir sig væri meira áberandi. Ekki var lengur talið æskilegt að hafa menningarstofnanir bæjarins undir hattinum Menningarhúsin í Kópavogi þar sem þetta eru fimm mjög ólíkar stofnanir með mjög ólíkar raddir – og auk þess fer ekki allt menningarstarf í Kópavogi fram í menningarhúsum bæjarins. Víðsvegar um bæinn er boðið upp á metnaðarfullt menningarstarf sem lista- og menningarráð Kópavogsbæjar hefur styrkt í fjölda ára. Það var því talin þörf á því að opna heitið þannig að það næði til alls menningarstarfs í Kópavogi, hvar sem það ætti rætur sínar að rekja í bæjarfélaginu. Leit þá MEKÓ dagsins ljós, en MEKÓ stendur fyrir Menning í Kópavogi.



FLANERÍ Fokunum og Arnam Kv. Ólafsson á Flaneri.

MEKÓ fékk sitt eigið firmamerki og er útlit merkisins notað í hönnun á öllu kynningarefni sem fellur undir MEKÓ, þ.á m. allar útmerkingar við menningarhúsin í Kópavogi.

Ný heimasíða fór í vinnslu á árinu og verður komin í loftið snemma 2022. Vefsíðan www.meko.is mun verða fjölmiðill þar sem safnað er saman öllum menningarviðburðum í bæjarfélaginu, ásamt menningartengdum fréttum.

Menningartímarit

Í fyrstu bylgju Covid-19 árið 2020 fæddist sú hugmynd að útbúa menningartímarit fyrir Kópavogsbúa. Ákveðið var að endurtaka leikinn 2021 og kom annar árgangur menningartímarits MEKÓ út í byrjun ágúst 2021. Brynhildur Björnsdóttir blaðakona var ráðin sem blaðamaður tímaritsins annað árið í röð og skrifaði hún áhugaverðar lista- og menningartengdar greinar fyrir blaðið. Hönnunarstofan Dödlur hannaði aftur útlit blaðsins og nú í takt við nýja ásýnd menningarmála í Kópavogi, MEKÓ. Íris María Stefánsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri menningarmála í Kópavogi, var ritstjóri blaðsins.

Blaðið fékk með eindæmum góð viðbrögð og auðsjáanlegt að MEKÓ tímaritið er komið til að vera, enda frá mörgu að segja þegar kemur að hinu blómlega menningarlífi sem fyrirfinnst í Kópavogi. MEKÓ tímaritið var sett í dreifingu í öll hús í Kópavogi en ritstjóra bærust tilkynningar frá íbúum um að ritið hefði ekki borist í ákveðnar götur. Gátu þeir sem þar búa þá nálgast ritið í menningarstofnunum bæjarins. Farið verður í að endurskoða dreifingu á blaðinu á komandi ári.

FJÖLDI FYLGJENDA Á FACEBOOK

	lok 2019	lok 2020	lok 2021	aukning milli ára
MEKÓ	1.564	2.126	2.503	18%
Bókasafn Kópavogs	2.984	3.336	3.646	9%
Gerðarsafn	4.130	4.430	4.687	6%
Náttúrufræðistofa Kópavogs	947	1.055	1.101	4%
Salurinn	7.691	8.086	8.189	1%
Heildarfjöldi fylgjenda	17.316	19.033	20.364	7%

Menningarhúsin á samfélagsmiðlum

Samfélagsmiðlar, og þá sérstaklega Facebook, eru orðnir einn stærsti vettvangur kynningarstarfs menningarmála í Kópavogi. Allar menningarstofnanirnar eru með sína eigin Facebook-síðu, að Héraðsskjalasafni undanskildu.

Á árinu voru samfélagsmiðlar helsti vettvangur auglýsinga fyrir fasta viðburði, s.s. Fjölskyldustundir á laugardögum, Menningu á miðvikudögum og Foreldramorgna.

Farið verður í allsherjar samfélagsmiðla-herferð til að kynna nýjar heimasíður þegar þær fara í loftið árið 2022.

Einnig hefur notkun Instagram verið að færast í aukana hjá stofnunum og hefur fylgi þeirra á Instagram aukist svo um munar.

Nýir miðlar

Í lok árs 2021, sem hafði einkennst af miklum lokunum og höftum vegna Covid-19, var ákveðið að fara í herferð vegna safnbúðar Gerðarsafns og gjafakorts í Salnum. Keyptar voru auglýsingar í strætóskýlum víðsvegar á höfuðborgarsvæðinu og í kjölfarið var gerður 6 mánaða samningur við Billboard um auglýsingar á strætóskýlum í miðbæ Reykjavíkur fyrir sýningar í Gerðarsafni, tónleika í Salnum og MEKÓ. Vonast er til að þetta muni auka meðvitund fólks um menningarstarfið í Kópavogi.

MENNING Í KÓPAVOGI

GESTAFJÖLDI Á VIÐBURÐI MEKÓ 2021

	Bóka-safn	Gerðar-safn	Héraðs-skjala-safn	Náttúru-fræði-stofa	Salurinn	Úti-svæði	Utan Menningar-húsanna	Aðsókn alls 2021
Fjölskyldustundir á laugardögum	218	163		158	119			658
Menning á miðvikudögum	99	94		109	510			812
Foreldramorgnar	267	0		0	0			267
Vetrarhátíð	816	402		816	208		1.000	3.242
17. júní	866	350		866	52	1.000	7.000	10.134
Menning fyrir alla	881	300		389	635			2.205
Aðrir MEKÓ viðburðir	686	429		237	339			1.691
Gestir alls	3.833	1.738	0	2.575	1.863	1.000	8.000	19.009

VIÐBURÐARÞIR 2018 - 2021



HÁTÍÐIR 2018 - 2021



ÁRSSKÝRSLA 2021 OG STARFSÁÆTLUN 2022



Stofnanir sviðsins

BÓKASAFN KÓPAVOGS

HLUTVERK

Bókasafn Kópavogs er vettvangur bæjarbúa til að hittast, verja tíma með vinum og fjölskyldu og nýta sér fjölbreyttan safnkost. Meginhlutverk safnsins er fyrst og fremst að bjóða Kópavogsbúum og öðrum aðgengi að þekkingu og stuðla að fjölbreyttri, öflugri og skipulagðri menningarstarfsemi – og fræðslu fyrir samfélagið í heild.

Bókasafn Kópavogs er rekið af Kópavogsbæ og starfar samkvæmt bókasafnalögum nr. 150/2012. Það hefur yfirlýsingu frá UNESCO um almenningsbókasöfn frá 1994 og menningarstefnu Kópavogsbæjar að leiðarljósi í starfi sínu. Bókasafn Kópavogs rekur tvö söfn, aðalsafn í Hamraborg 6a og útibúið Lindasafn í Núpaland 7.

LEIÐARLJÓS

Bókasafn Kópavogs hefur það að leiðarljósi að vera í fararbroddi almenningsbókasafna í landinu hvað varðar þjónustu, safnkost og búnað.

MARKMIÐ

Að vera bæjarbúum „heimili að heiman“ í daglega lífinu.

- Bjóða fjölbreytta og góða þjónustu sem nær til allra hópa samfélagsins óháð staðsetningu.
- Veita aðgengi að fjölbreyttum og lifandi safnkosti og hlýlegu umhverfi.
- Bjóða fjölbreytta viðburði, námskeið og klúbba sem höfða til allra aldurshópa og allra hópa samfélagsins
- Nýta og styrkja samstarf og nálægð við hin Menningarhúsin í Kópavogi í þágu gesta safnsins.

Að vera í fararbroddi almenningsbókasafna í landinu.

- Bjóða starfsmönnum sí- og endurmenntun og gott vinnuumhverfi til að auka færni, þekkingu og ánægju í starfi.
- Innleiða nýjustu tækni, búnað og miðlun í starfsemi safnsins hverju sinni.
- Styrkja samstarf við önnur söfn innanlands og erlendis.
- Fylgjast með nýjungum og nýsköpun í hlutverki bókasafna bæði innanlands og á alþjóðavísu.

STARFSEMI 2021

Opnunartími og aðgangseyrir

Bókasafn Kópavogs er starfandi á tveimur stöðum í bæjarfélaginu. Aðalsafn er í Hamraborg 6a og útibúið Lindasafn er í Núpaland 7.

Vegna kórónuveirufaraldursins og samkomubanns í kjölfar hans var safnið með skertan afgreiðslutíma fyrstu mánuði ársins og var alveg lokað frá 25. mars til 6. apríl. Afgreiðslutíminn var aftur orðinn hefðbundinn frá 10. maí. Aðalsafni var skipt upp í hólf sem miðuðust við þann fjölda sem mátti vera í húsinu hverju sinni fyrstu mánuði ársins.

Afgreiðslutími aðalsafns og Lindasafns breyttist þann 3. september, en hann lengdist á föstudögum á báðum söfnum og á laugardögum á Lindasafni.

Hefðbundinn afgreiðslutími aðalsafns:

Mánudaga – föstudaga	kl. 8 – 18
Laugardaga	kl. 11 – 17

Hefðbundinn afgreiðslutími Lindasafns:

Mánudaga – föstudaga	kl. 13 – 18
Laugardaga	kl. 11 – 15

Á sumrin er lokað á laugardögum (júní–ágúst).

Enginn aðgangseyrir er inn á söfnin.

Gjaldskrá safnsins hélst óbreytt milli ára 2020 og 2021.

Þjónusta

Þjónustan er einn af lykilþáttunum í starfsemi safnsins. Safnið er í stöðugri þróun og endurskoðun og reynir eftir fremsta megni að halda góðri þjónustu og bæta hana eins og hægt er.

Sjálfsafgreiðsla var áfram einn af áhersluþáttum þjónustunnar á aðalsafni og var mikil aukning í notkun hennar á árinu. Ein ný sjálfsafgreiðsluvél var keypt inn á aðalsafn í byrjun árs. Á Lindasafni hefur sjálfsafgreiðslan sem tekin var í notkun í júní 2020 mælst vel fyrir og var keypt ný vél fyrir safnið í byrjun árs.

Undanfarin ár hefur safnið verið með samstarfssamning við Bókasafn Garðabæjar og Bókasafn Hafnarfjarðar og er samstarfið á þá leið að hafi lánþegi gilt skírteini í einu safnanna getur hann nýtt sér þjónustu þeirra allra, m.a. fengið lánuð og skilað gögnum á hverju þessara safna. Þann 1. júlí hófst samstarf við önnur almenningsbókasöfn á höfuðborgarsvæðinu um eitt lánþegaskírteini og gildir nú sama skírteini á öllum almenningsbókasöfnum á höfuðborgarsvæðinu. Gjaldskrá miðast við það safn sem notað er hverju sinni og sektir og önnur gjöld eru greidd á viðeigandi safni. Bókasendingar milli samstarfssafnanna þriggja í Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi eru farnar á tveggja vikna fresti, en verið er að skoða möguleikann á sendingum milli allra safnanna á höfuðborgarsvæðinu. Vikulegar sendingar eru á milli aðalsafns og Lindasafns.

Sama dag, þann 1. júlí, hófu Bókasafn Kópavogs, Bókasafn Garðabæjar og Bókasafn Hafnarfjarðar að bjóða lánþegum sínum rafræn bókasafnsskírteini. Lánþegar geta því nálgast skírteinin sín í símanum líkt og ökuskírteini og greiðslukort. Til að fá slíkt þurfa lánþegar að heimsækja bókasafnið þar sem starfsfólk virkjar skírteinið.

Netkaffikerfið Antamedia, sem keypt var árið 2020, var sett upp í tölvu á aðalsafni til afnota fyrir gesti, eftir að fyrra netkaffikerfi úreltist með uppfærslu yfir í Windows 10. Skiptin hafa ekki gengið vandræðalaust fyrir sig og ýmsar villur komið upp sem óvirkja kerfið. Því var sett upp tölva með aðgengi að internetvafra fyrir gesti til afnota á meðan tæknideildin reynir að koma lagi á Antamedia.

Á tímabilinu 15. júlí til 15. ágúst fór fram hin árlega þjónustukönnun Bókasafns Kópavogs. Könnunin er rafræn og með þátttöku í henni gefst bæjarbúum og öðrum safngestum tækifæri til að láta skoðun sína í ljós og segja starfsfólki frá þeim umbótum sem þeir vilja sjá á aðalsafni og/eða Lindasafni. Má þar nefna húsnæði, safnkost, viðburði, aðgengi og þjónustu.

Í lok ársins hófst samstarf Bókasafns Kópavogs við Munasafn Reykjavíkur (e. Reykjavík Tool Library) en safnið opnaði sitt fyrsta útibú hjá okkur þann 20. nóvember. Munasafn Reykjavíkur er fyrsta safn sinnar tegundar á Íslandi. Það virkar ekki ósvipað og bókasafn og gerir notendum kleift að fá lánaða ýmsa nytsama hluti eins og til dæmis ísvél og verkfæri. Notendur munasafnsins greiða árgjald og fara útlánin fram með sjálfsafgreiðslu. Verkefnið fékk styrk frá Umhverfissráðuneytinu til að opna fleiri munasöfn á höfuðborgarsvæðinu, þar á meðal á Borgar**bókasafni** og munu þau söfn opna á næstu mánuðum. Hægt er að sjá frekari upplýsingar um safnið á vefnum www.munasafn.is. Safnið hefur verið vel nýtt síðan það opnaði.

Gestir og útlán

Erfitt er að bera saman gestafjölda milli ára vegna kórónuveirufaraldursins. Á árinu komu samtals 114.184 gestir á bæði söfn, þar af 104.244 gestir á aðalsafn og 9.940 gestir á Lindasafn. Eru það 13% fleiri gestir en á árinu 2020

en þá heimsóttu safnið 101.036 gestir. Þessar tölur koma á óvart þar sem búist var við svipuðum tölum milli ára.

Útlán jukust einnig örлítið milli ára. Var aukningin rúmlega 20% úr 139.914 í 168.320 samtals á báðum söfnum og það er mikið gleðiefni að sjá hana.

STARFSMANNAMÁL

Árið 2021 voru að jafnaði 15 starfsmenn í 14,3 föstum stöðugildum á safninu, þar af 12,55 stöðugildi á aðalsafni og 1,75 stöðugildi á Lindasafni. Tímavinnustarfsmenn voru að jafnaði 10 yfir árið.

Einn starfsmaður fór í lækkað starfshlutfall úr 90% í 50% og starfsmaður í 75% starfshlutfalli hætti störfum. Í staðinn var Hulda Karen Sverrisdóttir ráðin í 80% fast starfshlutfall og Nína Guðrún Arnardóttir í 50% starfshlutfall tímabundið. Sumarstarfsmenn voru í samtals fjórum stöðugildum á báðum söfnum. Auk þess fengu bæði söfn sumarstarfsmenn í átaksverkefni á vegum Vinnumálastofnunar, aðalsafn fimm og Lindasafn einn. Fjórir starfsmenn komu að auki í gegnum Vinnuskóla Kópavogs í sex vikur, tveir á aðalsafn og tveir á Lindasafn.

Sí- og endurmenntun

Starfsfólk var duglegt að sinna sí- og endurmenntun af ýmsum toga eins og hægt var í ástandinu. Fræðsla fór mikið fram á rafrænu formi og tók tíma fyrir alla að venjast því fyrirkomulagi. Má þar m.a. nefna fræðslufundi fyrir allt starfsfólk menningarstofnana í Kópavogi. Starfsfólk sótti bæði fræðslufundi og námskeið á vinnutíma og utan og drjúgur hluti starfsfólks í hlutastarfi er í háskólanámi meðfram vinnu svo vinnustaðurinn er í góðum tengslum við skólasamfélagið sem er hverju almenningsbókasafni mikilvægt.

Félagsstörf

Gréta Björg Ólafsdóttir, deildarstjóri barnastarfs, er fulltrúi Upplýsingar í nefnd um Gerðubergsráðstefnu. Brynhildur Jónsdóttir, deildarstjóri þjónustu, situr í stjórn Aleflis, notendafélags Gegnis ásamt því að sitja í vinnuhópi Landskerfis bókasafna vegna Ölmu, nýs bókasafnskerfis. Lís Z. Valdimarsdóttir, forstöðumaður safnsins, situr í fulltrúaráði Þjónustumiðstöðvar bókasafna. Ragna Guðmundsdóttir, deildarstjóri listgreina, er trúnaðarmaður starfsfólks hjá Bandalagi háskólamanna. Íris Dögg Sverrisdóttir bókavörður tók við starfi trúnaðarmanns starfsfólks hjá Starfsmannafélagi Kópavogs af Evu Hrund Kristinsdóttur.

HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

Innkaup

Sjálfsafgreiðsluvél var keypt á aðalsafn í byrjun árs og var hún sett á 2. hæð safnsins. Á svipuðum tíma voru öryggishlið sem keypt voru árið 2020 loksins sett upp við báða innganga aðalsafns og RFID örflögur virkjaðar. Örflögurnar eru í senn þjófavörn og auðkenni safngagna. Ný sjálfsafgreiðsluvél var einnig keypt á Lindasafn í byrjun árs ásamt RFID örflögubúnaði.

Tveir auglýsingaskjáir voru keyptir og settir upp nálægt inngöngum á 1. og 2. hæð aðalsafns. Koma þeir í stað eldri skjás sem var á 2. hæð og einnig auglýsingataflna í anddyri á 1. og 2. hæð. Þá var einnig settur skjár í fundarherbergið Beckmannsstofu í stað skjávarpa sem var þar inni.

Bókasafnið er áfram í Rent A Prent þjónustu Origo til að sinna prentun, ljósritun og skönnun og verður áfram með tvær vélar á aðalsafni og eina á Lindasafni.

Innri starfsemi safnsins var tekin í gegn þar sem innri vef safnsins var lokað og Teams tekið í notkun sem innri vefur, fréttaveita og skjalageymsla fyrir starfsfólk. Gögn eru nú vistuð í SharePoint og er auðvelt aðgengi að öllum sameiginlegum skjölum þar. Starfsfólk hóf notkun á OneDrive og nýtir það sem gagnageymslu fyrir sín skjöl í stað sameignar áður.

Endurbætur

Einhverjar endurbætur voru gerðar á aðalsafni enda gott að nýta lokun safnanna í viðgerðir, endurbætur og breytingar. Arkitekt og hönnuður sem unnið hafa með safninu undanfarin ár unnu áfram með okkur. Ný lesborð voru sett upp á aðalsafni og stólar við og nýir sófar, stólar og borð í setustofu/tímaritahorn við inngang safnsins. Viðbætur af útstillingarborðum komu um mitt ár og fleiri í lok árs og nýjar einingar fyrir safnbúð safnsins voru smíðaðar. Safnbúðin er nú staðsett í setustofu við inngang á 2. hæð.

Barnadeild aðalsafns var svo heppin að fá til eigu eitt kyrrðarrými sem hönnunarteymið Þykjó hannaði og lét smíða fyrir sig. Teymið hélt sýningu á safninu yfir sumartímann.

Ný borð voru keypt fyrir fjölnotasal aðalsafns og eru nýju borðin mun þægilegri og auðveldari í notkun en þau gömlu.

Á Lindasafni voru arkitekt og hönnuður fengnir til að teikna drög að endurbótum á búnaði og uppsetningu bókahillna. Vorið 2021 voru bókahillur færðar til samkvæmt teikningum arkitekts og skipulagi breytt að hluta. Á haustmánuðum komu ný útstillingarborð og nýir sófar voru smíðaðir ásamt því að stólar voru endurnýjaðir. Hafa þessar breytingar bætt aðstöðu gesta og nýtingu á rýminu á margan hátt. Í skrifstofurými voru settir upp skápar sem breytti aðstöðu starfsmanna til muna.

SAFNEIGN OG SAFNKOSTUR

Safnkostur Bókasafns Kópavogs sem skráður er í Gegni var 79.864 eintök í árslok 2021 og nær bæði yfir aðalsafn og Lindasafn. Sérstök áhersla var lögð á að kaupa inn vinsælt og fjölbreytt efni til að koma til móts við lánþega og frátekatarlista.

Gagnaval er í höndum gagnavalsnefndar sem hittist einu sinni í viku. Í jólabókaflóðinu hittist nefndin þó að jafnaði tvisvar sinnum í viku. Við innkaup, gagnaval og grisjun er stuðst við aðfangastefnu safnsins sem gildir í eitt ár í senn en hana má finna á vefsíðu safnsins.

Á safninu fer fram skráning, flokkun og tenging innlendra og erlendra bóka, tímarita, hljóðbóka og mynddiska auk annarra gagna. Þunginn af þessari vinnu fer fram hjá deildarstjóra aðfanga á aðalsafni en útibússtjóri Lindasafns sér um innkaup og tengingu safnkosts sem er keyptur fyrir Lindasafn. Auk þess skráir deildarstjóri aðfanga bækur fyrir Héraðsskjalasafn Kópavogs og skólabókasöfn í Kópavogi þegar þörf er á.

Áfram var farið í tiltekt í safnkosti í geymslum safnsins í Fannborg en sú vinna hófst árið 2019. Hillur voru settar upp og safnkosti endurraðað. Þessi vinna er reyndar svokallað eilífðarverkefni sem þarf stöðuga athygli.

Á Lindasafni var grisjun haldið áfram í byrjun árs og stóð sú vinna yfir jafnt og þétt allt árið. Lögð er áhersla á að skapa rými fyrir lifandi og fjölbreyttan safnkost sem tekur mark af eftirspurn og þörfum lánþega og er í samræmi við aðfangastefnu safnsins.

Verk í almenningsrými og stofnunum

Á aðalsafni stendur skúlptúr eftir fyrsta bæjarlistamann Kópavogs, myndhöggvarann Wilhelm Beckmann. Skúlptúrinn heitir Kona og var gerður á árunum 1950-1965. Efni skúlptúrsins er víður og var styttn gjöf til bróður Wilhelms, Georgs Beckmann. Verkið Kona er í eigu Stofnunar Wilhelms Beckmann.

Á aðalsafni er einnig fallett glerlistaverk eftir Bjarna Snæbjörnsson myndlistarmann en hann gaf safninu verkið stuttu eftir opnun þess í nýju húsnæði að Hamraborg 6a árið 2002.

Stafræn og rafræn gögn

Sem almenningsbókasafn Kópavogsbæjar greiðir Bókasafn Kópavogs safngang að rafrænum áskriftum á Hvar.is fyrir Kópavogsbæ. Hvar.is veitir öllum sem tengjast netinu um íslenskar netveitur aðgang að tímaritsgreinum.

Lánþegar Bókasafns Kópavogs hafa aðgang að Rafbókasafninu sem starfrækt er í samvinnu við Landskerfi bókasafna og önnur almenningsbókasöfn á landinu. Raf- og hljóðbækur eru lánaðar út í gegnum Rafbókasafnið en safnkostur þess er eins og er mestmagnis á ensku. Vonir standa til að efni á íslensku bætist við á næstunni.

Gjafir

Bókasafn Kópavogs fær margar góðar bóka gjafir á hverju ári frá velunnurum sínum og eru þeim færðar kærar þakkir fyrir hugulsemi og örlæti.

SAMSKIPTI

Kynningarmál

Kynningarmál hafa verið í góðum farvegi undanfarin ár en með aukinni samvinnu við önnur Menningarhús í Kópavogi hafa einhverjar breytingar orðið.

Vefsíða og samfélagsmiðlar

Á vefsíðu safnsins og samfélagsmiðlum er lögð áhersla á kynningu stakra og fastra viðburða, auk þess sem ýmis fróðleikur og skemmtun er sett inn.

Útgáfa

Um mitt árið gaf safnið út fræðsluverkefni fyrir öll skólastig. Verkefni eru bæði rafræn og á prenti og liggja frammi á báðum söfnum.

Fjölmiðlar

Bókasafn Kópavogs hefur lagt áherslu á að senda fréttatilkynningar í þá Kópavogsmiðla sem út koma hverju sinni og fréttabréf með því sem er að gerast á safninu er sent út á póstlista hálfsmánaðarlega. Með ráðningu nýs markaðs- og kynningarstjóra Menningarhúsanna í Kópavogi árið 2019 færðust önnur fjölmiðlatengsl að mestu þangað.

VIÐBURÐIR

Fjöl margir viðburðir eru orðnir fastir liðir í starfsemi bókasafnsins og eru vel sóttir af gestum safnsins á öllum aldri. Viðburðahald hélt áfram að raskast 2021 vegna kórónuveirufaraldursins sem kom til landsins í febrúar 2020. Þeir viðburðir sem haldnir voru á árinu tóku mið af sóttvarnareglum og fjöldatakmörkunum hverju sinni.

Bókamarkaður

Bókamarkaður hefur verið fastur liður í starfsemi safnsins í mörg ár og er á aðalsafni fyrstu heilu vikuna í hverjum mánuði. Þar er fjölbreytt efni til sölu á lágu verði og er þar að finna bækur, tímarit, mynddíska og geisladíska.

Foreldramorgnar

Foreldramorgnar á bókasafninu voru sjö á árinu. Sigga Dögg kynfræðingur fræddi foreldra um kynlíf á og eftir meðgöngu. Fella þurfti niður erindi Ólafs Inga Grettissonar slökkviliðsmanns um skyndihjálp á vordögum en erindið var í staðinn haldið að hausti. Ebba Guðný Guðmundsdóttir heilsufyrirlesari fjallaði um holla og næringarríka fæðu fyrir yngstu börnin. Arna Skúladóttir, hjúkrunarfræðingur og sérfræðingur í barnahjúkrun, flutti erindi um svefn og svefnvenjur ungbarna. Erindi Huldu Tölgýes sálfræðings um bætta líðan eftir barnsburð átti að fara fram á vordögum en

féll niður vegna faraldursins. Í staðinn flutti Hulda erindi á haustönn um hugræna byrði og þriðju vaktina. Guðrún Birna le Sage fræddi foreldra um RIE uppeldisáferðina. Bryndís Jónsdóttir núvítundarkennari stýrði svo síðasta foreldramorgni ársins um núvítund í uppeldi og skólastarfi.

Forritunarnámskeið

Forritunarnámskeið fyrir 6-12 ára krakka héldu áfram á vorönn með fjölbreyttri kennslu í grunnforritun. Kennsla var í höndum verkfræði- og tölvunarfræðinema frá Intrix og var hún vel sótt. Fimm forritunarnámskeið voru á aðalsafni á árinu og þar af var eitt þeirra hluti af Vetrarhátíð í Kópavogi. Kennnd var tvíundakóðun, micro:bit tækni, ScratchJr og Minecraft. Þátttakendur fengu einnig að prófa sýndarveruleikagleraugu þar sem þeir gátu ferðast um heiminn og farið í alls konar skemmtilega leiki.

Gáfnaljós

Í samstarfi við sjálfbóðaliðastarf Rauða kross Íslands hefur verið boðið upp á vikulega heimanámsaðstoð fyrir grunnskólanema sem nefnist Gáfnaljós. Heimanámsaðstoðin fer fram á aðalsafni og er um að ræða fimmta árið sem þjónustan var í boði á safninu. Fyrri hluta árs 2021 féll heimanámsaðstoðin þó niður og seinni hluta árs varð sú breyting að samstarfi við Rauða krossinn var hætt. Sjálfbóðaliði á vegum safnsins er nú starfandi í heimanámsaðstoðinni sem færðist einnig af þriðjudögum yfir á miðvikudaga á aðalsafni.

Hananú

Bókmenntaklúbburinn Hananú er opinn öllum. Meðlimir klúbbsins hittast hálfsmánaðarlega og umsjón með honum hafa Kolbrún Björk Sveinsdóttir, verkefnastjóri á aðalsafni, og Sigurður Flosason, formaður klúbbsins. Klúbburinn hefur aðsetur í fjölnotasal á 1. hæð aðalsafns og fær reglulega rithöfunda í heimsókn sem jafnan vekja mikla lukku. Á árinu heimsótti Eyrún Ingadóttir klúbbinn. Aðrar höfundaheimsóknir frestuðust vegna faraldursins.

Kaðlín

Hannyrðaklúbburinn Kaðlín er starfræktur vikulega yfir vetrartímamann og er opinn öllum. Klúbburinn fær reglulega til sín góða gesti með fræðslu um þrjón og aðrar hannyrðir og er almennt mikil ánægja með kynningarnar. Því miður varð ekkert úr kynningunum á árinu vegna kórónuveirunnar.

Lesið á milli línanna

Síðan á vetrardögum 2019 hefur bóka klúbburinn Lesið á milli línanna hist mánaðarlega á aðalsafni. Klúbburinn er ætlaður öllum hressum konum sem vilja hittast, lesa á milli línanna og spjalla um yndislestur á léttu nótonum. Klúbburinn hittist fjórum sinnum á árinu og las í það minnsta sjö bækur.

Lesið fyrir hunda

Lesið fyrir hunda er einn vinsælasti viðburður bókasafnsins og hefur verið fastur liður í viðburðadagskrá aðalsafns í fjögur ár. Verkefnið var áfram unnið í samstarfi við samtökin Vigdís, vini gæludýra á Íslandi. Fullbókað var í lestrarstundirnar á árinu en viðburðirnir voru átta talsins og komust sex börn að í hvert skipti.

Lestrarvinir

Verkefnið Lestrarvinir sem hófst á haustmánuðum 2019 gekk út á það að auka lesskilning, bókaáhuga og íslenskukunnáttu barna af erlendum uppruna. Fjórir sjálfbóðaliðar voru tengdir við fjórar fjölskyldur sem hittust að meðaltali vikulega. Sjálfbóðaliðarnir höfðu nýtt og spennandi lesefni í farteskinu og lásu upphátt fyrir börnin, ræddu við þau um það sem lesið var og hvöttu þannig til aukins lesskilnings, örvuðu lestraráhuga barnanna og eflðu færni þeirra í íslensku. Verkefnið gekk mjög vel og bæði fjölskyldur og sjálfbóðaliðar voru ánægðir með gengi þess. Í langflestum tilvikum jókst lesskilningur barnanna og höfðu myndast góð vinatengsl milli sjálfbóðaliða og fjölskyldna.

Verkefnið var sett á ís vorið 2020 eða þegar heimsfaraldurinn setti strik í reikninginn. Starfið var ekki endurvakið á árinu 2021 vegna aðstæðna sem sköpuðust í kjölfar faraldursins.



BÓKASAFN KÓPAVOGS

ÁRSSKÝRSLA 2021 OG STARFSÁÆTLUN 2022

Slökunarjoga

Slökunarjoga var í boði reglulega yfir árið en þó með hléum vegna samkomutakmarkana. Viðburðirnir eru haldnir á aðalsafni alla mánudaga og hafa frá upphafi verið vel sóttir af Kópavogsbúum og mælst vel fyrir. Boðið var upp á hatha joga, lengri jógatíma með dýpri teygjum, á aðalsafni á fimmtudögum frá og með septembermánuði og var mætingin góð.

Snjalltækjaspjall

Fólk sem vill læra betur á snjalltækin sín var áfram hvatt til að mæta með þau á safnið í byrjun árs. Teymi verkfræði- og tölvunarfræðinema frá Intrix sá um að kenna fólki á snjallsíma og spjaldtölvur. Eins og áður setti kórónuveirufaraldurinn strik í reikninginn og snjalltækjaspjallið hittist því aðeins einu sinni á árinu.

Sögustundir

Sögustundir fyrir yngri börnin hafa í áraraddir verið fastur liður yfir vetrarmánuðina, bæði á aðalsafni og Lindasafni. Annars vegar er um að ræða sögustundir sem opnar eru öllum og fara fram seinni part dags og hins vegar sögustundir fyrir leikskólahópa og dægradvöl sem eru á dagskrá fyrri hluta dags. Opnar sögustundir féllu niður hluta úr árinu vegna samkomutakmarkana. Sögustundir fyrir skólahópa voru haldnar þegar aðstæður leyfðu og var þá ein sögustund á aðalsafni og tvær á Lindasafni, ein fyrir leikskólahópa og ein fyrir frístund.

Æfingin skapar meistarann (Spjallið)

Rauði krossinn leitaði eftir samstarfi við bókasafnið í byrjun árs í gegnum Jasminu Crnac, verkefnastjóra fjölmenningar hjá Kópavogsbæ. Kolbrún Björk Sveinsdóttir, verkefnastjóri á aðalsafni, tók við boltanum er leið á verkefnið og Jasmina sneri til annarra starfa. Verkefnið snýst um að hjálpa fólki af erlendum uppruna að æfa sig í að tala íslensku og mættu sjálfbóðaliðar annan hvern laugardag á bókasafnið til að spjalla á íslensku. Fór verkefnið að mestu fram í gegnum fjarfundi á vorönn en í maí og á haustönn fóru viðburðirnir fram á bókasafninu. Verkefnið gekk ágætlega og var vel sótt.

Aðrir viðburðir

Aðrir viðburðir á árinu voru þónokkrir þrátt fyrir heimsfaraldur og eru þeir helstu taldir upp hér að neðan.

Bókasafnið bauð ókeypis ráðgjöf við skattframtal þriðja árið í röð í samvinnu við Soumiu I. Georgsdóttur, viðskiptafræðing, og Margræti V. Friðþjófsdóttur, viðurkenndan bókara. Ráðgjöfin var opin öllum en var sérstaklega veitt þeim sem ekki hafa íslensku að móðurmáli og þeim sem voru að skila inn skattframtali á Íslandi í fyrsta skipti. Skattframtalsráðgjöfin var haldin tvo daga í byrjun mars. Fullbókað var á báða viðburðina og komust færri að en vildu.

Páskaföndur var haldið á aðalsafni í mars en sama dag tóku gildi hertar samkomutakmarkanir og settu þær sannarlega svip sinn á viðburðinn.

Árlegt sumarlestrarátak bókasafnsins stóð yfir frá 25. maí til 23. ágúst. Þátttaka var sem áður ókeypis og hugsuð fyrir 5-12 ára börn til að viðhalda þeirri lestrarleikni sem þau tileinka sér í skólanum. Á sérstakri sumarlestrargleði sem haldin var á aðalsafni í tilefni af lestrarátakinu las Gunnar Helgason rithöfundur úr bók sinni Palli Playstation. Gunnar heimsótti einnig Lindasafn og las þar úr sömu bók fyrir káta gesti. Sá háttur var á sumarlestrinum árið 2021 að skráning fór í fyrsta skipti fram með rafrænum hætti á vefnum sumarlestur.is. Þátttakendur skráðu að venju lesturinn og tóku þátt í happaleik með því að fylla út rafrænan miða fyrir hverjar þrjár lesnar bækur. Dregið var úr happaleiknum vikulega og fengu heppnir þátttakendur vinning. Þátttakendur í sumarlestri fengu þar að auki sendar rafrænar lestrarhvatningar frá rithöfundunum Arndísi Þórarinsdóttur og Gunnari Helgasyni. Árleg uppskeruhátíð var með lágstemmdu sniði vegna kórónuveirufaraldursins en öll börn sem komu á safnið fengu lítinn glaðning.

Plöntuskiptimarkaður var haldinn á aðalsafni í júní og júlí þar sem gestir fengu tækifæri til að gefa plöntum nýtt heimili og taka nýjar með heim í staðinn. Markaðurinn mæltist vel fyrir og fáar plöntur stöldrudu lengi við áður en þær fengu nýja eigendur.

Dragdrottningin Starína kom í heimsókn á aðalsafn í september og las sögur um fjölbreytileikann fyrir yngstu börnin. Góð mæting var í sögustundina og skemmtu börnin sér konunglega.

Tvö ritlistarnámskeið voru haldin á aðalsafni á haustönn. Björg Árnadóttir, rithöfundur, ritlistarkennari og MA í menntunarfræðum skapandi greina, stýrði fimm vikna ritlistarnámskeiði sem kallast Hetjuferðin. Námskeiðið var opið öllum og var markmiðið að efna til samtals kynslóðanna þar sem eldra fólk þekkir hugmyndina um hetjuferðina úr þjóðsögum og ævintýrum en yngra fólkíð úr fantasíufrásögnum og tölvuleikjum samtímans. Írski rithöfundurinn William Ryan stýrði svo stuttri ritsmiðju fyrir byrjendur og lengra komna og kenndi þá tækni sem þarf til að skrifa spennu- eða glæpasögu. Sérstök áhersla var lögð á sögugerð og persónusköpun. Góð skráning var á bæði námskeiðin og mæltust þau vel fyrir.

Árlegt bókasjall bókasafnsins fór fram á aðalsafni undir stjórn Guðrúnar Sóleyjar Gestsdóttur, bókmenntafræðings og fjölmiðlakonu. Rithöfundarnir Hallgrímur Helgason og Friðgeir Einarsson lásu úr nýjustu verkum sínum og tóku þátt

í líflegum umræðum, en Hildur Knútsdóttir forfallaðist vegna veikinda. Vegna hertra samkomutakmarkana var ákveðið að senda bókasjallið einnig út í streymi í gegnum vef og Facebook-síðu bókasafnsins og hefur viðburðurinn verið gerður aðgengilegur á Youtube-rásinni Menning í Kópavogi.

MEKÓ VIÐBURÐARADIR OG HÁTÍÐIR

Ýmsir sameiginlegir viðburðir menningarstofnana Kópavogsbæjar voru í gangi fyrstu mánuði ársins og yfir sumar- og haustmánuðina. Má þar nefna Fjölskyldustundir á laugardögum, Menningu á miðvikudögum og Foreldramorgna.

Fjölskyldustundir

Í Fjölskyldustundum á aðalsafni og Lindasafni var boðið upp á smiðjur af ýmsu tagi, m.a. ritsmiðjur, grímusmiðju, hljóðsmiðju og perl. Í fyrstu fjölskyldustund haustsins á Lindasafni var boðið upp á ritsmiðju með Arndísi Þórarinsdóttur og í október var hljóðsmiðja á vegum Brum. Á aðalsafni fengu krakkar tækifæri til að kynna tviundakóðun og sýndarveruleika, hitta Gunnar Helgason í rit- og sögusmiðju og sækja ritsmiðju hjá Hjalta Halldórssyni. Hönnunarteymið ÞYKJÓ stýrði einnig grímusmiðju.

Menning á miðvikudögum

Í Menningu á miðvikudögum var boðið upp á fróðlega fyrirlestra á aðalsafni og var þar fjallað um hin ýmsu málefni. Meðal annars var boðið upp á fyrirlestur um jöklabreytingar, samtal við kvenrithöfunda (sköpunarkrafturinn) þar sem var meðal annars rætt við Guðrúnu Evu Mínerudóttur, Lóu Hlín Hjalmtýsdóttur og Hlín Agnarsdóttur. Einnig var rætt um kristala, fyrstu handtökin í macramé-listinni kennd og zen-teikning tekin fyrir.

Ljóðstafur Jóns úr Vör og dagar ljóðsins

Dagar ljóðsins í Kópavogi voru haldnir hátíðlegir dagana 18. til 22. janúar en 21. janúar er fæðingardagur Jóns úr Vör, fyrsta bæjarbókavardar Kópavogs. Árlega afhendir lista- og menningarráð Kópavogsbæjar ljóðaverðlaunin Ljóðstafur Jóns úr Vör á þeim degi. Þórdís Helgadóttir var handhafi Ljóðstafsins að þessu sinni fyrir ljóðið Fasaskipti. Alls bárust 331 ljóð í keppnina sem var haldin í níttjándu sinn. Í öðru sæti var Eyþór Árnason og Una Björk Kjerúlf í því þriðja.

Kári Rafnar Eyjólfsson, nemandi í 5. bekk í Álfhólsskóla, var hlutskarpastur í ljóðasamkeppni grunnskóla Kópavogs og fékk viðurkenningu fyrir ljóðið Englabróðir.

Vetrarhátíð

Vetrarhátíð var með rólegra móti vegna kórónuveirufaraldursins. Ljóðaganga á vegum Lindasafns var sett upp í Lindahverfi í tilefni af hátíðinni. Þar var ljóðum eftir nemendur úr efri bekkjum Lindaskóla komið fyrir í litlum kössum sem festir voru á ljósastaura. Markaði þetta skemmtilega gönguleið umhverfis safnið og skólann. Einnig var boðið upp á ljóðatré í barnaeildinni á aðalsafni þar sem gestum og gangandi bauðst að koma við, skrifa stutt ljóð og hengja á tréð. Forritunarnámskeið var í boði fyrir unglínga, hægt var að prófa sýndarveruleikagleraugu og sýning á þeim ljóðum sem unnu til verðlauna og viðurkenninga í Ljóðstaf Jóns úr Vör var sett upp í fjölnotasal.

Haust- og vetrarfrí

Vetrarfrí í grunnskólum Kópavogs var dagana 18. og 19. febrúar. Á aðalsafni gafst krökkum kostur á að horfa á bíómyndir í fjölnotasal. Sævar Helgi Bragason fræddi forvitna krakka um stjörnuskoðun, himingeiminn og jörðina okkar á bæði aðalsafni og Lindasafni og Arndís Þórarinsdóttir stýrði sögusmiðju á aðalsafni. Haustfrí grunnskólanna var svo 25. og 26. október. Á aðalsafni gafst kostur á að perla, horfa á teiknimyndir og prófa 3-D penna. Vísindasmiðja Háskóla Íslands mætti á svæðið með ýmis forvitnileg tæki og tól og lögðu mörg leið sína á safnið til að forvitnast um vísindin. Á Lindasafni var einnig perlusmiðja og lita- og teiknistöð.

Hjóladaður fjölskyldunnar

Hjóladaður fjölskyldunnar var haldinn hátíðlegur á útivistarsvæðinu við menningarhúsin í lok maí. Viðburðurinn er fyrir löngu orðinn árlegur og líkt og fyrri ár var dagskráin full af þrautum, fjöri og ferðum fyrir alla fjölskylduna. Dr.

BÓKASAFN KÓPAVOGS

ÁRSSKÝRSLA 2021 OG STARFSÁÆTLUN 2022



Frá Barnamenningarháttíð 2021.

Langir fimmtudagar

Tekin var sú ákvörðun að bjóða upp á lengri opnun á söfnunum síðasta fimmtudag í hverjum mánuði í Bókasafni Kópavogs, Náttúrufræðistofu Kópavogs og Gerðarsafni í takt við það sem er í gangi á öðrum söfnum á höfuðborgarsvæðinu. Viðburðir voru í húsunum þessa daga og má þar nefna tónleika með Pétri Erni Guðmundssyni tónlistarmanni og bókakynningu í boði fjölmiðlakonunnar Tobbu Marinósdóttur. Emil Hjörvar Petersen rithöfundur flutti erindi um hrollvekjur og hryllingsskrif. Bókasafnið bauð einnig upp á taupokasmiðju og bókabrotsföndur sem hluta af viðburðaröðinni. Til stóð að opna innpökkunarstöð og bjóða upp á sögustund, ljóðalestur og perlusmiðju á löngum fimmtudegi í lok nóvember en ekkert varð af þeim viðburðum vegna sóttvarnaaðgerða

SKÓLAHEIMSÓKNIR OG SAFNFRÆÐSLA

Síðustu ár hefur bókasafnið unnið markvisst að því að auka samstarf við grunnskóla Kópavogs og lagði svo sannarlega sitt af mörkum til að auka áhuga á lestri meðal yngri kynslóðarinnar. Safnfræðslan raskaðist þó aftur verulega árið 2021 vegna kórónuveirufaraldursins.

Menning fyrir alla

Í stað ljóðadýraljóða sem voru í boði 2020 í Menning fyrir alla mætti 4. bekkur úr grunnskólum Kópavogs á haustdögum í rithöfundaheimsókn á bókasafnið. Gunnar Helgason tók á móti þeim ásamt Grétu Ólafsdóttur, deildarstjóra barnastarfs, og Kolbrúnu Björk, verkefnastjóra á aðalsafni. Nemendur fengu þá kynningu á safninu, fræddust um bækur og bókasöfn og hlýddu á skemmtilegan upplestur úr nýjustu bókum Gunnars.

Stefnumót við rithöfund fyrir 9. bekk

Því miður þurfti að fresta 9. bekkjar skólaheimsóknum, sem áttu að fara fram í október 2020, vegna heimsfaraldursins og komust þau loks í heimsókn vorið 2021. Í heimsókninni hitta nemendur rithöfund og ræða um sköpunarferlið og hugmyndavinnu sem á sér stað þegar bók verður til. Á móti þeim tóku Gunnar Helgason, Kristín Helga Gunnarsdóttir og Þorgrímur Þráinsson. Nemendurnir fengu einnig kynningu á bókasafninu frá starfsfólki safnsins.

Sumarlestur – sumarfjör fyrir 1. bekk

1. bekkingar komu í heimsókn á safnið við lok skólaárs í maí. Mjög góð þátttaka var hjá nemendum og gekk heimsóknin vel. Ánægjulegt var að bjóða nemendum í örheimsókn og kynningu á safnið til að minna þá á mikilvægi þess að viðhalda lestrinum og lesa sér til gamans yfir sumarið.

BókaKrakkar

Safnið hefur í gegnum tíðina haldið sumarnámskeið fyrir grunnskólanema í sumarfríi. Námskeiðið 2021 kallaðist „Bókakrakkar – hvernig verður bókinn til?“ og stóð yfir síðustu vikuna fyrir skólabyrjun í ágúst. Krakkarnir, sem eru á aldrinum 9-12 ára, kanna bókasafnið, lesa bækur, tala um bækur, leggja drög að sínum eigin bókum, kynnast því hvernig bækur verða til og spjalla við höfunda uppáhaldsbókanna sinna. Flottir rithöfundar heimsóttu hópinn.

MenningarKrakkar

Sumarið 2021 tók safnið þátt í þverfaglegu sumarnámskeiði fyrir krakka á aldrinum 6-9 ára. Námskeiðið nefndist „Í ævintýraskógi – Vatnsdropinn og Heimsmarkmiðin“ og fléttaðist í kringum ævintýraheim rithöfundanna H.C. Andersen, Tove Jansson og Astrid Lindgren í tilefni Vatnsdropans. Vettvangsferðir, listasmiðjur og fuglasöngvar í Salnum voru meðal þess sem krakkarnir fengu að taka þátt í.

Komdu kisa mín: Af jólakettinum og öðrum kattategundum fyrir leikskóla

Því miður þurfti að fresta árlegri jólakattardagskrá fyrir leikskólabörn sökum heimsfaraldurs. Í heimsókninni hefur verið boðið upp á jólakattarratleik á bókasafni ásamt sögustund og Náttúrufræðistofa hefur boðið fræðslu um kattartegundir.

SÝNINGARHALD

Sýningaraðstaða í fjölnotasal á 1. hæð aðalsafns var vel nýtt yfir vetrarmánuðina. Sýnendur voru Sif Erlingsdóttir, Ásta Júlía Hreinsdóttir, Sindri Matthíasson, Kolbrún Jónsdóttir, Rúna K. Tetzschner og Kamma Nielsdóttir Dalsgaard.

Barnamenningarhátíð var lágstemmd þetta árið vegna kórónuveirufaraldursins. Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir, rithöfundur og myndskreytir, var fengin til að búa til myndband um gerð bóka og fjallaði sérstaklega um fjársjóðshandrit. Myndbandið var sent á alla grunnskóla í Kópavogi og nemendur hvattir til að búa til sína eigin bók. Verkefninu lauk með sýningu í fjölnotasal aðalsafns þar sem nemendur Smáraskóla sýndu fjársjóðshandritin sín.

Hönnunarteymið ÞYKJÓ opnaði sýninguna Ofurhetjur jarðar í fjölnotasal aðalsafns í maí og stóð hún út sumarið. Um var að ræða eins konar töfraveröld þar sem börn gátu komið og brugðið sér í gervi fjölskrúðugra dýra. Dýr þessi eru ævintýraverur, innblásnar af mögnuðum eiginleikum dýra úr ýmsum vistkerfum jarðar. Búningarnir voru hannaðir með það í huga að þeir pössuðu börnum á ólíkum aldursskeiðum. ÞYKJÓ er þverfaglegt hönnunarverkefni fyrir börn og fjölskyldur þeirra á sviði textíl-, leikfanga- og upplifunarhönnunar. Hönnuðir ÞYKJÓ voru staðarlistamenn Menningarhúsanna í Kópavogi árið 2021.

Í júlí opnaði sýning á finnskum ungbarnakassa sem allir verðandi foreldrar í Finnlandi fá að gjöf frá ríkinu. Gjafakassinn inniheldur ýmsa hluti fyrir ungbörn og foreldra þeirra sem

nýtast fyrstu mánuðina eftir barnsburð. Hefð þessi varð til á millistríðsárunum í Finnlandi og hefur meðal annars stuðlað að lægri tíðni ungbarnadauða þar í landi. Ungbarnakassinn var til sýnis á 1. hæð aðalsafns og var í láni frá finnska sendiráðinu á Íslandi. Sýningin stóð til og með 20. nóvember sem er einmitt Dagur mannréttinda barna. Kassinn og innihald hans var gefið þeirri fjölskyldu sem átti fyrsta barnið á höfuðborgarsvæðinu sama dag.

HELSTU VERKEFNI 2022

Framtíðarsýn

Bókasafn Kópavogs mun festa sig enn frekar í sessi sem hjarta menningarstarfs í Kópavogi með jákvæða ímynd í samfélaginu og trausta stöðu. Einnig er mikilvægt að safnið nái að þjónusta alla íbúa bæjarfélagsins með markvissari hætti en nú er gert með útibúi eða menningarhúsi í efri byggðum. Sú vinna er á hugmyndastigi.

Þjónusta

Útlán í sjálfsafgreiðsluvélum verða áfram í brennidepli, en á árinu verður skoðaður sá möguleiki að skipta út þeim vélum sem safnið á nú fyrir nýrri og betri vélar.

Stærsti þátturinn í þjónustu og starfsemi á árinu verður nýtt bókasafnskerfi sem mun leysa gamla kerfið af hólmi. Mun drjúgur tími starfsfólks á árinu fara í að læra á nýja kerfið og nota það við daglega vinnu. Nýja kerfið heitir Alma og leitargáttin Primo VE frá fyrirtækinu Ex Libris og hófst innleiðing þess í lok árs 2020. Núverandi kerfi heitir Aleph/Primo og er einnig frá Ex Libris. Áætlað er að nýja kerfið verði tekið í notkun í byrjun júní 2022.

Öflug tölva með aðgangi að ýmsum forritum, svo sem Adobe forritunum Photoshop, InDesign og Illustrator, verður sett upp á aðalsafni. Gestir geta bókað gjaldfrjáls afnot af tölvunni.

Viðburðir, fræðsla og sýningarhald

Fræðslutengdir viðburðir og kynningar á áhugaverðum viðfangsefnum verða áfram í boði. Fastir viðburðir verða á sínum stað og með haustinu er von á ýmsum nýjungum hvað varðar staka viðburði. Áhersla verður á skiptimarkaði og umhverfisvæna dagskrá. Einnig mun samstarf bókasafnsins við aðrar menningarstofnanir Kópavogsbæjar halda áfram og þar á meðal eru viðburðir sem hafa fest sig rækilega í sessi eins og Menning á miðvikudögum og Fjölskyldustundir á laugardögum. Stefnt er að því að tengja saman viðburði með þemum og jafnframt tengja viðburði við þema á samfélagsmiðlum hverju sinni.

Sýningarhald verður með breyttu sniði og verður fjölnotasalur á aðalsafni eingöngu notaður fyrir sýningar á vegum safnsins. Utanaðkomandi sýningar fá videigandi rými annars staðar á aðalsafni eða á Lindasafni.

Safnfræðsla í samstarfi við aðrar menningarstofnanir í safnfræðsluröðinni Menning fyrir alla heldur áfram á árinu 2022, meðal annars með stefnumóti við rithöfunda fyrir 9. bekk í febrúar og mars og fræðslu fyrir 4. bekk á haustönn. Einnig verður 1. bekkjar heimsókn á sínum stað að vori. Að

hausti er stefnt að því að bjóða áfram upp á fasta liði á borð við leitina að jólakettinum fyrir leikskólabörn.

Húsnæði og búnaður

Á aðalsafni verða nýir sófar hannaðir og smíðaðir fyrir ungmennadeildina á 3. hæð. Handavinnuhorn á 2. hæð verður endurskipulagt með núverandi sófum og stólum sem verða bólstraðir með nýjum litum. Kaffistofa starfsfólks á aðalsafni verður tekin í gegn og vinnusvæði einnig. Nýtt gólfefni verður sett á alla 3. hæðina og verða lagðar teppaflísar til að hljóðeinangra og dempa hljóð á hæðinni, bæði á vinnusvæði starfsfólks og í almenningsrými. Arkitekt verður fenginn í vinnu með barnadeildina og mögulega verður hún endurteiknuð með nýjum húsgögnum, uppröðun o.fl.

Á Lindasafni verður farið yfir tillögur arkitekts og hönnuðar með tilliti til að ná hámarksnýtingu á rými safnsins og skipulagi. Ný lesborð verða keypt og lýsing bætt á setsvæði fyrir gesti. Athygli verður jafnframt beint að starfsmannaaðstöðu og vinnurými starfsfólks en arkitekt hefur nú þegar gert tillögur að skipulagi. Einnig verður sett upp ný talningavél og í kjölfarið verður hægt að halda utan um alla umferð gesta sem nýta sér safnið.

Markaðs- og kynningarmál


Samfélagsmiðlar og vefsíða safnsins verða áfram notuð í markaðs- og kynningarstarfi og sífellt í auknum mæli. Ný og betri vefsíða mun fara í loftið á árinu ásamt nýjum vefsíðum annarra menningarstofnana Kópavogsbæjar.

Safnkostur


Gagnaval, innkaup og grisjun safnkosts verður í samræmi við aðfangastefnu safnsins

og enn meiri áhersla lögð á eftirspurn lánþega. Áhersla verður lögð á að grisja „dauðan“ safnkost og mikilvægi þess að nýta hilluplássidi með safnkosti sem er virkur. Fleiri borðspil verða keypt á safnið og skoðað að bæta við fleiri tegundum safnkosts.


FJÖLDI GESTA 2017 - 2021



FJÖLDI VIÐBURÐA 2017 - 2021



FJÖLDI ÚTLÁNA 2017 - 2021



BÓKASAFN KÓPAVOGS

LYKILTÖLUR 2021

LYKILTÖLUR	Fjöldi viðburða 2020	Gestafjöldi 2020	Fjöldi viðburða 2021	Gestafjöldi 2021
Gestafjöldi á Bókasafn Kópavogs		101.036		114.184
- þar af á Aðalsafn		91.776		104.244
- þar af á Lindasafn		9.260		9.940
Viðburðir á Bókasafni Kópavogs	160	4.786	202	4.983
- þar af sérviðburðir Bókasafns Kópavogs	111	1.755	148	2.031
- þar af viðburðaraðir og hátíðir MEKÓ	49	2.871	54	2.952
Skólaheimsóknir á Bókasafn Kópavogs	119	2.519	136	2.806
- þar af Menning fyrir alla	9	383	21	881
- þar af óskípulagðar heimsóknir	61	1.104	59	1.159
- sögustundir	49	1.032	56	766
		Fjöldi 2020		Fjöldi
Útlán		139.914		168.320
- þar af á Aðalsafn		112.608		142.993
- þar af á Lindasafn		15.198		25.327
Eintök í Gegni		78.776		79.864
- þar af á Aðalsafn		63.578		64.470
- þar af á Lindasafn		15.198		15.394

* Fjölskyldustundir á laugardögum, Menning á miðvikudögum, Foreldramorgnar, Langir fimmtudagar og allar hátíðir MEKÓ.

ÁRSSKÝRSLA 2021 OG STARFSÁÆTLUN 2022

FJÁRMÁL 2021

FJÁRMÁL 2020 -2021 OG ÁÆTLUN 2022	2020 í þús. kr.	2021 í þús. kr.	2022 í þús. kr.
Tekjur			
<i>Rekstrartekjur</i>	6.947	12.735	12.735
Gjöld			
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	123.930	138.189	154.698
<i>Annar rekstrarkostnaður</i>	90.548	87.324	89.317
Rekstrarniðurstaða	207.531	212.779	231.280



Stofnanir sviðsins

GERÐARSAFN LISTASAFN KÓPAVOGS

Gerðarsafn er nútíma- og samtímalistasafn í Kópavogi. Í Gerðarsafni er boðið upp á fjölbreytt sýningarhald á verkum íslenskra og erlendra samtíma-listamanna samhliða sýningum úr safneign. Starfsemi safnsins endurspeglar stöðu þess sem eina listasafn landsins stofnað til heiðurs listakonu, Gerði Helgadóttur (1928-1975). Gerður var fjölbreytt myndlistarmaður sem fékkst við skulptúr, steint gler og mósaík. Með geómetrískum járnverkum á sjötta áratugnum ávann Gerður sér sess sem frumkvöðull þrívíðrar abstraktlistar á Íslandi.

HLUTVERK

Í Gerðarsafni er lögð áhersla á að efla áhuga, þekkingu og skilning á myndlist með sýningum, fræðslu og annarri miðlun. Safnið stendur fyrir öflugri og metnaðarfullri sýningardagskrá sem ætlað er að endurspeglar strauma og stefnur samtímans samhliða sýningum á verkum úr safneign. Metnaður, listrænt gildi, aðgengileg og upplýsandi fræðsla og þjónusta er höfð í fyrirrúmi í tengslum við alla starfsemi safnsins.

Gerðarsafn hefur það að meginhlutverki að hafa umsjón með listaverkæign Kópavogsbæjar, safna, miðla og varðveita. Gerðarsafn starfar samkvæmt stofnskrá og í samræmi við menningarstefnu Kópavogsbæjar, safnalög og siðareglur Alþjóðaráðs safna (ICOM).

LEIÐARLJÓS

Gerðarsafn hefur það að leiðarljósi að vera lifandi vettvangur fyrir listir. Listrænt starf Gerðarsafns miðar að því að kynna fjölbreytileika myndlistar og auka skilning á menningarlegu samhengi listaverka og listamanna. Sköpunarkraftur og tilraunastarfsemi Gerðar Helgadóttur er leiðarstefið í sýningargerð, viðburðum og fræðslustarfi. Verk hennar og arfleifið er virkjuð í samtali við samtímalist og hugðarefni samtímans.

Gerðarsafn er vettvangur fyrir virkt samtal og öflugt samstarf og leitast við að tengjast gestum sínum á nýjan hátt; dýpka samtal, áhuga og skilning á myndlist og menningu. Gerðarsafn er staður til að doka við og njóta samverustunda, vettvangur til ihugunar og uppfyllingar, og farvegur fyrir áskoranir og ögrandi hugmyndir.

MARKMIÐ

Gerðarsafn leggur áherslu á að vera leiðandi safn og vettvangur samtímalistar á Íslandi. Með fjölbreyttu sýningarhaldi er ekki einungis ætluð að endurspeglar og veita nýja sýn á mikilvæga þætti listasögunnar, heldur einnig að varpa ljósi á lifandi tungumál samtímalistarinnar.

Markmið safnsins er að blása krafti og forvitni í safnfræðslu með skapandi og persónulegri nálgun á viðfangsefnið hverju sinni og efla samband við nærumhverfið með fjölbreyttum viðburðum og fræðslu í tengslum við sýningar safnsins. Jákvætt og opið viðmót gagnvart öllum gestum er eitt af grunnildum safnsins og gestir eru leiddir til samtals á eigin forsendum.

Frumkraftur og frumkvöðlastarf endurspeglar í starfsemi Gerðarsafns og er sérstada safnsins leiðandi í allri ímynd og kynningu.

Gerðarsafn starfar í alþjóðlegu samhengi myndlistarinnar og hefur það að markmiði að efla tengsl og samvinnu við listamenn, sýningarstjóra og samstarfsaðila á alþjóðavísu.

STARFSEMI 2021

Gerðarsafn er í eigu Kópavogsbæjar og leggja eigendur fram stærstan hluta rekstrarfjár samkvæmt fjárframlögum Kópavogsbæjar. Árið 2021 hlaut Gerðarsafn 7.160.000 krónur í rekstrar- og verkefnastyrki frá Safnasjóði, Myndlistarsjóði og Barnamenningarsjóði. Safnið hlaut Öndvegisstyrk fyrir rannsóknarverkefni um feril Gerðar Helgadóttur að andvirði 13.500.000 sem hófst í september 2021 og stendur til ársloka 2023. Öndvegisstyrkurinn er 1.900.000 fyrir árið 2021. Á árinu hlaut Gerðarsafn 3.500.000 króna styrk frá Lista- og menningarráði Kópavogs til listaverkakaupa og 1.000.000 til úthlutunar Gerðarverðlaunanna. Aðrir tekjuliðir voru aðgangseyrir, vörusala og útleiga.

KYNNINGARMÁL

Fjölmiðlar

Öflugt markaðsstarf og virk útgáfustarfsemi er Gerðarsafni nauðsynleg til að safnið nái til safngesta, listamanna, safnara, hagsmunasamtaka, skóla og stuðningsaðila. Virkni á samfélagsmiðlum og ferskt og aðgengilegt kynningarefni eru hornsteinar þess að Gerðarsafn sé lifandi vettvangur fyrir listir. Allt markaðsstarf er unnið með það í huga að það sé hvetjandi fyrir áhugasama. Gerðarsafn vinnur markvisst að því að efla samtöl við öll skólastig í Kópavogi og stofnanir í Kópavogi og nærliggjandi sveitarfélögum með því markmiði að það sé áhugavert og eftirsóknarvert að koma í Gerðarsafn.

Sýningar og viðburðir í Gerðarsafni hafa hlotið athygli fjölmiðla og má greina mikinn áhuga á því starfi sem unnið er. Sýningar ársins fengu umfjöllun í sjónvarpi, útvarpi og prentmiðlum.

Sýningarnar Skýjaborg, Hlutbundin þrá og Óræð lönd: Samtöl í sameiginlegum viddum fengu ítarlega umfjöllun í Menningunni á RÚV og Víðsjá á Rás 1. Hlutbundin þrá og Óræð lönd voru einnig teknar fyrir í Lestarklefanum á Rás 1. Fjallað var um allar sýningar ársins í prentmiðlum, í viðtölum í Fréttablaðinu, Morgunblaðinu og Stundinni.

Farið var í kynningarátak á Gerðarsafni sem heildrænum samkomustað stuttu fyrir jól. Lögð var sérstök áhersla á safnbúð Gerðarsafns og birtust heilsíðuauglýsingar í blöðum og strætóskýlum. Þetta skilaði sér margfalt og seldist mjög vel í safnbúðinni fyrir jólin, sérstaklega ný eftirprent eftir Gerði Helgadóttur.

Gerðarsafn hlaut kynningarstyrk fyrir 300.000 kr. frá Safnasjóði í lok árs 2021 og verður lögð sérstök áhersla á kynningarmál árið 2022.

Samfélagsmiðlar

Gerðarsafn heldur úti facebook-síðu með 5.019 fylgjendur og instagram-síðu með 2.489 fylgjendur. Á miðlum eru viðburðir á vegum safnsins auglýstir og sýningum miðlað til fylgjenda. Árið 2021 voru haldnir 4 streymisviðburðir, þ.e. listamannspjall sem var sent út á samfélagsmiðlum. Vinsæll liður á facebook-síðu safnsins er Safneign á sunnudegi, sem var farið af stað með á síðasta ári. Á hverjum sunnudegi er sett inn færsla um valið verk úr safneign og fjallað stuttlega um verkið og listamanninn á bak við það. Framtakið hefur vakið lukku og er liður í að veita fræðslu og innsýn í safnið á skemmtilegan og aðgengilegan hátt.

Safnbúð Gerðarsafns er með sérstaka facebook-síðu, með 561 fylgjanda, og instagram-síðu með 517 fylgjendur. Síðurnar eru lifandi og þar eru settar inn færslur reglulega.

Útgáfa

Sýningarskrár eru gefnar út samhliða sýningum í Gerðarsafni. Í sýningarskrám er að finna inngang sýningarstjóra og texta um listamenn og listaverk á sýningunni. Í sýningarskránum er stundum birt viðburðadagskrá þar sem sýningartengdir viðburðir fyrir gesti af öllum aldurshópum eru útlistaðir. Árið 2021 voru

gefnar út sýningarskrár fyrir sýningarnar Skýjaborg, Hlutbundin þrá og Fylgið okkur á HönnunarMars. Fyrir sýninguna Óræð lönd: Samtöl í sameiginlegum viddum var ekki gefin út sýningarskrá þar sem vegleg bók átti að koma út samhliða sýningunni. Vegna Covid-19 þurfti að fresta útgáfu en stefnt er að því að bókin líti dagsins ljós vorið 2022. Fyrir sýninguna Sjórin er fullur af góðum verum. Sjórin er fullur af rusli! var gefin út sýningarskrá af Vatnsdropaverkefninu.

SAFNBÚÐ

Safnbúð Gerðarsafns festi sig enn betur í sessi sem hönnunar- og gjafavörverslun með áherslu á vörur tengdar safneigninni, íslenska hönnunarvöru, listaverkabækur og tímarit ásamt umhverfisvænum heimilisvörum og leikföngum. Umsvið safnbúðarinnar hafa aukist milli ára og eru til sölu vörur frá um 30 umboðssöluaðilum, auk varnings sem safnið selur sjálf. Gerðarsafn hefur síðustu ár látið gera eftirprent af völdum verkum úr safneigninni. Síðla árs 2021 bættust við eftirprent af tveimur klippimyndum í stærð A2 eftir Gerði Helgadóttur og þrjú eftirprent í stærð A4 af verkum Valgerðar Briem. Eftirprentin seldust vel, sérstaklega klippimyndir Gerðar fyrir jólin. Afsteypur af lágmyndum eftir Gerði Helgadóttur hafa verið í sölu í nokkurn tíma og hafa sömuleiðis vakið góð viðbrögð. Á meðan sýningin Óræð lönd: Samtöl í sameiginlegum viddum, stóð yfir í safninu voru bækur listamannanna Bryndísar og Mark til sölu í safnbúðinni og seldust vel. Leitast verður við að hafa vörur tengdar yfirstandandi sýningum til sölu, þegar því verður komið við. Nýr umboðssöluaðili, Nakano, bættist við á árinu. Nakano er íslensk netverslun með japanskar myndlistarvörur; skissubækur, blýanta o.þ.h. vörur sem gestir hafa tekið fagnandi.

SAMSTARF OG NÝSKÖPUN

Sýningin Fylgið okkur í maí 2021 var samstarf Gerðarsafns við hátíðina HönnunarMars.

Árið 2020 voru lögð drög að auknu samstarfi Gerðarsafns við Listaháskóla Íslands og Háskóla Íslands árið 2021 og varð þetta að veruleika árið 2021 þar sem nemendur í myndlist og sýningarstjórnun hjá Listaháskólanum og listfræði hjá HÍ rannsökuðu verk Gerðar Helgadóttur og unnu verk og sýningu á safninu út frá þeim rannsóknum. Sú sýning opnaði 20. maí 2021 og bar heitið GERÐUResque. Einnig var ákveðið að safnið tæki við nemanda í sýningarstjórnun í Listaháskólanum í starfsnám í ársbyrjun 2022.

Vatnsdropinn

Vatnsdropinn hófst í ársbyrjun 2019 þegar Kópavogsbær hóf samtal við H. C. Andersen safnið í Óðinsvéum og Múmínsafnið í Tampere um mögulegt samstarf. Eftir að Ilon's Wonderland safnið bættist í hópinn varð Vatnsdropinn til. Um er að ræða þriggja ára menningarverkefni sem er ætlað að tengja höfundarverk norrænu höfundanna Astrid Lindgren, H. C. Andersen og Tove Jansson við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna með listsýningum og viðburðahaldi. Allir höfundarnir eru fulltrúar klassískrar norrænnar bókmenntahefðar sem börn jafnt sem fullorðnir hafa gaman af. Þó að þeir séu ólíkir ríma gildi þeirra vel við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, gildi á borð við umhverfisvernd og jafnrétti. Það má í raun segja að gildi í sögunum (og teikningunum) séu mikilvægari en nokkru sinni áður í ljósi núverandi loftslagsvanda og hamfarahlýnunar.

19. júní 2021 opnaði síðan afrakstur vinnunnar, sýningin Sjórin er fullur af góðum verum. Sjórin er fullur af rusli! í Gerðarsafni við hátíðlega athöfn. Þetta er sýning sem ungir sýningarstjórar stýra en hópinn skipa þrettán börn frá Íslandi, Danmörku, Eistlandi og Finnlandi. Ungu sýningarstjórnir hafa undanfarna mánuði tekið þátt í vinnusmiðjum í söfnunum (eða á netinu vegna samkomutakmarkana) undir leiðsögn sýningarstjóra Vatnsdropans, Chus Martinez, en hún er eftirsóttur sýningarstjóri, listfræðingur og heimspekingur frá Spáni sem starfar á alþjóðavettvangi. Fimm stúlkur úr Kópavogi, þær Fjóla Kristín Sveinbjörnsdóttir, Freyja Lóa Sigríðardóttir, Íva Jovisic, Lóa Arias og Vígðís Una Tómasdóttir, eru í íslenska sýningarstjórategyminu og hefur Salvör Gullbrá Þórarinsdóttir leitt vinnu hópsins hér á landi.

Viðburðir og fræðsla

Í viðburða- og fræðslustarfi eru samstarfsaðilar Gerðarsafns margir, þar á meðal skólar, frístundaheimili, leikskólar og sjálfstætt starfandi kennarar og listamenn. Á árinu 2021 var viðburðastarf á safninu á tíðum gloppótt vegna aðstæðna, en tekið var á móti skólahópum á öllum skólastigum þegar færi gafst. Skapandi smiðjur, tónleikar og leiðsagnir voru haldnar bæði í byrjun árs og yfir mitt árið þegar rofaði til í faraldrinum.

Sumarspírir, sumarstarfsmenn MEKÓ, stóðu fyrir metnaðarfullri dagskrá fyrir krakka í Kópavogi sem fór m.a. fram í Gerðarsafni auk þess sem þær héldu viðburði á safninu í tengslum við fjölskyldusýninguna Sjórin er fullur af góðum verum. Sjórin er fullur af rusli!.

Vegna Covid-19 voru tekin upp vídeóviðtöl við listamenn sýningarinnar Skýjaborg og birt á samfélagsmiðlum safnsins í stað hefðbundinna listamannaspjalla. Þessum innsögum var mjög vel tekið.

Grakkarnir

Sumarið 2021 var verkefninu Í takti hrint í framkvæmd, en það var styrkt af Barnamenningarsjóði. Í takti var valdeflandi verkefni fyrir unglinga í Gerðarsafni. Hópurinn starfaði hjá Gerðarsafni á vegum vinnuskóla Kópavogs við að kynna sér samtímalist og starf Gerðarsafns, með það markmið að gera safnið unglingavænna og móta unglingaráð safnsins.

Ungmennin heimsóttu helstu söfn og gallerí á höfuðborgarsvæðinu og fengu til sín fjölmarga listamenn til að kynnast ýmsum ólíkum vinklum samtímalistar á verklegan hátt. Starfið var mótað eftir þeirra óskum enda markmið leiðbeinenda að vekja áhuga á samtímalist á þeirra forsendum. Hópurinn stóð fyrir sýningum og kvöldviðburðum í Gerðarsafni í lok sumars og haustið 2021. Viðburðirnir lukkuðust mjög vel og var mjög vel mætt á sýningar, gjörninga, skringilegheitamarkaði og vídeósýningar. Ungmennaráðið náði greinilega að breiða út boðskapinn til vina sinna á svipuðu reki og var afar ánægjulegt að sjá svona mörg ungmenni koma á Gerðarsafn.

Hópurinn Grakkarnir - ungmennaráð Gerðarsafns mun áfram standa að viðburðum fyrir ungmenni á aldrinum 15-25 ára og vinna að stefnumótun Gerðarsafns til að gera safnið að áfangastað fyrir ungt fólk.

Starfið leiddu þau Salvör Gullbrá Þórarinsdóttir og Helgi Grímur Hermannsson sviðshöfundar.

Vinnustofudvöl ÞYKJÓ

Þverfaglega hönnurarteymið ÞYKJÓ var í vinnustofudvöl í Gerðarsafni í janúar til apríl 2021 þar sem það vann að þróun Kyrrðarrýma. Hönnuðir ÞYKJÓ eru Sigríður Sunna Reynisdóttir, Ninna Þórarinsdóttir, Erla Ólafsdóttir og Sigurbjörg Stefánsdóttir. Lista- og menningarráð Kópavogsbæjar styrkti listamannadvöl ÞYKJÓ í Menningarhúsunum.

Snertifletir á milli hugmynda Þykjó og verka Gerðar Helgadóttur frá síðustu tíu árum ferils hennar voru kannaðir, auk þess sem ÞYKJÓ var í miklu samtali við sérfræðinga Náttúrufræðistofu Kópavogs. ÞYKJÓ vann áfram að þróun Kyrrðarrýmanna með efnistilraunum og gerð líkana að þremur kyrrðarrýmum. Teymið vann að sýningu í sýningarsal á neðri hæð Gerðarsafns þar sem líkönin voru sett í samtal við verk Gerðar Helgadóttur og kuðunga og skeljar úr safneign Náttúrufræðistofu Kópavogs. Sýningin Skríðum inn í skel var opnuð á Vetrarhátíð í Kópavogi 4. febrúar og stóð til 20. mars 2021.

Greiðslur til listamanna

Listamenn sem sýna í Gerðarsafni fá greitt vegna sýningarhalds í samræmi við verklagsreglur sem samþykktar voru af bæjarráði Kópavogs í maí 2019. Gerðarsafn greiðir þóknun til listamanna fyrir þátttöku í sýningum og miðast greiðslur við umfang sýninga eins og tiltekið er í verklagsreglunum. Grunnviðmið greiðslu eru starfslaun listamanna hverju sinni. Einnig greiðir Gerðarsafn fyrir vinnuframlag eftir taxa Sambands íslenskra myndlistarmanna. Markmið verklagsreglnanna er að tryggja að listamenn fái sanngjarnar greiðslur fyrir þátttöku í sýningum og vinnuframlag sem innt er af hendi í tengslum við sýningar á verkum þeirra.

Gerðarverðlaunin

Gerðarsafn setti á fót ný myndlistarverðlaun árið 2020 til stuðnings við höggmyndalist hérlendis. Verðlaunin eru til heiðurs Gerði Helgadóttur myndhöggvara og eru veitt framúrskarandi myndlistarmanni sem vinnur með skúlptúra og rýmisverk. Lista- og menningarráð Kópavogs samþykkti að stofna til verðlaunanna og nema þau einni milljón króna. Stefnt er að því að veita verðlaunin árlega.

Verðlaunin voru veitt í annað sinn 15. desember 2021 og handhafi Gerðarverðlaunanna í ár var Þór Vigfússon (f. 1954) fyrir ríkulegt framlag sitt til höggmynda- og rýmislistar á Íslandi.

Dómnefnd Gerðarverðlaunanna skipuðu: Brynja Sveinsdóttir, forstöðumaður Gerðarsafns, Kristinn E. Hrafnsson myndlistarmaður, tilnefndur af Gerðarsafni, og Svava Björnsdóttir myndlistarmaður, tilnefnd af SÍM.

VIÐBURÐIR 2021

Viðburðir Gerðarsafns árið 2021 voru 71 talsins. Má þar nefna listamannspjall, sýningarstjóraspjall, tónleika, leiðsagnir, fyrirlestira, smiðjur o.fl. Viðburðahald í Gerðarsafni tekur mið af yfirstandandi sýningum.

Árið 2021 voru haldnir 6 opunarviðburðir, 8 fjölskyldustundir, 13 leiðsagnir og 5 hádegiserindi í tengslum við Menningu á miðvikudögum. 2 teiknismiðjur voru haldnar fyrir fullorðna og ungmennaráð Gerðarsafns, Grakkarnir, stóð fyrir 3 viðburðum. Auk þess voru 4 leiðsagnir sendar út í rafrænu streymi. Yfir sumartímam voru Sumarspíru með 5 opnar smiðjur fyrir börn.

Í tengslum við sýninguna Skýjaborg var hægt að halda fimm viðburði en sökum hertra samkomutakmarkana voru tekin upp fjögur vídeóviðtöl við listamenn sýningarinnar og þeim streymt á samfélagsmiðlum safnsins. Nú eru viðtölin á heimasíðu Gerðarsafns.

Sýningarnar Fylgið okkur og GERÐUResque opnuðu samtímis og voru sex viðburðir haldnir í tengslum við þær, leiðsagnir og listamannspjall. Á neðri hæð safnsins voru Kyrrðarrými ÞYKJÓ til sýnis á HönnunarMars og voru tveir viðburðir í tengslum við þau.

GEDRARSAFN LISTASAFN KÓPAVOGS

Í tengslum við sýninguna Hlutbundin þrá voru haldnir sex viðburðir, þ.á.m. leiðsagnir listamanna, sýningarstjórleiðsagnir og kvikmyndasýning í Bíó Paradís. Gerðarsafn tók þátt í Hamraborg Festival sem var listahátíð skipulögð af Midpunkt Gallery og var Styrmir Örn Guðmundsson, einn listamanna sýningarinnar Hlutbundin þrá, með leiðsögn í tilefni hátíðarinnar.

Samtals voru haldnir ellefu viðburðir í tengslum við sýninguna Óræð lönd: Samtöl í sameiginlegum viddum og var sú dagskrá afar vel heppnuð og allir viðburðirnir mjög vel sóttir.

Þetta voru t.d. leiðsögn á ensku með Bryndísi og Mark, leiðsögn á ensku með Becky Forsythe sýningarstjóra, erindi um bráðnun jökla í samstarfi við Náttúrufræðistofu Kópavogs með Oddi Sigurðssyni, erindi frá hamskeranum Brynju Davíðsdóttur, listasmiðjur fyrir börn og fullorðna, hádegisleiðsögn með Æsu Sigurjónsdóttur listfræðingi og hádegiserindi um geirfuglinn með Gísla Pálssyni mannræðingi.

Nýjung í viðburðum á árinu 2021 voru listsmiðjur fyrir fullorðna. Haldnar voru tvær slíkar, fyrsta á föstudegi og seinni á löngum fimmtudegi. Guðlaug Mía Eypórsdóttir myndlistarmaður leiddi báðar smiðjurnar. Fyrri smiðjan var teiknismiðja í tengslum við sýninguna Hlutbundin þrá. Á hana mættu sex manns og gekk mjög vel. Seinni smiðjan var haldin í tengslum við sýninguna Óræð lönd: Samtöl í sameiginlegum viddum og var Guðlaug með uppstillingu með uppstoppuðum fuglum. Á þessa smiðju mættu þrír. Við fengum seinna ábendingu um að margir í þessum markhópi séu á Sinfóníuhljómsveit Íslands á fimmtudagskvöldum og því sé það kannski ekki heppilegur dagur fyrir þetta. Þegar Covid-19 fór aftur að láta á sér kræla af krafti var ákveðið að setja þessar smiðjur aðeins á ís og reyna að hugsa um hvernig mætti gera þær enn betur. Stefnt er að því að halda fleiri smiðjur fyrir fullorðna á árinu 2022.

FRÆÐSLA

Stúdíó Gerðar

Stúdíó Gerðar er opið fræðslurými þar sem börnum, fjölskyldum og öðrum gestum gefst færi á að njóta samverustunda, fræðast og skapa saman. Í Stúdíó Gerðar eru haldnar fjölbreyttar smiðjur í tengslum við sýningar safnsins og sem hluti af Fjölskyldustundum Menningarhúsanna í Kópavogi. Þar er einnig tekið á móti skólahópum í tengslum við leiðsagnir og boðið upp á styttri smiðjur sem miða að aldri og getu hvers hóps fyrir sig. Um helgar er boðið upp á Skapað með Gerði, samverustundir þar sem gestir geta gert sín eigin listaverk úr þeim efnivið sem starfsmenn safnsins draga fram hverju sinni, t.a.m. vatnslitum, leir og teikningu með ljósaborðum. Vegna heimsfaraldurs var fræðslurýmið oft lokað á árinu vegna tilmæla frá Almannavörnum.

ÁRSSKÝRSLA 2021 OG STARFSÁÆTLUN 2022

Skólahópar

Boðið er upp á sérsniðnar leiðsagnir og heimsóknir í Gerðarsafn fyrir alla aldurshópa skólastiganna. Skólahópar koma í leiðsagnir um yfirstandandi sýningu safnsins þar sem lögð er áhersla á samtal og túlkun nemenda á verkunum. Fyrir áhugasama hópa, sérstaklega þá yngri, hefur einnig verið boðið upp á sérsniðnar smiðjur í Stúdíó Gerðar í tengslum við sýningarnar hverju sinni.

Mikil áhersla hefur verið lögð á fræðslu í Gerðarsafni síðastliðin ár. Börn af öllum skólastigum komu í fræðslu á safninu árið 2021, en vegna heimsfaraldurs Covid-19 og samkomutakmarkana voru þau þó færri en fyrirhugað var.

Þrátt fyrir áskoranir tók Gerðarsafn á móti samtals 55 skólahópum í skipulagðar heimsóknir. Árið 2021 var tekið á móti 148 leikskólabörnum, 672 grunnskólanemum, 99 menntaskólanemum og 131 háskólanema. Auk þessara hópa komu 5 leikskólahópar í heimsóknir á eigin vegum, alls 73 börn. Samtals var því tekið á móti 1123 nemendum í skólaheimsóknunum á árinu.

Menning fyrir alla

Í mars heimsóttu á þriðja hundrað 4. bekinga Gerðarsafn og innsetningu ÞYKJÓ og Sóleyjar Stefánsdóttur, Skríðum inn í skel. Þar kynntust þau verkum Gerðar Helgadóttur og líkönunum ÞYKJÓ af Kyrrðarrýmum, þældu í hönnun og hvernig hönnuðir vinna með skala.

Til að kynna börnin fyrir þessum hugtökum höfðu ÞYKJÓ m.a. stillt upp leikföngum við skúlptúrana og fígúrum inni í líkönun þeirra af Kyrrðarrýmum, sem opnaði augu krakkanna fyrir því hvernig ferli hönnuða og listamanna er þegar unnið er að stærri verkum.

ÞYKJÓ höfðu einnig stillt upp kuðungum og skeljum úr Náttúrufræðistofu í rýminu og gátu börnin þannig skoðað hvernig náttúruleg form birtast í skúlptúrum Gerðar og hvernig ÞYKJÓ unnu með þessi náttúrulegu form í hönnun Kyrrðarrýmanna. Þannig gátu börnin einnig fræðst um hvernig hönnuðir og listamenn leita sér innblásturs, meðal annars frá náttúrunni eða verkum annarra (eins og ÞYKJÓ sótti innblástur í verk Gerðar, en einnig í kuðunga og skeljar lindýra, svo eitthvað sé nefnt).



Frá afþreyingu Gerðarverðlaunanna 2021

Innsetning ÞYKJÓ höfðaði vel til barnanna og skilaði sér í meiri áhuga á verkum Gerðar en starfsmenn hafa upplifað í fyrri skólaheimsóknum. Innsetningin ýtti undir náttúrulega forvitni barnanna með dularfullum hljóðum Sóleyjar í innsetningunni, og með litlu figúrunum inni í skúlptúrnum Gerðar og kuðungunum frá Náttúrufræðistofu. Hönnun ÞYKJÓ vekur áhuga barna á hönnun, listaverkum og ferli listsköpunar á hugmyndaáhrifum hátt og tjáir hana á hátt sem höfðar vel til barna og hvetur þau til að nota ímyndunaraflid þegar þau skoða list annarra.

Vatnsdropinn

Sýningin Sjórinn er fullur af góðum verum. Sjórinn er fullur af rusli! Opnaði 19. júní 2021 og síðan þá hafa mörg börn sótt sýninguna heim, í skólahópum og á eigin vegum.

Nokkrir leikskólahópar óskuðu sérstaklega eftir leiðsögn og fræðslu og tók Þorgerður Þórhallsdóttir á móti þeim. Heimsóknirnar miðuðu að aldri barna og var þeim safnað saman í hring og sýningin var kynnt stuttlega. Börnin voru spurð opinna spurninga á borð við: „Hvernig líður ykkur hérna inni? Á hvað minnst þetta ykkur? Hvað sjáid þið? Hverjir búa í sjónum? Hvað er annað að finna í sjónum?“ Út frá þessu sköpuðust lífflegar umræður og börnunum hefur þótt gaman að spá í íbúa hafsins. Svörin voru alls konar, eins og til dæmis: Fiskar, höfrungar, hafmeyjur, plast, skip, draugar, krabbar, kolkrabbar, stjörnuþýskur, sæskrímsli, sjóræningjar og svo mætti lengi telja. Síðan voru myndirnar á veggjunum skoðaðar og börnin spurð hvort þau könnuðust við figúrurnar. Flestir þekktu múmínálfana og elstu börnin þekktu ævintýri H. C. Andersen. Við ræddum um að það glitti í sjóinn eða vatn á öllum myndunum og það sköpuðust skemmtilegar vangaveltur um ævintýri, sögupersónur og sjávarverur með því að skoða með þeim myndirnar og ræða mikilvægi hafsins. Oftar en ekki sagði einhver: Það er bannað að henda plasti í sjóinn!

Eftir umræður var farið að teikna myndir eftir einföldum leiðbeiningum; myndin átti að tengjast sjónum á einhvern hátt.

Óræð lönd: Samtöl í sameiginlegum víddum

Margir skólar og leikskólar höfðu samband og leituðu eftir leiðsögn um sýninguna Óræð lönd og vegna þess hve fjölbreytt og opin sýningin var bauð hún upp á mjög skemmtilega möguleika í safnfræðslu. Inntak sýningarinnar var sérstaklega vel til þess fallið að höfða til allra aldurshópa og áttu flestir gestir auðvelt með að tengja við sýninguna á einhvern hátt. Börnum og unglungum fannst mjög áhugavert að sjá uppstoppuðu fuglana í verkinu Íslenskir fuglar, myndirnar af ísbjörnnum uppstoppuðu í verkinu nanoq: flat-out and bluesome, ísbjarnahíðin í verkinu The Matrix og litla fuglarnir í verkinu The Only Show in Town. Dýrin í verkunum á sýningunni og hugmyndirnar á bak við verkin kveiktu á náttúrulegri forvitni barna og unglunga og það sköpuðust oft á tíðum frábærar umræður um stöðu náttúrunnar í nútímanum.


Smiðjukassar

Nýjung í fræðslustarfi á árinu 2021 voru smiðjukassar sem eru geymdir í móttökunni. Hugmyndin kom eftir ferð Gerðarsafns til Danmerkur en á Louisiana safninu var að finna svipaða kassa. Sem stendur eru þrjár týpur af kössum með skemmtilegum efniviði til listsköpunar og listrænna verkefna. Boðið er upp á teiknidót með teikniverkefnum, lituðum blýöntum, strokleðri, yddara og fleiru; síðan er efniviður til að gera klippimyndir og pappaskúlptúra með lituðum blöðum, límstifti, skærum og fleiru því um líku; og að lokum kassi með 3d penna og öllu sem honum tilheyrir. Hægt er að nálgast kassana í móttöku safnsins og fylgja þeir með hverjum greiddum aðgangi. Árskortshafar geta alltaf nálgast smiðjukassa sér að kostnaðarlausu.

SÝNINGAR 2021

Skúlptúr / Skúlptúr

18. nóvember 2020 - 28. febrúar 2021



Sýningaröðin SKÚLPTÚR / SKÚLPTÚR opnaði í fjórða sinn í Gerðarsafni með einkasýningum þeirra Ólafar Helgu Helgadóttur og Magnúsar Helgasonar. Sýningarnar opnuðu í lok árs 2020 og stóðu fram í lok febrúar 2021. Með sýningaröðinni er gerð tilraun til að skoða skúlptúrinn í samtímanum og þróun þrívíðrar myndlistar. Sýningunum er ætlað að heiðra Gerði Helgadóttur (1928-1975) og framlag hennar til íslenskrar höggmyndalistar um leið og dregnar eru línur sem tengja verk hennar við samtímaskúlptúr.

Hrist ryk á steini | Ólöf Helga Helgadóttir

Húmor og dægurmenning einkenna verk Ólafar og við sjáum vísanir í listasöguna í mínímalískum en glettnum skúlptúrum hennar þar sem fundin efni og hversdagsleiki fá nýja vídd í sýningarsalnum.

Shit hvað allt er gott | Magnús Helgason

Sýning Magnúsar einkennist af gáskafullri uppfinningasemi. „Myndlist sem hittir mann beint í hjartað heillar mig mest, þegar áhorfandinn fær vatn í munninn eða örari hjartslátt þegar hann sér verkið,“ segir Magnús.

Skríðum inn í skel | ÞYKJÓ

04. febrúar 2021 - 07. febrúar 2021




Á innsetningunni Skríðum inn í skel tefla hönnuðir ÞYKJÓ fram líkönum í skalanum 1:5 af „Kyrrðarrýmum“ sem eru innblásin af skjaldböfum, sniglum, kuðungum og fleiri skeldýrum, og Sóley Stefánsdóttir tónlistarkona kitlar ímyndunaraflid í gegnum eyru okkar. Hvernig hljómar rigningin þegar við sitjum inni í skel og hlustum? Er hægt að flauta inni í kuðung? Kuðungur vex hring eftir hring en hvernig ferðast hljóðbylgjur ofan í vatninu?

Hönnuðir: Sigríður Sunna Reynisdóttir
Ninna Þórarinsdóttir
Erla Ólafsdóttir
Sígurbjörg Stefánsdóttir

SKÝJABORG

06. mars 2021 - 15. maí 2021



Skýjaborg er sýning á verkum fjögurra samtímalistamanna sem sprettur úr sameiginlegum grunni: Kópavogi. Saga staðarins markast af stórhuga áætlunum og kristallar hraða uppbyggingu borgarrýma. Þetta er staður sem þróast úr sveit í borg á slíkum hraða að háhýsi eru byggð á sama tíma og sauðfjárbúskapur nær hámarki sínu. Sagan minnst okkur á að umhverfi okkar er í stöðugri þróun og allt er breytingum háð. Áfram kortleggjum við framtíðina, leggjum undir okkur ný svæði og endurhugsum þau gömlu. Þannig byggjum við á framtíðarsýn fortíðarinnar og reynslunni ríkari reynum við að betrubæta framtíðina. En eins og gerist með skýjaborgir er markmiðið gjarnan eins og hilling sem færir undan um leið og við nálgumst hana.

Listamenn Berglind Jóna Hlynsdóttir
Bjarki Bragason
Eirún Sigurðardóttir
Unnar Örn Jónasson Auðarson

Sýningarstjórar Brynja Sveinsdóttir
Klara Þórhallsdóttir

KYRRÐARRÝMI | ÞYKJÓ á

HönnunarMars

19. maí 2021 - 06. júní 2021



Kyrrðarrými er ný íslensk hönnunarvara ÞYKJÓ fyrir börn og foreldra þeirra til að skapa ró og næði í dagsins önn.

Kyrrðarrýmin eru hugsuð sem húsgögn á heimilum sem og innsetningar á bókasöfnum, menningarhúsum og opinberum stofnunum. Hugað er að loftgæðum, birtu og hljóðvist við hönnun rýmanna.

Kyrrðarrýmin eru innblásin af skeldýrum á borð við kuðunga, snigla og skjaldbökur og eru framhald af þeirri rannsóknarvinnu sem hófst með búningnum „Feludýrinu“ sem var kynntur á HönnunarMars 2020.

Kyrrðarrýmin eru til sýnis í Gerðarsafni, en þau voru unnin á meðan hönnuðir höfðu listamannadöl þar í janúar – apríl. Í sama rými má sjá höggmyndir Gerðar Helgadóttur sem Kyrrðarrýmin eiga í formfræðilegu samtali við.

Hönnuðir: Sigríður Sunna Reynisdóttir
Ninna Þórarinsdóttir
Erla Ólafsdóttir
Sígurbjörg Stefánsdóttir

GEDRARSAFN LISTASAFN KÓPAVOGS

ÁRSSKÝRSLA 2021 OG STARFSÁÆTLUN 2022

FYLGID OKKUR I HönnunarMars

20. maí 2021 – 30. maí 2021



Sýningin Fylgið okkur teflir fram völdum verkum frá nýjum og upprennandi íslenskum hönnuðum sem eru nýspróttir fram á sjónarsviðið. Hönnuðirnir eiga það sammerkt að hafa með sínum fyrstu verkum vakið athygli og eftirvæntingu, hver á sínu sviði.


Samruni og samvinna þvert á greinar er einkennandi en hönnuðirnir líta inn á við, út á við og fram á við í leit að nýjum leiðum til að takast á við viðfangsefni nútíðar og framtíðar: Sjálfbærni og fléttu samfélags við manngerð vistkerfi; vistvæna gjörnýtingu dýraafurða annars vegar og staðgengla þeirra í fæðuhringnum hins vegar; frammistöðukvíða og innblástursleysi á mótí óhindruðum leik- og sköpunarkrafti; framtíð tískunnar og marglaga sjálfsmýnd okkar í sýndar- og raunveruleika.

Hönnuðir Anna Diljá Sigurðardóttir
Arnar Grétarsson
Arnar Már Jónsson
Búi Bjarmar Aðalsteinsson
Sigríður Birna Matthíasdóttir
Sólveig Hansdóttir
Steinarr Ingólfsson
Valdís Steinarsdóttir

Sýningarstjóri Sara Jónsdóttir

GERÐUResque

20. maí 2021 – 30. maí 2021



Að bíta í epli, að upplifa einangrun, þróun ofur-lífvera og hreyfiskynjun fiska í Baikalvatni... þessir þættir ásamt fleirum renna saman við líf og list Gerðar Helgadóttur í þeim fjölbreytilegu og margþættu verkum sem sjá má á sýningunni. Gerðarsafn bauð MA nemum við Listaháskóla Íslands og Háskóla Íslands að bregðast við listsköpun og persónu Gerðar Helgadóttur. Nemarnir fengu innsýn í safneignina og rannsókuðu hinar margvíslegu hliðar á lífi og listrænu starfi Gerðar. Efniviður, viðfangsefni og tækni Gerðar, sem og stofnunin sjálf sem geymir verk hennar,

varð að lokum innblástur fyrir þeirra eigin listsköpun. Listamenn sýningarinnar eru MA nemar í myndlist við Listaháskóla Íslands.

Sýningarstjórar eru MA nemar í sýningargerð við Listaháskóla Íslands og í listgagnrýni og sýningarstjórnun við Háskóla Íslands.

Listamenn: Arnþór Ævarsson
Elnaz Mansouri
Freyja Reynisdóttir
Gabriella Panarelli
Gerður Helgadóttir
Jasa Baka
Jóhanna Margrétardóttir
María Sideleva
Martha Haywood
Melanie Ubaldó
Ragnhildur von Weisshappel
Rebecca Larsson
Tinna Guðmundsdóttir

Sýningarstjórar: Amanda Poorvu
Ari Alexander Ergis Magnússon
Björk Hrafnisdóttir
Heba Helgadóttir
Sylvía Lind Birkland
Karl Ómarsson
Vala Pálsdóttir

Sjórinn er fullur af góðum verum.

Sjórinn er fullur af rusli!

19. júní 2021 – 31. október 2021



Þessi sýning er heimur. Þessi sýning er hafið. Þar búa fiskar og rusl saman. Fyrir þessa sýningu hugsuðu börnin um hafið og uppáhaldspersónurnar sínar úr bókum norrænna höfunda. Nú bjóða þau okkur á stað þar sem hægt er að láta sig dreyma um öðruvísi náttúru. Þetta er fyrsta sýning Vatnsdropans, alþjóðlegs verkefnis þar sem verið er að skapa menningardagskrá með börnum og fyrir börn. Sýningin er afrakstur samstarfs við Múmínálfasafnið í Tampere, H.C. Andersen safnsins í Óðinsvéum og Ilon's Wonderland safnið í Haapsalu í Eistlandi. Eitt meginsteff Vatnsdropans er að tengja boðskap og gildi heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun við sigild skáldverk barnabókahöfunda á borð við Tove Jansson, Astrid Lindgren og H.C. Andersen.

GEDRARSAFN LISTASAFN KÓPAVOGS


Ungir sýningarstjórar: Elsa Johanna Talvistu
Fjóla Kristín Sveinbjörnsdóttir
Freyja Lóa Sigríðardóttir
Ines Väänänen
Kristine Hjarsbæk Sörensen
Lóa Arias
Maisa Kiviniity
Mathilde Aagaard Andersen
Mineá Engmann
Moona Ojasoo,
Olivia Rosenfeldt Lacy
Vigdís Una Tómasóttir
Íva Jovisic

Verkefnið er stutt af Erasmus+, Barnamenningarsjóði Íslands, Norræna menningarsjóðnum, Nordplus og lista- og menningarráði Kópavogsbæjar.

HLUTBUNDIN ÞRÁ

05. júní 2021 – 29. ágúst 2021

Hlutbundin þrá er samsýning átta samtímalistamanna frá Íslandi og Singapúr sem hverfist um samband mannsins við



hlutlægni og hluti. Sýningin er samtíningur af klippimyndum, skúlptúrum, vídeóverkum og innsetningum. Verkin skoða hlutgervingu mynda sem innihalda þrá og langanir, ásamt umboði og áhrifum slíkra mynda sem eru séðar og dreifðar, jafnvel endurgerðar.

Fyrir þessa sýningu bauð sýningarstjórinn Dagrún Aðalsteinsdóttir hverjum listamanni að skapa verk sem skoða verðmæti og stigveldi þess sem felst í því að vera hlutur eða mynd. Sýningin er tilraun til að skapa gagnkvæma virkni milli hluta og einstaklinga, þar sem listaverkin eru blanda af „hlut og viðfangi.“


Listamenn Daniel Hui
Dagrún Aðalsteinsdóttir
Guo Liang
Guðlaug Mía Eypórsdóttir
Luca Lum
Stýrmir Örn Guðmundsson
Sæmundur Þór Helgason
Weixin Chong

Sýningarstjórar Dagrún Aðalsteinsdóttir
Guo Liang
Weixin Chong

ÁRSSKÝRSLA 2021 OG STARFSÁÆTLUN 2022

Óræð lönd: Samtöl í sameiginlegum víddum

11. september 2021 – 09. janúar 2022



Listamennirnir Bryndís Snæbjörnsdóttir og Mark Wilson fagna 20 ára samstarfi með yfirlitssýningu í Gerðarsafni. Þau staðsetja list sína sem rannsóknar- og samfélagslist og nota gjarnan samspil manna og dýra í verkefnum sínum til að skoða málefni er varða sögu, menningu og umhverfið. Mörg af verkefnum þeirra hafa orðið til í listamannadölv erlendis, á stöðum á borð við Norðurpólinn, Svalbarða, Alaska, Grænland og Ísland. Með listrannsóknnum sínum kveikja þau hugleiðingar og samtal um hvernig heimurinn er að breytast og hlutverk okkar mannfólksins í þeim breytingum. Listamennirnir nálgast listsköpun sína með vistfræðilegri og heildrænni sýn. Verk þeirra eru þverfagleg í eðli sínu og taka gjarnan form innsetninga með skúlptúrum, fundnum hlutum, vídeóverkum, hljóði, teikningum, ljósmyndum og textum. Þetta er í fyrsta sinn sem jafn yfingripsmikið yfirlit yfir verk þeirra hefur sést.

Listamenn Bryndís Snæbjörnsdóttir
Mark Wilson

Sýningarstjóri Becky Forsythe

GERÐUR grunnsýning

Á neðri hæð safnsins er yfirlitssýning með verkum Gerðar Helgadóttur. Sýningunni er ætlað að veita innsýn í feril listakonunnar og verk hennar. 1400 verk sem ættingjar Gerðar Helgadóttur gáfu Kópavogsbæ árið 1977 eru grunnstoð safneignarinnar og kveikjan að stofnun Gerðarsafns. Sýningin GERÐUR er í nánú samtali við fræðslurými Gerðarsafns, Stúdíó Gerðar, þar sem gestum gefst færi á að fræðast og skapa myndlist. Stúdíó Gerðar er einnig vettvangur fjölbreyttra viðburða sem haldnir eru í tengslum við yfirstandandi sýningar.

SÝNINGAR 2022

AD INFINITUM

14. janúar 2022 - 27. mars 2022

Sýningin Ad Infinitum í Gerðarsafni er áhrifaríkt samtal myndlistarmannsins Elínar Hansdóttur og hljóðlistamannsins Úlfs Hanssonar. Systkinin kanna í sameiningu hárfína fyrirbærafræðilega þætti rýmistilfinningar og bjóða áhorfandanum að dvelja í ógreinilegu rými sem erfitt er að henda reiður á, en í forgrunni er líkamleg viðvera í umhverfi okkar.

Sýningin er hluti af Ljósmyndahátíð Íslands 2022.

Listamenn	Elín Hansdóttir Úlfur Hansson
Sýningarstjóri	Brynja Sveinsdóttir

08-18 (Past Perfect)

14. janúar 2022 - 27. mars 2022

Santiago Mostyn sýnir nýja innsetningu í Gerðarsafni með ljósmyndum og vídeóverkum sem unnin voru þvert yfir Svarta Atlantshafið með áherslu á staði sem listamaðurinn tengist persónulega. Ljósmyndaröðin 08-18 (Past Perfect) er sýnd hér í fyrsta sinn og var gerð á áratug af endurkomum til Trinidad, Zimbabwe, Grenada, Bandaríkjana og Skandinavíu. Myndaröðin hangir á veggfóðri sem unnið er með bláþrykki (e. cyanotype), sem mun breytast og framkalla grábláan tón með því að vera baðað vetrarsól meðan á sýningunni stendur.

Sýningin er hluti af Ljósmyndahátíð Íslands 2022.

Listamenn	Santiago Mostyn
Sýningarstjóri	Brynja Sveinsdóttir

Stöðufundur

02. apríl 2022 - 29. maí 2022

Sýningin Stöðufundur veitir innsýn í hugarheim og væntingar tíu listamanna sem eru í fararbroddi sinnar kynslóðar, án þess þó að ætla sér að vera heildrænt yfirlit yfir stöðu samtímalistar og bókmennta í dag. Sérstaða sýningarinnar liggur fremur í fókus hennar á persónulega upplifun listamannanna á sinni eigin fortíð, nútíð og framtíð og listræna miðlun hennar. Þá veitir samþætting listgreinanna tveggja, myndlistar og ritlistar, einstakt tækifæri til að eiga í samtali á þverfaglegum grundvelli og skapar listrænan skurðpunkt sem sýningin hverfist um.

Listamenn	Auður Ómarsdóttir Björk Viggósdóttir Fritz Hendrik IV Guðlaug Mía Eypórsdóttir Páll Haukur
Rithöfundar	Bergur Ebbe Fríða Ísberg Halldór Armand Jakub Stachowiak Kristín Eiríksdóttir
Sýningarstjórar	Kristína Aðalsteinsdóttir Þorvaldur Sigurbjörn Helgason

ALDA

11. júní 2022 - 04. september 2022

ALDA er innsetning á mörkum dans og myndlistar þar sem margra ára farsælt listrænt samstarf Evu Signýjar Berger og Katrínar Gunnarsdóttur birtist okkur á nýjum vettvangi. Katrín Gunnarsdóttir danshöfundur hefur unnið síðustu ár að því að byggja upp hreyfitungumál og myndmál þar sem mýkt, viðkvæmni, sibreytileg hreyfing og samruni líkama við umhverfi sitt leika lykilhutverk. Í verkinu ALDA sækir hún í sögu líkamlegrar vinnu kvenna og sérstaklega til endurtekinnna hreyfinga og söngva, með það að markmiði að skapa aðstæður fyrir nána kvenlæga samveru, samhug og samruna.

Titill verksins endurspeglar ölduna sem hreyfiform, en vísar líka í tímann og söguna, hið gamla og nýja.

Sýningin er samstarfsverkefni við Listahátíð í Reykjavík.

Listamenn	Katrín Gunnarsdóttir danshöfundur Eva Signý Berger hönnuður Baldvin Þór Magnússon hljóðhönnuður dansarara
-----------	---

Platform Gátt

1.06.2022-04.09.2022

Platform Gátt er samstarfsverkefni á vegum norrænu ráðherranefndarinnar og stýrt af Listahátíð í Reykjavík. Platform Gátt stendur að fimm listahátíðum á þriggja ára skeiði sem miða að því að auka tækifæri fyrir unga listamenn þvert á listgreinar. Þátttakendur eru frá Noregi, Grænlandi, Finnlandi og Færeyjum auk Íslands.

Sýningin verður á verkum átta samtímalistamanna sem valdir hafa verið af hverju landi fyrir sig. Verkin eiga það sameiginlegt að velta upp spurningum um uppruna, áhrif samfélags á listsköpun og hlutverk í samfélaginu.

Listamenn	Contance Tenvik (NO) Nayab Ikram (FI/AX) Ville Anderson (FI) Climate Church: Lara Marleena Halonen og Ronja Louhivuori (FI) Melanie Ubaldo (IS) Loji Höskuldsson (IS) Una Björg Magnúsdóttir (IS)
Sýningarstjóri	Starkaður Sigurðsson

FRAMTÍÐARSÝN

Hjarta menningarmála Kópavogsbæjar liggur í Hamraborginni og nálægðinni milli Menningarhúsanna. Hamraborgin er í senn sérstaðan og styrkurinn í menningarmálum bæjarins, enda undirstaða fyrir þá þætti sem hægt er að byggja á til framtíðar; nálægðin leiðir af sér virkt samtal og öflugt samstarf.

Nálægðin er einnig undirstaða þess grundvallarmarkmiðs að Gerðarsafn sé lifandi vettvangur fyrir listir. Í því felst að Kópavogsbúar, íbúar höfuðborgarsvæðisins, aðrir landsmenn og erlendir ferðamenn fái reglulega aðgang að sýningum, viðburðum og upplifunum sem vekja áhuga þeirra. Virkt sýningarhald stuðlar að því að gestir kynnist fjölbreytileikanum sem myndlistin nær utan um og öðlist skilning á því sögulega, félagslega og menningarlega samhengi sem listaverk og höfundar þeirra tengjast.

Sérstaða Gerðarsafns

Gerðarsafn stendur fyrir öflugri og metnaðarfullri sýningardagskrá sem ætlað er að endurspeglar strauma og stefnur samtímans samhliða sýningum á verkum úr safneign. Metnaður, listrænt gildi, aðgengileg og upplýsandi fræðsla og þjónusta er höfð í fyrirrúmi í tengslum við alla starfsemi safnsins.

Framúrstefnuleg myndlist hefur verið leiðandi stef í starfsemi safnsins og eru fræðsla og viðburðir unnin í nánu samstarfi við yfirstandandi sýningar. Hvernig safneign Gerðarsafns er nýtt helst í hendur við þessa stefnu, þar sem verk úr safneign eru notuð til að tengjast gestum safnsins á nýjan hátt. Unnið er út frá því að vekja forvitni og áhuga gesta safnsins á þeirri list sem er sýnd frekar en að miðla listsögulegum rannsóknnum eða staðreyndum. Í allri starfsemi safnsins er miðað að því að kynna framúrstefnulega og alþjóðlega myndlist fyrir safngestum á opinn og aðgengilegan hátt þar sem gestir eru leiddir til samtals á eigin forsendum.



ÁRSSKÝRSLA 2021 OG STARFSÁÆTLUN 2022

Friðmann FTLÓP ÖNKUR

Gerður áorkaði einstaklega miklu þótt ævi hennar væri stutt og einkennist safneignin með verkum hennar af mjög fjölbreyttri list af ólíkum gerðum sem enn hefur ekki verið varpað nægilega góðu ljósi á. Gerðarsafn gaf síðast út bók um Gerði Helgadóttir fyrir tíu árum síðan en margir þættir í hennar listsköpun eru enn ókannaðir og er því ærið tilefni til yfirgripsmikillar rannsóknar sem setur safneignina í nýtt samhengi. Rannsóknin mun varpa ljósi á hamskipti í listsköpun Gerðar og segja sögu um einstaklega efnilega listakonu sem vann í mismunandi efnivið á einkar fjölbreyttan hátt á tíma þegar það tíðkaðist ekki að konur leggðu fyrir sig höggmyndalist.

Undirbúningur rannsóknarinnar hófst sumarið 2021 með skráningarverkefni. Markmið þess var að bæta listfræðilegri lýsingu við öll verk Gerðar Helgadóttir í safneign Gerðarsafns, sem og að skanna inn spjaldskrár, ljósmyndir og skjöl sem enn eru óskráð í safneign Gerðarsafns í Sarpi. Verkefnið var unnið af Guðrúnu Heiði Ísaksdóttur og Nönnu Láru Vignisdóttur sem voru ráðnar tímabundið yfir sumarið 2021. Umsjónarmenn verkefnisins voru Cecilie Gaihede og Anna Karen Skúladóttir sem sáu um verkefnaskipulag og leiðbeiningar. Afurð verkefnis var betri skráning í Sarpi sem mun auka aðgengi almennings að safneign safnsins og tryggja faglegri vinnubrögð í verkefninu Hamskipti í ferli Gerðar Helgadóttir.

Stuðningur við samtímalist

Á árinu 2021 var unnið í síauknum mæli að stuðningi við samtímalist með vinnustofudvöl og verðlaunum til starfandi myndlistarmanns. Verðlaunin eru til heiðurs Gerði Helgadóttur og er arfleifð hennar mætt í samhengi samtímalistar. Með tilkomu verðlaunanna er unnið að því að styðja í auknum mæli við starfandi myndlistarmenn og staðfesta sérstöðu Gerðarsafns sem listasafn tileinkað myndhöggvara. Er þar unnið að framþróun höggmyndalistar á Íslandi og að tengja grunn safnsins, listræna stefnu þess og hreyfingar innan myndlistar í dag.

LOKAORÐ

Listasafn er vettvangur fyrir framúrstefnulegar hugmyndir, upplifanir, túlkanir og virkt samtal. Listasafn speglar samfélagið og vinnur markvisst að tengingu við gesti í gegnum viðburði, fræðslustarf og miðlun sýninga. Listasafn eiga að vera vettvangur fyrir alla og stuðla að því að auðga mannlífið og virkja ólíka hópa samfélagsins í starfsemi sinni.

Tækifæri felast í skapandi afli myndlistar og þróun er nauðsynleg í starfsemi listasafna.


GEDRARSAFN LISTASAFN KÓPAVOGS

LYKILTÖLUR 2021


LYKILTÖLUR	Fjöldi viðburða 2020	Gestafjöldi 2020	Fjöldi viðburða 2021	Gestafjöldi 2021
Gestafjöldi á Gerðarsafn		35.974		41.636
Viðburðir á Gerðarsafni	53	2.627	67	3.178
- þar af sérviðburðir Gerðarsafns	37	1.194	39	1.740
- þar af viðburðir og hátíðir MEKÓ	16	1.433	28	1.438
Skólaheimsóknir á Gerðarsafn	23	340	60	1.123
		Fjöldi 2020		Fjöldi 2021
Verk í safneign		4.289		4.294
Verk í Sarpi		4.270		4.275
Útlán listaverka		2		2

* Fjölskyldustundir á laugardögum, Menning á miðvikudögum, Langir fimmtudagar og allar hátíðir MEKÓ.

FJÖLDI GESTA 2017 - 2021



FJÖLDI VIÐBURÐA 2017 - 2021



FJÁRMÁL 2021

FJÁRMÁL 2020 -2021 OG ÁÆTLUN 2022	2020 í þús. kr.	2021 í þús. kr.	Áætlun 2022 í þús. kr.
Tekjur			
Rekstrartekjur	5.519	4.824	7.724
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	51.142	33.614	52.017
Annar rekstrarkostnaður	96.863	100.429	102.699
Rekstrarniðurstaða	142.306	129.219	146.992

ÁRSSKÝRSLA 2021 OG STARFSÁÆTLUN 2022



HÉRAÐSSKJALASAFN KÓPAVOGS

HLUTVERK

Héraðsskjalasafn Kópavogs starfar í samræmi við samþykkt bæjarstjórnar Kópavogs fyrir Bæjarskjalasafn Kópavogs 28. nóvember 2006, skv. lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og reglugerðum á grundvelli þeirra laga. Hlutverk Héraðsskjalasafnsins er m.a. að taka við og heimta inn skjöl frá afhendingarskyldum stofnunum, stjórnarsýslu, stjórnnum og ráðum bæjarfélagsins og varðveita þau og veita aðgengi að þeim skv. lögum og leiðbeina um notkun þeirra. Einnig að hafa eftirlit með skjalavörslu þessara stofnana bæjarins. Héraðsskjalasafnið skal safna markverðum skjölum einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka, sem ekki eru skilaskyld til safnsins, auk ljósmynda, hljóð- og myndbanda og sambærilegra gagna sem varða sögu starfssvæðisins eða íbúa þess á einhvern hátt og tryggja aðgengi að þeim skjölum. Það skal leitast við að eignast eftirtökur af öðrum skjölum sem varða starfssvæðið og ekki fást í frumriti og gangast fyrir rannsóknnum sem tengjast safnkostinum.

LEIÐARLJÓS

Héraðsskjalasafn Kópavogs starfar á grundvelli lýðræðis- og mannréttindahugmynda um rétt borgaranna til skjala, sem má rekja aftur til upplýsingar 18. aldar. Sá réttur er forsenda opins og gagnsæis borgaralegs þjóðfélags. Það hefur að leiðarljósi að bæta og styðja við skjalavörslu Kópavogsbæjar og efla og viðhalda vitund starfsmanna bæjarins um mikilvægi hennar. Einnig að efla og viðhalda vitund Kópavogsbúa um sögu sína og borgaralegan rétt til skjala. Þar skipta máli fagleg og siðleg vinnubrögð í samræmi við alþjóðleg viðmið, en Héraðsskjalasafnið á aðild að Alþjóðlega skjalaráðinu. Mikilvæg eru öflug tengsl við bæjarbúa, t.d. með samvinnu við Sögufélag Kópavogs, miðlun safnkostsins og fræðslu til yngri kynslóðar Kópavogsbúa. Meðalhóf, jafnræði og gagnsæi eru kjarninn í þeirri festu og skýrleika sem einkenna eiga starfsemi og þjónustu Héraðsskjalasafnsins.

MARKMIÐ

Meginmarkmið Héraðsskjalasafns Kópavogs er að rækja stjórnarsýslu- og menningarhlutverk sitt eins og best verður á kosið miðað við aðstæður hverju sinni. Þannig verður Héraðsskjalasafnið að þeirri miðstöð réttinda Kópavogsbúa og Kópavogsbæjar sem því er ætlað að vera auk þess að gegna mikilvægu hlutverki sem uppspretta heimilda um sögu Kópavogs og Kópavogsbúa með aðgengi að safnkostinum og miðlun hans.

STARFSEMI 2021

Afgreiðslutími og aðgangseyrir

Lestrarsalur er opinn á afgreiðslutíma Héraðsskjalasafns Kópavogs mánudaga-föstudaga kl. 10-16 og eftir samkomulagi að auki. Allir sem vilja kynna sér eða nýta safnkostinn eru velkomnir í Héraðsskjalasafn Kópavogs án endurgjalds.

Gestir

Samkvæmt almannaþjónustuhlutverki Héraðsskjalasafnsins veita starfsmenn gestum og notendum sem eftir því leita aðstoð við aðgengi að skjölum í vörslu þess. Eftir því sem safnkosturinn hefur aukist undanfarin ár hefur þetta verið vaxandi þáttur í starfsemi.

Gestafjöldi árið 2021 var 243 manns, og að auki 72 á þremur myndgreiningarmorgnum.

STARFSMANNAMÁL

Starfsmenn, fyrir utan húsumsjón og ræstingar, eru þrír í fullu starfi, héraðsskjalavörður, skjalavörður og margmiðlunarfræðingur og auk þess er einn starfsmaður í 20% starfi við myndavef.

HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

Húsnæði Héraðsskjalasafns Kópavogs er að Digranesvegi 7 og að auki skjalageymslur (116,6 m²) að Fannborg 3-5.

Almenn vinnuaðstaða	88,7 m ²
Skrifstofuaðstaða	88,9 m ²
Skjalageymslur	261,4 m ²
Lestrarsalur, aðstaða gesta og fræðimanna	57,9 m ²
Samtals	496,9 m ²

Geymslurými í hillum í skjalageymslum er 2.551 hillumetri. Geymslurými er á þrotum eftir miklar afhendingar árunna 2017-2018 frá bæjarskrifstofum og sníður það starfseminni nú þröngan stakk.

Minjasafn Kópavogsbæjar í Austurkór sem er í umsjá Héraðsskjalasafnsins er 105,9 m².

AÐFÖNG

Aðföng skjala 2021 voru minni um sig en undanfarin ár og veldur þar að nokkru að geymslurými er af skornum skammti vegna mikilla afhendinga undangenginna ára. Takmarkað svigrúm til viðtöku skjala hefur haft hamlandi áhrif. Ekki hefur verið hægt að uppfylla allar óskir skilaskyldra stofnana Kópavogsbæjar um afhendingu skjala á árinu.

Fjöldi og umfang afhendinga er því minna en verið hefur. Afhendingar árið 2021 voru 48 talsins og ná yfir um 31,5 hillumetra.

Fimm sumarstarfsmenn störfuðu við Héraðsskjalasafn Kópavogs sumarið 2021; þau Árni Pétur Árnason, Ástþór Örn Sigurðsson, Heiðrún Erla Geirsdóttir og Linda María Petersen sem gengu frá bókhaldsskjölum og Jónas Þór Guðmundsson sem sinnti skráningu ljósmynda. Þau umpökkuðu, hreinsuðu og skráðu um 180 hillumetra af skjölum sem urðu 150 metrar þegar upp var staðið. Síðasta ársfjórðung 2021 var Hjörtur M. Jónsson ráðinn til starfa við skráningu skjala, en hann hefur áður sinnt þeim starfa á Héraðsskjalasafninu með sóma árið 2009.

Handbókasafn Héraðsskjalasafns Kópavogs hefur vaxið á árinu 2021. Fyrir utan aðföng sem aflað var með kaupum m.a. á Lagasafni handa Íslandi (Lovsamling for Island) naut Héraðsskjalasafnið velvildar Búnaðarfélags Íslands í veglegri bókgjöf, en unnið er að skráningu hennar. Berglind Ásgeirsdóttir færði Héraðsskjalasafninu bækur úr eigu Gísla Ágústss Gunnlaugssonar sagnfræðings. Ólafur Tómasson og Kristín Ólafsdóttir færðu safninu einnig bækur, sem og Sigríður Ingólfssdóttir, erfingjar Sigurðar Helga Valgarðssonar vélfræðings og Þorsteinn Tryggvi Músson f.h. Héraðsskjalasafns Árneseinga.

Fjórir sumarstarfsmenn úr Vinnuskóla Kópavogs, þau Aníta Eva Ósk Marcello, Árný Thelma Laufeyjardóttir, Dagur Steinarsson og Sverrir Björgúlfur Hafþórson, unnu að skráningu bókasafns Héraðsskjalasafnsins um mánaðartíma.

Um mánaðarskeið sumarið 2021 voru því alls starfandi tólf starfsmenn á Héraðsskjalasafni Kópavogs og hafa ekki verið fleiri í einu frá upphafi.

SAMSKIPTI

Vefsíða Héraðsskjalasafns Kópavogs <https://heradsskjalasafn.kopavogur.is/> er í stöðugri þróun en tók ekki meiriháttar stakkaskiptum á árinu 2021. Unnið var áfram að því að leggja drög að nýjungum til að koma betur til móts við notendur og verður þeim hleypt af stokkunum með endurnýjun vefsíðna menningarstofnananna árið 2022.

Héraðsskjalaverðirnir í Kópavogi og Árneseyslu halda úti Skjalavefnum, upplýsingasíðu um skjalavörslumál: www.heradsskjalasafn.is

SAMSTARF / NÝSKÖPUN

Samstarf við Sögufélag Kópavogs var með hefðbundnum hætti að svo miklu leyti sem aðstæður leyfðu. Safnanótt 2021 féll niður. Sameiginlegt adventukaffi í desember féll niður, en stjórn félagsins fundaði í húsnæði Héraðsskjalasafnsins eftir því sem heimilt var skv. sóttvarnareglum. Vinna við útgáfu rits Katrínar Heiðar um Sundlaugarbyggingu Högnu Sigurðardóttur arkitekts hófst. Undirbúningur að útgáfu rits Guðlaugs R. Guðmundssonar sagnfræðings um nafnfræði Kópavogs hélt áfram og fenginn var ritstjóri til verksins.

Samstarfi fimm héraðsskjalasafna skv. samstarfssamningi frá 6. mars 2019 var sinnt með samráðs- og vinnufundum. Skjalasöfnin eru Héraðsskjalasafn Kópavogs, Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu, Héraðsskjalasafn Árneseinga, Héraðsskjalasafn Akraness og Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar. Haldin var ráðstefna á vegum þessara skjalasafna að Skógum 13.-15. október þar sem fjallað var um ýmsa faglega þætti starfseminnar, m.a. langtímavarðveislu skjala gagnvart rafrænni stjórnsýslu.

Fyrirhuguð þátttaka starfsmanna í Vestnorrænum skjaladögum í Þórshöfn í Færeyjum 30. ágúst til 2. september féll niður vegna sóttvarna.

VIÐBURÐIR

Aðeins var fært, vegna sóttvarnaaðgerða, að halda myndgreiningarmorgna þrisvar á árinu, 2. júní í húsnæði Catalinu að Hamraborg 11 og í Héraðsskjalasafninu 29. september og 20. október. Aðsókn var nokkur sem sýnir hversu vel þessar samkomur mælast fyrir.

HELSTU VERKEFNI 2022

Framtíðarsýn

Regluleg og fastmótuð skjalavarsla stjórnsýslu, stofnana, ráða og nefnda er forsenda aðgengis að skjölum og lýðræðislegs gagnsæis. Skyldubundnar aðferðir til að ná þessu fram eru skjalavistunaráætlanir, bréfalyklar (málalyklar) og notkun alþjóðlegra staðla (ISAD(G), ISDF, ISAAR (CPF) og ISDIAH) við skráningu. Héraðsskjalasafn Kópavogs mun stuðla að því að koma þessum aðferðum á í samvinnu við forstöðumenn á hverjum stað en þeir eru ábyrgðarmenn skjalavörslu að lögum. Þetta er t.d. frumforsenda þess að nýta stafræna tækni við skjalavörslu, en annars er einboðið að lögmælt skjalavarsla hins opinbera fari í handaskolum.

Aðfangastefnu um einkaskjalasöfn verði framfylgt betur, en fræðsla og kynning á tilvist og starfsemi Héraðsskjalasafnsins er mikilvægur þáttur í því að bjarga merkilegum skjölum einstaklinga, félagasamtaka og fyrirtækja frá því að glatast.

Samstarf Héraðsskjalasafns Kópavogs við önnur héraðsskjalasöfn er vænleg leið til að styðja við þessi áform.

Þjónusta

Enn sem fyrr verður stefnt að því að auka notagildi Héraðsskjalasafnsins fyrir almenning með meiri skráningu og birtingu skráa yfir skjöl í vörslu þess jafnt sem bókakost.

Stefnt er að því að ljúka skráningu minjasafns bæjarins og birta á vef Héraðsskjalasafns Kópavogs á árinu, en búið er að ljósmynda stóran hluta þess árið 2020.

Viðburðir, fræðsla og sýningarhald

Stefnt er að áframhaldandi útgáfu smárita í samvinnu við Sögufélag Kópavogs. Vinna í samvinnu við félagið við útgáfu á nafnfræðiriti Guðlaugs R. Guðmundssonar sagnfræðings um Kópavog er komin nokkuð á veg. Stefnt er að því að halda reglulega fræðslustundir fyrir grunnskólanemendur um starfsemi héraðsskjalasafnsins. Stefnt er að því að út komi rit um Kópavogsfundinn 1662 en undirbúningur að því hófst árið 2018 í framhaldi af sýningu um fundinn á Héraðsskjalasafninu í tilefni aldarafmælis fullveldisins.

Námskeið um skjalavörslu verða haldin fyrir stofnanir og skrifstofu bæjarins og áhersla verður lögð á aðstoð við að koma á skjalavistunaráætlunum og bréfalyklum (málalyklum).


Haldið verður áfram að bæta við birtar myndir á myndavef og fleira verður birt á skjalavef. Jafnframt verður bætt við á vefsíðu upplýsingum fyrir notendur skjala.

Myndgreiningarmorgnar verða haldnir reglulega á ný.


Húsnæði og búnaður

Aukið geymslurými er nauðsynlegt til þess að starfsemi Héraðsskjalasafns Kópavogs fái þrífist. Áfram verður leitað leiða til lausnar á þeim vanda.

FJÖLDI GESTA 2017 - 2021



FJÖLDI VIÐBURÐA 2017 - 2021



ÁRSSKÝRSLA 2021 OG STARFSÁÆTLUN 2022

HÉRADSSKJALASAFN KÓPAVOGS

FJÁRMÁL 2021

FJÁRMÁL 2020 -2021 OG ÁÆTLUN 2022	2020 í þús. kr.	2021 í þús. kr.	Áætlun 2022 í þús. kr.
Tekjur			
<i>Rekstrartekjur</i>	2.456	8.092	855
Gjöld			
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	36.379	44.763	39.675
<i>Annar rekstrarkostnaður</i>	17.875	19.555	19.665
Rekstrarniðurstaða	51.798	56.226	58.485

LYKILTÖLUR 2021

LYKILTÖLUR 2021	Fjöldi viðburða 2020	Gesta-fjöldi 2020	Fjöldi viðburða 2021	Gesta-fjöldi 2021
Gestir á Héraðsskjalasafni		281		243
Viðburðir í Haðsskjalasafni	5	193	3	72
- þar af á Safnanótt	1	100		
		Fjöldi		Fjöldi
Afhendingar		41		41
Umfang afhendinga í hillumetrum		49		49
Afgreiðslur				Um 450



Stofnanir sviðsins

NÁTTÚRUFRAEÐISTOFA KÓPAVOGS

Náttúrufræðistofa Kópavogs lauk sínu 38. starfsári 2021. Covid-19 setti svip sinn á árið, eins og árið 2020. Oft var viðburðum frestað eða þeir útfærðir á lágstemmdan hátt, líkt og raunin var yfir sumartímam þegar heldur rofaði til í smitmálum. Alls stóð Náttúrufræðistofan þó fyrir, eða kom að, 29 viðburðum, verkefnum, hátíðum og sýningum á árinu, þar með töldu hinu árlega sumarnámskeiði stofunnar fyrir 10–12 ára krakka, NáttúruKrökkum. Auk þessa komust þrjú stór fræðsluverkefni til framkvæmdar. Stærri viðburðir voru aðlagðir ástandinu en Aðventuhátíð Kópavogs féll niður. Annars gekk starfsemi Náttúrufræðistofunnar sinn vanagang og starfsmenn sluppu alveg við faraldurinn. Öllum almennum sóttvarnarádstöfunum var fylgt og fyrir kom að Náttúrufræðistofu og Bókasafni var skipt upp í sitt hvort sóttvarnarhólfíð en ekki kom til lokunar þetta árið, ef frá er talinn vikutími fyrir páska. Skólahópar voru nokkuð duglegir við að heimsækja okkur en sérstök fræðsluverkefni undir hatti Menningar fyrir alla; sameiginlegar fræðsludagskrár menningarhúsa Kópavogs fyrir leik- og grunnskólanemendur, lögðu nokkuð þar til, þrátt fyrir að sú dagskrá hafi ekki farið varhluta af ástandinu. Að auki tókst að leggja fyrir loftslagsfræðsluverkefnið Leggjum línurnar með 10. bekkjum í Kópavogi, en frá því verður sagt síðar. Rannsóknastarf gekk með nokkuð hefðbundnum hætti. Vöktun Þingvallavatns er í föstum skorðum sem og vöktun Reykjavíkurtjarnar og Elliðaána. Við bættist vöktunarverkefni í Tungufljóti í Biskupstungum, auk þess sem vöktunarverkefnum á vegum Umhverfisstofnunar, sem gerð eru á grundvelli Vatnatilskipunar ESB, er að fjölga.

HLUTVERK

Samkvæmt stofnskrá eru aðalhlutverk Náttúrufræðistofu Kópavogs:

- að stunda vísindalegar rannsóknir á náttúru landsins, m.a. í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands, náttúrustofur og aðrar rannsóknastofnanir á sviði náttúrufræða og umhverfismála,
- að safna náttúrufræðilegum gögnum og heimildum og skrá þau og varðveita með vísindalegum hætti,
- að veita almenningi og skólaæsku fræðslu um náttúrufræði og standa að sýningum um náttúru landsins,

- að stuðla að æskilegri landnýtingu, náttúruvernd og fræðslu um umhverfismál fyrir almenning og skólaæsku,
- að veita Kópavogsbæ og öðrum aðilum eftir atvikum umbeðna aðstoð og ráðgjöf á verkswiði stofunnar, m.a. vegna nýtingar auðlinda, skipulagsmála og mats á umhverfisáhrifum, enda komi greiðsla fyrir.

LEIÐARLJÓS

Á Náttúrufræðistofu Kópavogs er rekið próttmikið rannsókn- og safnastarf með það að leiðarljósi að afla og draga saman þekkingu á sem flestum sviðum náttúrufræða og miðla henni sem víðast. Líður í þeirri viðleitni er að skapa hindrunarlaust aðgengi að náttúrugripasafni stofunnar, óháð þjóðfélagsstöðu, líkamlegri færni og efnahag. Auk hefðbundins safnastarfs er þátttaka í fjölbreyttu viðburðahaldi, þar sem leitast er við að allir finni eitthvað við sitt hæfi til fræðslu eða afþreyingar, órjúfanlegur og vaxandi þáttur í starfsemi.

MARKMIÐ

Meginhlutverk Náttúrufræðistofunnar markast af sviði náttúrufræða og umhverfisverndar (sbr. 3. gr. stofnskrár). Það er meginmarkmið í starfsemi Náttúrufræðistofunnar að safnið verði öllum opið, aðgengilegt og gagnlegt almenningi og safngestir njóti heimsóknar á safnið sem best og upplifi það sem þeir sækjast eftir. Á næstu misserum verður unnið að því að efla upplýsingamiðlun í gegnum margmiðlun og afþreyingu. Einnig verður áfram unnið að því að rækta samstarf við öll skólastig í Kópavogi og finna nýja samstarfsmöguleika. Áfram verður unnið að því að halda úti öflugum rannsóknastarfi Náttúrufræðistofunnar á sviði vatnavistfræði, en almennt er viðurkennt að rannsóknastarfsemi efli faglegt starf safna með margvíslegum hætti.

STARFSEMI 2021

Opnunartími og aðgangseyrir

Opnunartími sýningarsala Náttúrufræðistofunnar og Bókasafnsins breyttist aðeins á árinu en nú er opið á föstudögum eins og aðra virka daga. Almenn t var opið almenningi sem hér segir:

Mánudaga til föstudaga kl. 8–18

Laugardaga kl. 11–17

Þetta árið urðu lokanir vegna sóttvarnaráðstafana með minna móti en einungis var lokað alveg vikuna fyrir páska, 27.–31. mars . Í framhaldinu var opnunartími takmarkaður til 15. apríl. Aðgangur að safninu var ókeypis eins og verið hefur frá upphafi

GESTIR

Aðsókn að safninu árið 2021 mótaðist af Covid-19 heimsfaraldrinum eins og síðasta ár. Áætlað er að 16.993 gestir hafi heimsótt safnið og/æða tekið þátt í viðburðum og fræðsluverkefnum á vegum Náttúrufræðistofunnar. Er það nokkur viðsnúningur til fjölgunar frá fyrra ári þegar gestir voru alls um 12 þúsund. Árið 2021 var fyrsta heila árið með nýjum teljurum sem telja gesti við inngangana inn í húsið. Þannig fæst heildartala gesta Náttúrufræðistofu og Bókasafns en út frá stikkprufum, þar sem gestir inn til Náttúrufræðistofunnar voru taldir sérstaklega í heilar vikur, fékkst vogtala sem notuð er til að áætla heimsóknir á sjálfa Náttúrufræðistofuna. Viðburðir urðu fyrir nokkrum skakkaföllum vegna faraldursins og það sést í aðsóknartölum. Árið 2021 komu 2.861 almennir safngestir á laugardögum á móti 1.645 árið 2020.

Erlendir ferðamenn

Reynt var að meta aðsókn erlendra ferðamanna eins og undanfarin ár. Telst svo til að þeir hafi verið 166 þetta árið en í fyrra var þetta mat upp á 149 manns en 857 árið 2019. Þessar tölur eru eins og búast mætti við m.v. aðstæður og ekki óraunhæfar m.t.t. viðmiðs milli þessara ára.

STARFSMANNAMÁL

Á Náttúrufræðistofunni eru nú 5 föst stöðugildi á ársgrundvelli og að auki er heimild til að ráða sumarstarfsmann í 3 mánuði. Að auki er einn starfsmaður í 75% stöðu sem er verkefnaráðinn til úrvinnslu rannsóknarverkefna. Til viðbótar var aukastarfsmaður ráðinn í þrjá mánuði, með tilstyrk frá Vinnumálastofnun á grundvelli átaks fyrir námsmenn eins og á síðasta ári. Var sá starfsmaður ráðinn áfram út árið á grundvelli útseldrar verkefnavinnu. Unnin stöðugildi árið 2021 voru því alls 6,23 sem er svipað og á síðasta ári þegar þau voru 6,33.

Sí- og endurmenntun

Á hverju ári eiga starfsmenn Náttúrufræðistofu kost á að sækja fræðsluviðburði af ýmsu tagi, allt frá styttri fyrirlesturum og upp í stærri ráðstefnur. Forstöðumaður sótti Farskóla safnmanna sem haldinn er árlega af FÍSOS, Félagi safna og safnmanna á Íslandi, en að þessu sinni var hann haldinn í Stykkishólmi. Sömu vikuna var haldin ráðstefna Líffræðifélags Íslands og Líf- og umhverfisvísindastofnunar Háskóla Íslands í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskólans. Hana sóttu líffræðingar Náttúrufræðistofunnar.

Félagsstörf

Stefán Már Stefánsson hefur setið í stjórn og samninganefnd Félags íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) þetta árið og gegnir jafnframt hlutverki trúnaðarmanns FÍN fyrir starfsmenn Náttúrufræðistofunnar, Heilbrigðiseftirlits Kópavogs og Hafnarfjarðar og Hjartaverndar. Stefán og Haraldur Rafn Ingvason sinntu að auki störfum formanns og varaformanns Írisar, starfsmannafélags menningarhúsa Kópavogs.

HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

Náttúrufræðistofa Kópavogs er, ásamt Bókasafni Kópavogs, Gerðarsafni, Salnum og Héraðsskjalasafni, eitt af menningarhúsum Kópavogs. Hún er til húsa að Hamraborg 6a ásamt Bókasafni Kópavogs. Öll starfsemi Náttúrufræðistofunnar er á jarðhæð og tilheyra henni um 700 m². Þá deilir Náttúrufræðistofan fundarsölum með Bókasafni Kópavogs. Náttúrufræðistofan er vel búin tækjum. Geymslur undir safngripi, rannsóknasýni og búnað eru í eldvörðu rými í Hamraborginni, í kjallara safnaðarheimilis Kópavogskirkju að Hábraut 1a og að Vesturvör 2b er báta- og kerrugeymsla. Á rannsóknarstofu eru þrjár víðsjár og ein smásjá af Olympus gerð og hægt að tengja á þau teiknitúbu og myndatökubúnað. Allur búnaður til sýnatöku á líffræðilegum sýnum í stöðuvötnum og ám er til staðar, sem og búnaður til mælinga á eðlisfræðilegum þáttum.

Innkaup

Flest innkaup eru smá í sniðum en ávallt er leitað hagstæðra verða. Fyrir stærri hluti er leitað útboða og þá oftast í samvinnu við stoðdeildir Kópavogsbæjar. Allar áætlaðar framkvæmdir hjá Náttúrufræðistofunni hafa verið meira eða minna á ís þetta árið og því hafa öll innkaup verið í lágmarki.

Vörslusamningar

Náttúrufræðistofan og Bókasafn Kópavogs eiga saman frumrit af Íslandskorti sem gefið var út í Hollandi árið 1580 og er kortagerðin eignuð Guðbrandi Hólabiskupi Þorlákssyni. Nokkrir gripir í sýningu á Náttúrufræðistofunni eru munir í eigu Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúruminjasafns Íslands en um þá gildir lánasamningur milli stofnananna.

Endurbætur

Unnið hefur verið að endurnýjun á búrum Náttúrufræðistofunnar en um langa hríð hefur verið í gangi sýning á lifandi ferskvatnslífverum, bæði fiskum, skordýrum og plöntum. Þar verður ætlunin að setja í grunninn umfjöllun um hringrás næringarefna og það hvernig fiskapiss verður að næringu fyrir plöntur. Náttúrufræðistofan hefur fengið Hrund Atladóttur listamann til að sjá um þessa nýsköpun.

SAFNEIGN/SAFNKOSTUR

Þrjár helstu sýningadeildir Náttúrufræðistofunnar eru lindýra-, fugla- og jarðfræðideild. Aðrar sýninga- og safneiningar eru krabbadýr og skrápdyr. Að auki eru til sýnis uppstoppuð spendýr og í fimm stórum fiskabúrum eru lifandi sjávar- og ferskvatnfsiskar, hryggleysingjar og vatnaplöntur. Í anddyri er fræðsluhorn um hvali þar sem til sýnis er beinagrind af háhyrningi. Hafa þessar deildir skapað hryggjarstykkið í grunnsýningum Náttúrufræðistofunnar um langa hríð.

Verk í almenningsrými og stofnunum

Að jafnaði eru munir Náttúrufræðistofu geymdir í geymslum hennar. Það gerist reglulega að falast er eftir munum til láns í tengslum við viðburði. Nokkrir fuglar skreyttu senur í hinum geysivinsælu þáttum Verbúðin sem sýndir voru á RÚV og áfram eru nokkrir fuglar í langtímaláni í Hörðuvallaskóla.

Stafræn og rafræn gögn

Vinna er í gangi við endurbætur á allri skráningu á safngripum Náttúrufræðistofunnar. Á árinu tók Náttúrufræðistofan þátt í samstarfi við Náttúruminjasafn Íslands við undirbúning á samræmdri skráningu náttúrugripa. Var þar ætlunin að ganga inn í rekstrarfélag um Sarp, sem lista- og minjasöfn hafa starfrækt um skeið til skráningar á listmunum og menningarminjum.

Gjafir

Gjafir til Náttúrufræðistofunnar voru fáar þetta árið. Þó barst snákur í flösku, upprunninn af jóskum heiðum, en sá hafði verið lengi til sýnis í Kársnesskóla. Gefandi var Grétar Halldórsson.

SAMSKIPTI

Kynningarmál

Umsjón með kynningarmálum Náttúrufræðistofunnar hefur verið í höndum Ríkeyjar Hlínar Sævarsdóttur og Haraldar Rafns Ingvasonar. Íris María Stefánsdóttir, kynningar- og markaðsstjóri MEKÓ, er Náttúrufræðistofu einnig innan handar varðandi þessi mál og sér um samræmingar á milli menningarhúsanna. Einnig njótum við aðstoðar Elísabetar Indru Ragnarsdóttur, verkefnastjóra viðburða.

Þann 13. október kom 12 manna sendinefnd frá pólska menningarmálaráðuneytinu í Varsjá í kynnisferð í menningarhúsin, ásamt fulltrúa frá Rannís. Forstöðumenn og verkefnastjóri Náttúrufræðistofu tóku á móti hópnum sem fékk stutta kynningu á starfseminni og leiðsögn um safnið.

Vatnsdropinn er alþjóðlegt samstarfsverkefni menningarhúsa Kópavogs, Múminálfasafnsins í Tampere, H.C. Andersen-safnsins í Óðinsvéum og Ilon Wonderland-safnsins í Haapsalu í Eistlandi, en Kópavogur stofnaði til verkefnisins sem standa mun yfir í 3 ár. Í október voru staddir hér á landi samstarfsaðilar frá hinum þátttökulöndum verkefnisins og 13. október hélt verkefnastjóri Náttúrufræðistofu kynningu fyrir þá á loftslagsfræðsluverkefnum stofunnar; Plánetu A og Leggjum línurnar á sérstakri Vatnsdroparáðstefnu í Geðræktarhúsinu í Kópavogi.

Vefsíða

Um allmörg ár hefur Náttúrufræðistofan haldið úti heimasíðu þar sem helstu fréttir af starfi stofunnar eru birtar, sem og fréttir af viðburðum og samstarfi menningarhúsanna. Þar hefur líka safnast margvíslegur fróðleikur um náttúru Íslands og lengi var þetta helsta síða á Íslandi með slíkum fróðleik. Verið er að vinna í endurskoðun á vefsíðum menningarhúsanna.

Samfélagsmiðlar

Síðustu ár hefur Náttúrufræðistofan haldið úti Facebook-síðu þar sem viðburðir eru kynntir. Einnig er miðlað þangað efni náttúrufræðilegs eðlis sem finnst vafrandi um heima samfélagsmiðlanna og þykir fróðlegt og skemmtilegt. Í framtíðinni er stefnt að því að efla möguleika á því að senda viðburði út í beinu streymi eins og landsmenn hafa kynnst vel á tímum heimsfaraldursins.

Fjölmiðlar

Greinar og fréttir af viðburðum og verkefnum Náttúrufræðistofunnar, sem og samstarfsverkefnum menningarhúsanna, birtast reglulega í dagblöðum og bæjarblöðum á borð við Kópavogspóstinn og Kópavogsblaðið, sem og á öðrum miðlum. Einnig kemur fyrir að sagt er frá viðburðum og rannsóknum í viðtölum á ljósvakamiðlum. Rætt var við Ríkeyju Hlín í Samfélaginu á Rás 1 þann 12. febrúar um verkefni stofunnar og sýninguna LÍFLJÓMUN.

Útgáfa

Eftirfarandi greinar og skýrslur tengdar rannsókkverkefnum Náttúrufræðistofunnar birtust á árinu:

Grétar Guðmundsson, Stefán Már Stefánsson, Ikram Ben Sbih, Haraldur R. Ingvason og Finnur Ingimarsson 2021. *Vöktun á lífríki Elliðaána 2020*. Fjölrit Náttúrufræðistofu Kópavogs nr. 3-2021. 26 bls.

Grétar Guðmundsson, Stefán Már Stefánsson, Haraldur R. Ingvason og Finnur Ingimarsson 2020. *Vöktun á lífríki og vatnsgæðum Þingvallavatns. Gagnaskýrsla fyrir árið 2020*. Fjölrit Náttúrufræðistofu Kópavogs nr. 2-2021. 25 bls.

Haraldur R. Ingvason, Stefán Már Stefánsson og Finnur Ingimarsson 2021. *Vöktun á lífríki Tjarnarinnar í Reykjavík 2020*. Fjölrit Náttúrufræðistofu Kópavogs nr. 1-2021. 29 bls.

Jennifer Lento, Joseph M. Culp, Brianna Levenstein, Jukka Aroviita, Maria A. Baturina, Daniel Bogan, John E. Brittain, Krista Chin, Kirsten S. Christoffersen, Catherine Docherty, Nikolai Friberg, Finnur Ingimarsson, Dean Jacobsen, Danny Chun Pong Lau, Olga A. Loskutova, Alexander Milner, Heikki Mykrä, Anna A. Novichkova, Jón S. Ólafsson, Ann Kristin Schartau, Rebecca Shaftel, Willem Goedkoop 2021. *Temperature and spatial connectivity drive patterns in freshwater macroinvertebrate diversity across the Arctic*. <https://doi.org/10.1111/fwb.13805>

Ann Kristin Schartau, Heather L. Mariash, Kirsten S. Christoffersen, Daniel Bogan, Olga P. Dubovskaya, Elena B. Fefilova, Brian Hayden, Haraldur R. Ingvason, Elena A. Ivanova, Olga N. Kononova, Elena S. Kravchuk, Jennifer Lento, Markus Majaneva, Anna A. Novichkova, Milla Rautio, Kathleen M. Rühland, Rebecca Shaftel, John P. Smol, Tobias Vrede, Kimmo K. Kahilainen 2021. *First circumpolar assessment of Arctic freshwater phytoplankton and zooplankton diversity: Spatial patterns and environmental factors*. <https://doi.org/10.1111/fwb.13783>

SAMSTARF/NÝSKÖPUN

Á síðasta ári var lagður grunnur að samstarfi við þverfaglega hönnunarteymið ÞYKJÓ sem vinnur að hönnunarverkefnum fyrir börn og fjölskyldur þeirra á sviði textíl-, leikfanga- og upplifunarhönnunar. Þróunarvinna teymisins snýr m.a. að ýmsum verkefnum sem eiga fyrirmyndir í náttúrunni. ÞYKJÓ-hópurinn gekk til samstarfs við öll menningarhúsin sem staðarlistamenn og á árinu voru haldnar 3 sýningar/innsetningar, auk fjölda viðburða þeim tengdum, þar sem unnið var með hinar margvíslegu hugmyndir hönnunarhópsins. Tvær þeirra voru með beinni aðkomu Náttúrufræðistofunnar: Skriðum inn í skel var innsetning í Gerðarsafni sem fjallaði um form í náttúrunni og voru skeljar úr safnkosti stofunnar þar í forgrunni ásamt míníatúr skúlptúrlíkönum Gerðar Helgadóttur. Að auki tefldu hönnuðirnir fram litlum líkönum að s.k. Kyrrðarrýmum, innblásnum af ýmsum skeldýrum, sem nokkru síðar voru smíðuð í fullri stærð. Þá voru Fuglasöngvar í Salnum settir upp í forsal tónlistarhússins. Þar gaf meðal annars að líta s.k. tónegg og fléttuð tágahreiður sem börn og fullorðnir gátu hreiðrað um sig í, auk fjölbreyttra hreiðra og eggja úr safnkosti Náttúrufræðistofunnar og bronsskúlptúra eftir Gerði Helgadóttur. Í báðum innsetningunum spilaði hljóðheimur Sóleyjar Stefánsdóttur tónlistarkonu stórt hlutverk.

Þriðja verkefni ÞYKJÓ-hópsins á árinu var töfraveröldin Ofurhetjur jarðar, þar sem fjölnotasal Bókasafnsins og Náttúrufræðistofunnar var umbreytt í búningaherbergi sem hafði að geyma ævintýralega dýrabúninga, hannaða af ÞYKJÓ, fyrir börn að prófa. Yfirskrift samstarfsverkefnis ÞYKJÓ og menningarhúsanna er „með augun í Náttúrufræðistofu, eyrun í Salnum og hryggjarstykkið í Gerðarsafni“. Lokahnykkur þess er áætlaður á næsta ári með innsetningunni Sjónarspili í anddyri Náttúrufræðistofunnar, en þar verður fjallað um sjónskynjun dýra og manna á fjölbreyttan hátt.

Á rannsóknasviðinu hefur skapast gott samstarf, einkum við ýmsar rannsóknastofnanir eins og Háskóla Íslands, Háskólann á Hólum, Umhverfisstofnun, Hafrannsóknastofnun og Náttúruminjasafn Íslands. Snúa flest verkefni að rannsóknum á lífríki Þingvallavatns og verður væntanlega áframhald á þessu samstarfi á komandi árum.

SÝNINGAR OG VIÐBURÐIR 2021

Allt viðburðahald mótaðist af Covid-19 ástandinu, annað árið í röð. Þrátt fyrir það stóð Náttúrufræðistofan fyrir, eða var hluti af, 29 viðburðum, verkefnum, hátíðum og sýningum á árinu og eru þar ekki meðtalin sérstök fræðsluverkefni sem flokkast sérstaklega og fjallað verður um síðar.

Sýningar og sérviðburðir Náttúrufræðistofu

Litlar sérsýningar í anddyri Náttúrufræðistofunnar hafa verið fastur liður í starfsemi um langt skeið og þrátt fyrir samkomutakmarkanir náðist að setja upp sex slíkar árið 2021 sem samtals drógu að sér um 7000 gesti. Áætlun á fjölda sýningargesta á hverja sýningu miðast við almennan gestafjölda á safnið meðan á sýningartíma stendur, en þess er gætt að tvítelja gesti ekki. Ef svo ber undir að fleiri en ein sýning séu í gangi á sama tíma er þess einnig gætt að tvítelja sýningargesti ekki þegar kemur að útreikningum fyrir ársskýrsluna á heildarfjölda gesta á allar sýningar:

Vetrarhátíð í Kópavogi fór fram dagana 4. – 7. febrúar á lágstemmdum og kyrrlátum nótum í ljósi aðstæðna. Ólíkt fyrra ári náðist í ár að halda Safnanótt við upphaf hátíðarinnar. Náttúrufræðistofan setti upp fræðslusýninguna LÍFLJÓMUN í gluggum jarðfræðigangsins þar sem sjónum var beint að fjölbreyttum hópum lífljómandi lífvera og hinu innra ljósi. Grunnur fræðslunnar var settur fram með teikningum Dagrúnar Guðnýjar Sævarsdóttur, en verkin voru unnin sérstaklega fyrir viðburðinn. Verkanna mátti njóta bæði innan- sem utandyra þar sem þau snéru í báðar áttir í gluggum stofunnar. Einnig var settur upp ratleikurinn Ljósveruleit á útisvæði menningarhúsanna. Leikurinn og fræðslusýningin fléttuðust saman þar sem leita þurfti stafanna í lausnarorði leiksins á myndunum á sýningunni. Góður rómur var gerður að sýningunni og leiknum og

því ákveðið að framlengja hvort tveggja til 20. mars og voru fjölskyldur hvattar til að taka þátt þegar þeim hentaði. Alls kom 891 almennur gestur á safnið á tímabilinu. Verkefnið fékk einnig athygli á ljósvakamiðlum þar sem Ríkey Hlín Sævarsdóttir sagði frá því í þættinum Samfélagið á Rás 1.

Þann 22. apríl flaug Náttúrufræðistofan inn í vorið með líflegri sumarsýningu á fuglateikningum Ránar Flygenring en árið 2017 kom út hjá bókaforlaginu Angústúru bókinn Fuglar; skemmtileg og óhefðbundin fuglafræðibók eftir þau Rán og Hjörleif Hjartarson, og voru teikningarnar á sýningunni unnar út frá völdum teikningum í henni. Sýningin var sett upp í gluggum jarðfræðigangsins og mátti njóta hennar bæði innan- sem utandyra frá 22. apríl – 23. ágúst. Almennir safngestir á sýningartímanum voru alls 5.215.

Samkomutakmarkanir kölluðu á breytt fyrirkomulag Barnamenningarhátíðar þetta árið og í stað 6 daga hátíðar var tímabilið lengt í tvo mánuði, frá 20. apríl – 13. júní og áhersla var lögð á staka, lágstemmda viðburði. Á Náttúrufræðistofunni var listsýningin Eldgosið í augum barnanna sett upp með verkum eftir börn á leikskólanum Álfatúni í Kópavogi. Börnunum voru eldsumbrotin í Geldingadölum hugleikin og á sýningunni gaf að líta eldfjallaskúlptúra úr jarðleir, mosa og sandi, fjölbreytt ullarverk úr þæfðri ull og valda fróðleiksmola um eldgos auk skemmtilegra gullkorna frá börnunum. Sýningin stóð frá 5. maí og endaði á alþjóðlega umhverfisdeginum þann 5. júní. Alls 1.022 gestir heimsóttu safnið á þeim tíma.



ÁRSSKÝRSLA 2021 OG STARFSÁÆTLUN 2022

Eldgosið í augum barnanna. Sýning frá börnum á leikskólanum Ból og Leik

Dagana 26. – 28. ágúst bauð menningarkjarninn Midpunkt upp á svokallað Hamraborgar Festival í fyrsta sinn með fjölbreyttum listviðburðum og uppákomum víða í Hamraborginni í Kópavogi. Í menningarhúsum bæjarins var ýmislegt í boði af þessu tilefni og á Náttúrufræðistofunni voru tveir viðburðir á dagskrá. Annars vegar var innsetningin íslenski neðansjávarskógurinn sem sett var upp í anddyri stofunnar. Þar gerði Sylva Lamm íslenska þörunga að frásagnarmiðli og kannaði tengsl náttúru, fólks, rýmis og tíma, en þörungar hafa á síðustu 1,2 milljörðum ára myndað flókið samband við aðrar tegundir sjávarlíffvera og eru því órofa hluti af íslenskri sögu og menningu. Hins vegar var hljóðverkið *Indent as monument – what we bring into becoming* (ísl: Íhvolfur sem minnisvarði) eftir listakonuna Annie Charland Thibodeau. Safngestir á þessum tíma voru 207 talsins.

Á vordögum fékk Náttúrufræðistofan góðan styrk úr Loftslagssjóði Rannís fyrir loftslagsfræðsluverkefni sitt *Leggjum línurnar*. Verkefnið var lagt fyrir nemendur í 10. bekk grunnskóla Kópavogs á haustönn, en nánar verður fjallað um það í undirkaflanum um fræðsluverkefni hér á eftir. Að fyrirlögn og verkefnavinnu í skólum lokinni var sett upp sýning á heildarverkum nemenda í anddyri Náttúrufræðistofunnar. Á henni gaf að líta s.k. loftslagslínur (e. climate stripes) fyrir fjölda landa í heiminum fyrir tímabilið 1901-2020, verkefnablöð með veðurmælingum nemenda og veggspjöld með upplýsingum um ýmsa félags-, efnahags- og umhverfislega þætti í rannsóknarlöndum nemenda, sem þeir tengdu heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Sýningin stóð yfir frá 3. -23. nóvember og almennir safngestir á því tímabili voru 677 talsins.

Í tilefni Alþjóðlega votlendisdagsins, þann 2. febrúar, var boðið upp á lágstemmdan viðburð í sýningarsal þar sem sérfræðingar stofunnar fjölluðu um vistfræði íslensks votlendis, einkennistegundir plantna og dýra í votlendi og hvaða kröfur þær gera til umhverfis síns. Í tengslum við Alþjóðlega safnadaginn, þann 18. maí, var boðið upp á leiðsögn um grunnsýningar Náttúrufræðistofunnar. Þema safnadagsins var Framtíð safna – Uppbygging og nýjar áherslur en í leiðsögninni var farið yfir síðustu endurbætur á grunnsýningum stofunnar og fjallað um hvað væri í þáttum í næstu framtíð.

Þriðji og síðasti sérviðburður stofunnar þetta árið var hið árlega sumarnámskeið Náttúrufræðistofu fyrir 10–12 ára krakka, NáttúruKrakkar, sem haldið var í 24. sinn vikuna 21.–25. júní. Tíu hressir og áhugasamir krakkar tóku þátt; 6 strákar og 4 stelpur. Námskeiðið heppnaðist sérlega vel og góð endurgjöf barst frá bæði foreldrum og þátttakendum að því loknu.

MEKÓ VIÐBURÐARADIR

Árlega stendur MEKÓ fyrir viðburðadagskrá í nokkrum liðum sem húsin skiptast á að skipuleggja og halda utan um, aðallega yfir vetrartímam. Í hádeginu á miðvikudögum er viðburðaröðin Menning á miðvikudögum á dagskrá, þar sem boðið er upp á fjölbreytt fræðsluerindi og afþreyingu. Eftir hádegi á laugardögum býðst fjölskyldum að taka þátt í ýmis konar skapandi smíðjum og verkefnum undir liðnum Fjölskyldustundir á laugardögum. Þá hefur Náttúrufræðistofan s.l. tvö ár tekið þátt í viðburðaliðnum Foreldramorgnar á fimmtudögum, en þetta árið færðist sá liður alfarið yfir til Bókasafnsins. Frá og með júnímánuði var einnig gerð tilraun með að halda úti einum löngum fimmtudegi í mánuði. Þá voru söfnin opin til kl. 20 og boðið upp á léttu dagskrá í hverju húsi, undir nýrri og samnefndri viðburðaröð; Löngum fimmtudegi.

Eins og á síðasta ári markaðist þessi viðburðadagskrá talsvert af lokunum og fjöldatakmörkunum tengdum Covid-19 en heildarfjöldi gesta á þeim viðburðum sem Náttúrufræðistofan náði að halda undir þessum dagskrárliðum var samtals 334 á árinu 2021;109 í Menningu á miðvikudögum (4 viðburðir), 158 á Fjölskyldustundum á laugardögum (3 viðburðir) og 67 á Löngum fimmtudegi (5 viðburðir). Var þetta töluloverð fækkun frá fyrra ári sem aftur var fækkun frá árinu á undan.

Menning á miðvikudögum

Viðburðurinn Plöntutíð var haldinn 1. september í tengslum við samnefnda sviðslistahátíð. Fræðst var um heimspekina og hugmyndafræðina að baki hátíðinni og farin hljóðganga um Þinghól þar sem upplifa mátti part af hljóðgöngunni BRUM.

Þá hélt Oddur Sigurðsson, jarðfræðingur og sérfræðingur á sviði jöklafræði, erindi þann 22. september um bráðnun jökla og loftslagsbreytingar. Erindið var flutt í samvinnu við Gerðarsafn og í tengslum við sýninguna Óræð lönd: Samtöl í sameiginlegum víddum.

Kristján Leósson vísindamaður sótti Náttúrufræðistofuna heim um miðjan október og fjallaði um þau mótandi áhrif sem íslenskt silfurberg frá Helgustöðum í Reyðarfirði hafði á framþróun náttúruvísinda, í erindi sem kallaðist Íslenski kristallinn sem breytti heiminum.

Síðasta miðvikudagserindi ársins var einnig unnið í samvinnu við Gerðarsafn og sýninguna Óræð lönd, þar sem samspil manna, dýra, náttúru og umhverfis var í brennidepli. Þar fjallaði Gísli Pálsson, mannfræðingur og

prófessor emeritus við HÍ, um geirfuglinn sem löngum hefur verið sveipaður dulúð og orðið tákn tegunda í útrýmingarhættu, en nú þegar við blasir fjöldaútrýming tegunda á saga hans meira erindi við okkur en nokkru sinni.

Fjölskyldustundir á laugardögum

Hinn árlegi Hjóladaður fjölskyldunnar var haldinn hátíðlegur þann 29. maí en um sameiginlega fjölskyldustund allra menningarhúsanna var að ræða. Boðið var upp á dagskrá fyrir alla fjölskylduna með ástandsskoðun hjóla frá Dr. Bæk, hjólafærniþraut, BMX Brós og heimsókn frá lögreglunni og Hjólreiðadeild Breiðabliks.

Þann 4. september fór fram áhugaverð plöntuleikhússmiðja í tengslum við sviðslistahátíðina Plöntutíð. Þar bauðst plöntusérfræðingum á öllum aldri að rannsaka nýjar og skapandi leiðir í leikritun og gerð sviðsverka sem leikin eru fyrir, með eða af plöntum.

Síðasta fjölskyldustund ársins var sögustundin Tíst, tíst! sem fram fór 23. október eftir að hafa frestast um rúmt hálf ár vegna samkomutakmarkana. Þar tóku skáldið Ewa Marcinek og leikhúsfrömuðurinn Nanna Gunnarsdóttir farfugla til umfjöllunar á ævintýralegan hátt á íslensku, pólsku, ensku og fuglamáli.

Langir fimmtudagar

Sem fyrr segir var á árinu farið í þá tilraunastarfsemi að standa fyrir einum löngum fimmtudegi í mánuði þar sem opnunartími var lengdur til kl. 20 og boðið var upp á léttu dagskrá og viðburði í hverju húsi. Fyrsti viðburðurinn var á Jónsmessu, þann 24. júní, og af því tilefni setti Náttúrufræðistofan upp veggspjalda- og örkyrninguna Dögg í náttúrunni í anddyri stofunnar þar sem fjallað var um undur loftrákans í máli og myndum.

Þann 26. ágúst var staðið fyrir óformlegu Eldgosaspjalli með beinu streymi frá Geldingadölum á skjá, sýningu á privíddarlíkönum NÍ af umbrotunum sem og jarðskjálftayfirliti af vef Veðurstofunnar.

Boðið var upp á tvo viðburði fimmtudaginn 30. september. Sá fyrri var haldinn í samvinnu við Gerðarsafn og í tengslum við sýninguna Óræð lönd, en þar kom Brynja Davíðsdóttir, hamskeri, og sagði frá uppstoppun dýra og því vinnuferli og aðferðum sem uppstoppun felur í sér. Sá síðari kallaðist Örplastspjall, en á honum var sjónum beint að örplasti í náttúrunni og flíspeysa m.a. þvegin og þvottavatnið skoðað undir stækkun.

Síðasta langa fimmtudag ársins bar síðan upp á 28. október þegar hrekkjavaka var í nánd. Af því tilefni brugðu sérfræðingar stofunnar ljósi á hið vængjaða spendýr, sjálfa táknmynd hrekkjavökunnar, með óformlegu Leðurblökuspjalli.



MEKÓ hátíðir og verkefni

Venju samkvæmt stóð MEKÓ fyrir nokkrum sameiginlegum hátíðum og viðburðum á árinu sem Náttúrufræðistofan var hluti af. Allt bar þetta þó merki ástandsins og þurfti að aðlaga aðstæðum á hverjum tíma. Sem fyrr segir lagði breytt fyrirkomulag Barnamenningarhátíðar í ár áherslu á staka, lágstemmda viðburði í stað ákveðinnar hátíðarviku. Þeir viðburðir sem Náttúrufræðistofan stóð fyrir undir merkjum hátíðarinnar (sýning og fræðsluverkefni) eru því ekki settir undir hatt hátíðarinnar í skýrslu þessari. Að auki fór svo að fella þurfti niður Aðventuhátíð í Kópavogi þetta árið. Kveikt var á jólatré á útisvæðinu við menningarhúsin laugardaginn 26. nóvember og íbúar hvattir til að koma og skoða jólaljósin við tækifæri á aðventunni.

Eins og áður hefur komið fram fór Vetrarhátíð í Kópavogi fram dagana 4. – 7. febrúar og hér að framan hefur verið fjallað um þá tvo viðburði sem Náttúrufræðistofan stóð fyrir í tengslum við hana; listsýninguna LÍFLJÓMUN og ratleikinn Ljósveruleit. Safnanótt var haldin föstudaginn 5. febrúar og heildarfjöldi hátíðargesta í hús þann dag og laugardaginn 6. febrúar var 816 manns skv. teljurum. Sýningin og ratleikurinn voru einnig framlag Náttúrufræðistofunnar til sameiginlegrar dagskrár tengdri vetrarfríi grunnskóla Kópavogs dagana 18. – 19. febrúar.

Hátíðarhöld á vegum Kópavogsbæjar á þjóðhátíðardaginn 17. júní voru með svipuðu sniði þetta árið og árið á undan og dreifðust á fimm staði í bænum. Við menningarhúsin var boðið upp á metnaðarfulla og fjölbreytta dagskrá fyrir alla aldurshópa undir yfirskriftinni Sumardraumar á sautjándanum, m.a. ævintýraþrautina Draumaslóð auk smíðja, leikja, gjörninga og listar, sirkusatríðis og tónlistar. Náttúrufræðistofan bauð upp á s.k. Draumafangarasmiðju auk þess sem hátíðargestum bauðst að næla sér í eintak af Náttúrubókinni minni; verkefnabók með fjölbreyttum náttúrutengdum verkefnum.

Sumarnámskeiðið MenningarKrakkar fór fram vikuna 16. – 20. ágúst og sóttu það 20 hressir krakkar á aldrinum 6 – 9 ára. Að venju kom Náttúrufræðistofan að námskeiðinu en annars var utanumhald þess að mestu í höndum Sumarspíranna; sumarstarfsmanna menningarhúsanna.

Í haustfríi grunnskóla Kópavogs, dagana 25. – 26. október gátu gestir spreytt sig á Völundarhússgátu Náttúrufræðistofu.

SAFNHEIMSÓKNIR SKÓLAHÓPA OG FRÆDSLUPERKEFNI

Safnheimsóknir skóla- og frístundahópa

Móttaka skólahópa sem koma í almennar safnheimsóknir á Náttúrufræðistofuna hefur alltaf verið veigamikill þáttur í starfsemi stofunnar. Skráning hópanna tekur annars vegar mið af því skólastigi sem þeir tilheyra og hins vegar því hvort um er að ræða hópa sem óska eftir leiðsögn um safnið eða eru í heimsókn á eigin vegum. Auk aldursflokunar tekur skráningarskilgreiningin einnig mið af þeirri þjónustu sem starfsmenn Náttúrufræðistofunnar veita hverjum hópi. Til viðbótar eru þeir fjölmörgu frístunda- og leikjanámskeiðahópar sem venjulega heimsækja safnið yfir sumartímamann skráðir sérstaklega, enda falla þeir utan

venjulegs skólastarfs og ekki hefur verið boðið upp á leiðsagnarþjónustu fyrir þá. Framangreind skilgreining skerpir á þeirri skráningaflokkun sem hingað til hefur verið stuðst við á Náttúrufræðistofunni og breytir henni jafnframt lítillega. Þær samtölur sem fylgja hér á eftir taka mið af þessu og skyldi hafa það í huga ef þær eru bornar saman við samtölur sem birst hafa í fyrri ársskýrslum.

Árið 2021 komu alls 4.745 gestir í 167 hópum í safnheimsóknir á Náttúrufræðistofuna eða tóku þátt í sérstökum fræðsluverkefnum á hennar vegum.

Nokkur viðsnúningur er frá fyrra ári, en árið 2020 komu alls 2.369 nemendur í 110 hópum frá öllum skólastigum í safnheimsóknir á Náttúrufræðistofuna, með eða án leiðsagnar (frístund meðtalin), eða tóku þátt í fræðsluverkefnum á vegum stofunnar.

Líkt og fyrri ár koma flestir skólahópanna úr leik- og grunnskólum Kópavogs, en að jafnaði koma einnig margir hópar úr skólum nágrannasveitarfélaganna. Að auki hefur það verið fastur liður hjá nokkrum framhaldsskólum að nemendur leysi verkefni frá skólakennara á safninu. Fá nemendur þá gjarnan stimpil stofunnar á verkefnið sem staðfestir að það hafi verið unnið þar. Covid-19 faraldurinn kom fram í heimsóknum háskólanema á safnið þetta árið en enginn slíkur hópur kom í heimsókn.

Fræðsluverkefni

Sem fyrr segir hlaut Náttúrufræðistofan styrk úr Loftslagssjóði Rannís snemma árs fyrir loftslagsfræðsluverkefni sitt Leggjum línurnar. Verkefnið var ætlað 10. bekkingum og við skólalok að vori höfðu 8 af 9 grunnskólum bæjarins skráð sig til þátttöku í því. Þegar kom að fyrirlögn verkefnisins á haustönn þurfti einn skólinn að hætta við þátttöku vegna ófyrirséðra aðstæðna, svo eftir stóð að 7 af 9 skólum bæjarins, með alls 387 tíundubekkinga, tóku fullan þátt allt frá byrjun til enda.

Verkefnasmíð, gagnavinnsla, undirbúningur og utanumhald var í höndum Ríkeyjar Hlínar Sævarsdóttur, verkefnastjóra á Náttúrufræðistofunni, en að auki komu aðrir sérfræðingar stofunnar að málum, sem og kennarar og skólastjórnendur í þátttökuskólum. Einnig var Sævar Helgi Bragason vísindamiðlari fenginn til að halda utan um fræðsluhluta verkefnisins. Upphaflega stóð til að Sævar Helgi og verkefnastjóri Náttúrufræðistofu myndu heimsækja alla skólana og halda fræðslufyrirlestra þar, en sökum samkomutakmarkana þurfti að grípa til þess ráðs á síðustu stundu að snara fyrirlestrum og sýnikennsluinnslögum

yfir á rafrænt form. Það gekk eftir og mæltist mjög vel fyrir. Þetta fól í sér tvöfalda nýbreytni hvað fræðslustarf Náttúrufræðistofunnar varðaði; annars vegar hélt stofan nú út í skólana með fræðslu, í stað þess að þeir sæktu hana heim eins og algengast er, og hins vegar var fræðslan á rafrænu formi.

Leggjum línurnar var fjölbætt fræðsluverkefni og myndaði nokkurs konar samfelt ferðalag frá hinum smáa skala nærumhverfisins yfir í hinn stóra hnattræna skala og gaf nemendum m.a. góða innsýn í muninn á veðri og loftslagi. Keyptar voru þrjár sjálfvirkar veðurstöðvar til veðurmælinga og þeim komið fyrir á landfræðilega ólíkum stöðum innan bæjarmarkanna, þannig að nemendur kynntust því að skrá og vinna úr raunmælingum á veðri og setja í samhengi við umhverfi sitt. Í kjölfarið útvíkkuðu nemendur rannsóknarsvið sitt yfir á heimsvísu og unnu s.k. loftslagslínur (e. climate stripes) fyrir mismunandi lönd um heim allan fyrir tímabilið 1901-2020 og rýndu samhliða því í tölfraðileg gögn um ýmsa félags-, efnahags- og umhverfislega þætti í rannsóknarlöndum sínum og tengdu heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Loftslagslínuframsetningin byggir á raunverulegum hitastigsgögnum en hönnuður hennar er breski loftslagsfræðingurinn Ed Hawkins. Fyrir hvert land er meðalhiti ákveðins viðmiðunartímabils (hér 1951-1980) reiknaður, auk meðalárshita hvers árs. Ef meðalhiti ákveðins árs er lægri en viðmiðunartímabilsins kemur frávikíð fram sem mínustala og fær úthlutað bláum lit – og að sama skapi rauðum ef það er plústala. Spönn frávikanna er deilt niður á 16 litatóna; 8 kalda blátóna upp í 8 heita rauðtóna, sem hverfast um meðalhita viðmiðunartímabilsins. Framsetningin er bæði myndræn, mínímalísk og án allra tölulegra gagna og býður upp á auðveldan og sjónrænan samanburð á hitastigsþróun í mismunandi löndum og svæðum yfir tíma.

Áður en að fyrirlögn kom fengu kennarar afhentan fullbúinn verkefnapakka sem innihélt öll vinnuspjöld, rafræna fræðslu og sýnikennslu, leiðbeiningar og litasett og var endurgjöf þeirra að þessu fyrsta rennsli verkefnisins loknu mjög jákvæð, auk þess sem góðar ábendingar fengust fyrir framhaldið. Eins og áður hefur komið fram var sýning á heildarverkefnum nemenda svo sett upp á Náttúrufræðistofunni í nóvember. Til stóð að nemendahóparnir kæmu á sýninguna og umræðufundir með þeim og Sævari Helga færu fram þar en þess í stað voru fundirnir færðir í skólana, að uppfylltum nauðsynlegum ráðstöfunum vegna samkomutakmarkana. Þessar heimsóknir voru mikilvægur lokapunktur verkefnisins, þar sem spurningunni „hvað höfum við lært?“ var m.a. velt upp og nemendur fengu tækifæri til opins samtals um loftslagsmál, lausnaleit og valdeflingu. Alls var farið í 9 heimsóknir í skólana meðan á verkefninu stóð.

Menning fyrir alla er yfirskrift metnaðarfullrar, sameiginlegrar fræðsludagskrár á vegum menningarhúsa Kópavogs fyrir nemendur í leik- og grunnskólum. Tvö verkefni undir þessum hatti komust til framkvæmda á árinu.

Í marsmánuði var 4. bekkingum boðið að taka þátt í verkefninu LÍFLJÓMUN & listaskeljar og koma í sameiginlega fræðsluheimsókn á Náttúrufræðistofuna, þar sem þeir fræddust um ótrúlegar lífljómandi lífverur og tóku þátt í ratleiknum Ljósveruleit, og á Gerðarsafn að upplifa ÞYKJÓ-innsetninguna Skríðum inn í skel. Alls tóku 342 nemendur í 6 hópum þátt í verkefninu.

Í tengslum við Barnamenningarhátíð og sérsýninguna Eldgosið í augum barnanna var litlu listamönnum af leikskólanum Álfatúni boðið í samnefnda fræðsluheimsókn á Náttúrufræðistofuna, þar sem þeir tóku þátt í líflegri myndasögustund og spjalli um eldsumbrotin í Geldingadölum, og í Salinn þar sem innsetning ÞYKJÓ-hópsins Fuglasöngvar í Salnum beið þeirra. Alls komu 47 börn í 4 hópum í þessar heimsóknir.

Auk ofangreindra þurfti að fresta tveimur öðrum fræðsluverkefnum á árinu vegna Covid-19; annars vegar verkefninu Hugað að hreiðurgerð sem til stóð að vinna í tengslum við Barnamenningarhátíð í apríl með leikskólanum Marbakka, og hins vegar Línur & lönd í nóvembermánuði, í samstarfi við Gerðarsafn. Verkefnið var loftslagsfræðsluverkefni ætlað 8. bekkingum þar sem ætlunin var að nota sýninguna Leggjum línurnar á Náttúrufræðistofunni sem umgjörð og kveikju fyrir fræðslu og verkefnavinnu nemenda í gegnum leiki og þrautir. Á Gerðarsafni hefði nemendum svo boðist að skoða sýninguna Óræð lönd: Samtöl í sameiginlegum víddum.

RANNSÓKNASTARF

Vöktun Umhverfisstofnunar á grundvelli vatnatilskipunar Evrópusambandsins

Árið 2019 hófst vöktunaráætlun Umhverfisstofnunar á grundvelli vatnatilskipunar Evrópusambandsins. Sett er fram áætlun sem nær til sex ára og hefur verið gerður samningur milli Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofunnar um vöktun gróðurs (kransþörungsins vatnanálar), hryggleysingja á strandbotni og blaðgrænu í Þingvallavatni. Misjafnt er með hvaða tíðni hver þáttur er vaktaður. Í ár voru tekin sýni af hryggleysingjum á strandbotni og verða þau tekin á þriggja ára fresti. Árlega er fylgst með frumframleiðslu svíþþörunga í gegnum mælingar á blaðgrænu og á þriggja ára fresti er ætlunin að fylgjast með vexti og viðgangi vatnanálar (Nitella opaca) á þremur sniðum í vatninu. Einnig hefur Náttúrufræðistofan verið í samvinnu við Umhverfisstofnun vegna s.k. aðgerðarvöktunar á Reykjavíkurtjörn.

Pingvallavatn

Frá árinu 2007 hefur vöktunarverkefni á lífríki, efna- og eðlisfræði Þingvallavatns verið hryggjarstykki í rannsóknastarfi Náttúrufræðistofunnar. Verkefnið er unnið á grundvelli samstarfs Landsvirkjunar, Orkuveitu Reykjavíkur, Þingvallapjóðgarðs, Bláskógabyggðar og Grímsness- og Grafningshrepps sem kosta vöktunina. Meginmarkmið vöktunarinnar er að kortleggja ástand og fylgjast með breytingum sem kunna að verða á lífríki og efna- og eðlisþáttum í vatnsbol Þingvallavatns vegna hugsanlegra álagsþátta, þ.á. m. vegna mengunar og hlýnandi loftslags. Í verkefninu er vatnsbolur Þingvallavatns notaður sem metill á almennt ástand vatnsins þar sem sýnatökur og úrvinnsla eru einfaldari en úr öðrum búsvæðum. Í rannsóknum Náttúrufræðistofunnar er fylgst með magni þörunga og smádyra í sviði, sem og ástandi hrygningarstofns murtunnar sem er eitt af afbrigðum bleikjunnar í vatninu. Einnig eru mældar umhverfisbreytur á borð við vatnshita, sýrustig, sjóndýpi og rafleiðni. Hafrannsóknastofnun hefur umsjón með mælingum á næringarefnum í innrennsli, útfalli og í vatnsbol vatnsins. Þá hefur Náttúrufræðistofan verið í samstarfi við Gunnar Stein Jónsson þörungafræðing um tegundagreiningar og magnmælingar á sviðþörungum. Gefin er út gagnaskýrsla með samanteknum og uppfærðum niðurstöðum á hverju ári. Á árinu var einnig gerð grein fyrir aukaverkefni við vöktunina, en gerð var heildarúttekt á ástandi stofna laxfiska í vatninu þar sem sýnatökur fóru fram árið 2019. Var þetta verkefni unnið í samvinnu við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands og áætlað er að skýrsla um það komi út árið 2022.

Pingvallavatn - strandbotn

Á árunum 2017–2019 fengust styrkir úr Verkefnasjóði Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins til sýnatöku og úrvinnslu á sýnum af strandbotni Þingvallavatns sem tekin voru 2017 og 2018. Tilgangurinn er að gera samanburð á lífríki þessa búsvæðis nú, við rannsóknir sem gerðar voru á áttunda og níunda áratug síðustu aldar og aftur 2006. Tekin voru sýni á þremur dýptarsniðum og sex mismunandi dýpum, þeim sömu og sýni voru tekin á í rannsóknum á árunum 1974–1978. Lokið er úrvinnslu allra sýna sem tekin voru 2017 en enn er unnið að úrvinnslu sýna frá 2018. Með þessu fæst góður viðmiðunargrunnur fyrir vöktunarrannsóknir Umhverfisstofnunar sem nefndar eru hér að ofan en á þessu ári voru tekin fyrstu sýni í vöktun strandbotnsins í þessari vöktunaráætlun. Er úrvinnslu sýnanna lokið og verða niðurstöður afhentar Umhverfisstofnun í byrjun næsta árs.

Ellidaár

Frá árinu 2011 hefur Náttúrufræðistofan séð um vöktun á smádyrum á botni Elliðaáanna. Er það gert samkvæmt samningi við Stangaveiðifélag Reykjavíkur, en félagið hefur umsjón með ánum fyrir hönd Orkuveitu Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar. Meginmarkmið rannsóknarinnar er að fylgjast með ástandi vistkerfisins í gegnum samfélög hryggleysingja í vatnakerfinu. Þannig er stuðlað að því að hægt sé að átta sig á og bregðast við utanaðkomandi álagi og þar með verndun þessarar laxveiði- og útivistarperlu innan borgarmarkanna. Niðurstöðum var skilað í skýrslum til Stangaveiðifélagsins. Í lok árs komu upp hugmyndir um tilraunaverkefni þar sem ætlað er að nýta s.k. eDNA

(umhverfiserfðaefni) en það gefa lífverur sem lifa í ánum frá sér og því er hægt að komast nær um tilvist og magn tegunda í gegnum samanburð á fundnu eDNA úr sýnum í ánum við genabanka. Unnið verður að þessari hugmynd og öflun samstarfs um hana á næsta ári.

Reykjavíkurtjörn

Áframhald hefur verið á vöktun á lífríki Reykjavíkurtjarnar og tekin hafa verið sýni árlega af hornsílum og krabba- og þyrildýrum sem finnast í tjörnum Vatnsmýrarinnar en einnig felst í þessari vöktun könnun á útbreiðslu og tegundasamsetningu gróðurs. Einnig eru tekin reglulega sýni af sviðþörungum, ekki síst til að fylgjast með þróun blóma á blágrænum þörungum. Miklar breytingar hafa orðið á lífríki Tjarnarinnar síðustu ár þar sem gróður hefur aukist mikið. Einnig virðast sumir fuglastofnar hafa náð ákveðnum botni í ungaframleiðslu og vonast er til að þeir fari að rétta úr kútnum. Þá virðist gróðurinn hamla vexti blágrænna þörunga í Tjörninni.

Tungufljót

Á árinu gerði Náttúrufræðistofan tilboð til HS-Orku um vöktun í Tungufljóti í Biskupstungum. Þar hófst rekstur á Brúarvirkjun nokkuð ofarlega á vatnasviðinu þar sem byggt er á hinu jafna rennsli í þessu vatnakerfi sem einkennist að langmestu leyti af lindarvatni. Þar er því inntakslón sem er eins lítið og hægt er en virkjunin hefur þó áhrif með minnkuðu rennsli á rúmlega 1,5 km kafla í ánni. Gerður var samningur til fimm ára um vöktun á smádyrum og fiskum sem starfsemi virkjunarinnar getur haft áhrif á en einnig verður fylgst með frumframleiðni og hlutföllum milli þörungahópa á árbotninum.

Varmá í Mosfellsbæ

Að beiðni Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis hefur Náttúrufræðistofan gert úttektir á flestum vatnavistkerfum í umdæmi eftirlitsins. Er þar um að ræða Hafravatn, Meðalfellsvatn, Silungatjörn, Krókatjörn og Selvatn og núna bættist Varmá í safnið. Eru þessi kerfi flest meira eða minna undir álagi frá mannlegum umsvifum. Farið var í sýnatökur á 6 stöðvum niður eftir Varmánni þar sem könnuð voru samfélög hryggleysingja á botni árinna og í reki en einnig mældir eðlisþættir, sýrustig, rafleiðni og hiti. Hefur þarna skapast nokkur þekkingarbrunnur á vötnum sem eru innan byggðar og því undir mismiklu álagi frá henni.

HELSTU VERKEFNI 2022

Þjónusta

Þjónusta Náttúrufræðistofunnar er í formi sýningarhalds og fræðslu um náttúru Íslands fyrir nemendur, kennara og almenning. Frá upphafi hefur verið tekið á móti gestahópum í skipulögðum heimsóknum og þeim veitt leiðsögn um safnið. Leiðsagnir eru í höndum starfsmanna stofunnar og eru það einkum skólahópar af öllum skólastigum sem sækja í þessa þjónustu, líkt og að framan greinir. Í samvinnu við Sólrúnu Harðardóttur, kennara og námsgagnahöfund, hefur verið unnið að gerð námsefnis til stuðnings útikennslu í Kópavogi, byggt á bókinni Þar á ég heima: Námsefni um náttúru Kópavogs sem kom út árið 1990. Allt stefnir í að vefur með námsefninu verði opnaður fyrri hluta næsta árs. Þá hefur Náttúrufræðistofan um árabil tekið að sér greiningu á skordýrum og öðrum náttúrufræðilegum fyrirbærum. Almennigur hefur nýtt sér þessa þjónustu í nokkrum mæli, ásamt því að fá ráðgjöf um viðbrögð sé um meindýr að ræða. Einnig koma meindýraeyðar gjarna með efnivið til greiningar.

Rannsóknastarf

Áfram verður unnið að þeim vöktunarverkefnum sem greint er frá hér að ofan og unnið verður að eflingu og viðhaldi þess rannsóknastarfs sem skapast hefur á Náttúrufræðistofunni. Einnig er Náttúrufræðistofan tilbúin til að taka að sér minni verkefni sem kunna að falla til.


Viðburðir, fræðsla og sýningarhald

Sem fyrr leggur Náttúrufræðistofan áherslu á metnaðarfullt fræðslustarf auk viðburða- og sýningahalds þar sem margvæglegum fróðleik um náttúru Íslands er miðlað til nemenda á spennandi og lifandi hátt. Heimsfaraldur Covid-19 hafði töluverð áhrif á viðburðahald og fræðslustarfsemi á árinu, líkt og víðast annars staðar, og ýmislegt féll niður vegna samkomutakmarkana.


Framtíðarsýn

Meginframtíðarsýn Náttúrufræðistofu Kópavogs er áframhaldandi miðlun á fróðleik um náttúru Íslands til almennings og skólæsku. Mikilvægi þess að allir hafi grunnþekkingu á umhverfi sínu og samspili lífvera og umhverfis ætti að vera óumdeilt, enda stuðlar slík þekking að skynsamlegri umgengni og nýtingu náttúrugæða. Á Náttúrufræðistofu eru einnig skapaðar aðstæður fyrir kennara á mismunandi skólastigum til að koma námsefni til nemenda á spennandi hátt. Á árinu 2022 er stefnt að aukinni vinnu við námsefnisgerð um loftslagsmál, byggðri á verkefninu Leggjum línurnar sem lagt var fyrir nemendur í 10. bekk í grunnskólum í Kópavogi. Þess er vænst að verkefnið komist á vefform svo það verði aðgengilegt öllum kennurum og skólum á Íslandi.

FJÖLDI GESTA 2017 - 2021



FJÖLDI VIÐBURÐA 2017 - 2021



ÁRSSKÝRSLA 2021 OG STARFSÁÆTLUN 2022

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFA KÓPAVOGS

LYKILTÖLUR 2021

LYKILTÖLUR	Fjöldi viðburða 2020	Gestafjöldi 2020	Fjöldi viðburða 2021	Gestafjöldi 2021
Gestir á Náttúrufræðistofu		12.465		16.993
Viðburðir á Náttúrufræðistofu	37	7.268	29	9.186
- þar af sérvíðburðir Náttúrufræðistofu	5	255	3	10
- þar af sérsýningar á Náttúrufræðistofu	5	4.351	6	6.990
- þar af viðburðir og hátíðir MEKÓ	27	2.662	20	2.186
Safnheimsóknir hópa og þátttaka í fræðsluverkefnum	110	2.369	167	4.745
- þar af skólahópar með eða án leiðsagnar (öll skólastig)	76	1.403	126	3.186
- þar af frístunda- og leikjanámskeiðahópar án leiðsagnar	76	1.403	24	783
- þar af Menning fyrir alla	9	343	10	389
- þar af Leggjum línurnar			7	387
		Fjöldi 2020		Fjöldi 2021
Útgefin verk		8		5
Safnkostur		7.000		7.000

* Fjölskyldustundir á laugardögum, Menning á miðvikudögum, Langir fimmtudagar og allar hátíðir MEKÓ.

FJÁRMÁL 2021

FJÁRMÁL 2020 -2021 OG ÁÆTLUN 2022	2020 í þús. kr.	2021 í þús. kr.	2022 í þús. kr.
Tekjur			
Rekstrartekjur	28.221	23.401	16.571
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	61.520	68.292	59.347
Annar rekstrarkostnaður	43.240	35.674	32.510
Rekstrarniðurstaða	76.539	80.565	75.286



HLUTVERK

Meginhlutverk Salarins er að auðga tónlistarlíf í Kópavogi og efla almennan áhuga og þekkingu á tónlist, meðal annars með fjölbreyttu tónleikahaldi, sem og að eiga sem farsælást samstarf við þá aðila sem vinna að skyldum markmiðum, einkum við höfunda og flytjendur tónlistar, einstaklinga, hópa, stofnanir og fyrirtæki.

LEIÐARLJÓS

Leiðarljós Salarins, sem eins flaggskipa Kópavogsbæjar, er að vera miðstöð tónlistar þar sem allir samfélagshópar eru velkomnir. Hlú á að tónlistarmönnum, tónlistarflutningi og nýsköpun í tónlist þannig að börn, unglingar og fullorðnir líti á Salinn sem stað sem gaman sé að heimsækja til að upplifa góðar stundir.

MARKMIÐ

Stefnan er tekin á að:

- Þjóða upp á metnaðarfullar tónleikaraðir með afburða tónlistarmönnum.
- Þjóða upp á tónleikahald við bestu aðstæður þar sem allur aðbúnaður er til fyrirmyndar fyrir tónlistarmenn, starfsfólk og tónleikagesti.
- Efla barna- og fræðslustarf svo að húsið verði lifandi stofnun í samfélaginu og ali um leið upp næstu kynslóðir tónlistarunnenda.
- Stuðla að frumsköpun í tónverkagerð.
- Ná til sem flestra hópa samfélagsins.

STARFSEMI 2020

Opnunartími

Miðasala Salarins er opin þriðjudaga til fimmtudaga kl. 12:00 – 16:00 og klukkutíma fyrir viðburði. Skrifstofan er opin alla virka daga kl. 10:00 – 17:00.

Þjónusta

Alls 15.582 gestir sóttu þá 154 viðburði sem Salurinn bauð upp á árið 2021. Starfsmenn Salarins leitast við að veita samstarfsfólki Salarins, hvort heldur sem um tónlistarmenn, tónleikahaldara, ráðstefnuhaldara eða tónleikagesti er að ræða, góða og persónulega þjónustu.

Starfsmannamál

Þrjú og hálf stöðugildi eru í Salnum, sem eru forstöðumaður, tæknimaður og móttökuritarar, auk þess sem átta tímastarfsmenn starfa í miðasölu og veitingasölu í kringum viðburði.

HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

Á árinu var fjárfest í myndavélum og streymisbúnaði fyrir Salinn til að mæta fleiri möguleikum í starfsemi. Endurnýjun á búnaði, svo sem hljóðmixer, þráðlausum snák, skjávarpa og tjaldi, átti sér stað á árinu auk þess sem bætt var í hljóðnemaþing Salarins.

Skápar og hillur voru endurnýjaðar á barnum í fordyri Salarins og hvítir fletir málaðir í fordyrinu auk þess sem geymslur fyrir bar voru endurskipulagðar og rýmt fyrir geymslu tæknibúnaðar baksviðs.

Settir voru upp kapalstigar fyrir ljósabúnað og mótörstýring á ljósarár sem liðkar til fyrir stillingu ljósa milli tónleika og viðburða.

Vinnuaðstaða starfsfólks var sameinuð á einni skrifstofu og fyrstu skref tekin við breytingu og einföldun á miðasöluvæðinu þannig að rýmið nýttist betur gestum Salarins. Teknir voru til notkunar miðaskannar í miðasölunni sem gefa betri yfirsýn yfir nýtingu miða á tónleikum.

Theresa Himmer var fengin til að hanna miðasölurýmið, færanlegan bar, borð og stöpla fyrir svið og framhús, auk endurnýjunar á húsgögnum í fordyri og endurnýjunar á búnaði á bar.

Fyrirhuguð endurnýjun á ljósum í áhorfendasal og á ljósabúnaði og stýringum í forsal var sett í farveg hjá eignasviði Kópavogsbæjar.

SAMSKIPTI

Gengið var til samninga við Döðlur Studio um kynningarefni og hönnun á lógói fyrir Salinn. Hefðbundnar kynningarleiðir voru farnar með samlesnum auglýsingum á RÚV, auglýsingum á samfélagsmiðlum og í prentmiðlum og markpóstar voru sendir á póstlista Salarins. Áfram var leitast við að fá umfjallanir í blöðum og útvarpi. Í desember voru gjafakort Salarins auglýst á auglýsingaskjám í völdum strætóskýlum á höfuðborgarsvæðinu. Gefinn var út bæklingur með dagskrá Tíbrá tónleikaraðarinnar vorið 2021.

TÓNLEIKAHALD, VIÐBURÐIR OG ÖNNUR VERKEFNI

Annað árið í röð var starfsemin lituð af mismiklum fjöldatakmörkunum vegna heimsfaraldursins Covid-19 og árið markað af því að halda viðburði sem færst höfðu frá fyrra ári – ásamt nýjum verkefnum.

Tíbrá tónleikaröð Salarins

Auglýst var eftir umsóknum í Tíbrá tónleikaröðina í byrjun febrúar 2021 og rann umsóknarfrestur út 28. febrúar 2021 en var síðan framlengdur til 5. mars. Fimmtíu og þrjár umsóknir bárust frá fjörutíu og sjö einstaklingum. Forstöðumaður Salarins ásamt verkefnastjóra menningarmála hjá Kópavogsbæ mátu og afgangsmála umsóknirnar.

Við val á tónleikum var gætt að því að bjóða upp á fjölbreytta tónleika hvað varðar efnistöð og hljóðfæri og áfram var leitast við að gefa ungum og efnilegum tónlistarmönnum tækifæri, sem og að bjóða upp á tónleika með reyndari tónlistarmönnum og -hópum. Eins var litið til nýjunga og nýsköpunar í tónleikahaldi og samsetningu efnisskrár.

Ellefu umsóknir voru valdar í Tíbrá tónleikaröðina auk þess sem tvennir tónleikar frá fyrra ári færðust yfir á tónleikaárið 2021-22. Þannig voru þrettán tónleikar í boði í Tíbrá tónleikaröðinni fyrir veturinn 2021-22.

Tólf tónleikar með þrjátíu og sex tónlistarmönnum fóru fram í Tíbrá tónleikaröðinni árið 2021. Aðsókn að tónleikum litaðist verulega af þeim samkomutakmörkunum sem í gildi voru hverju sinni vegna Covid-19. Sem fyrr var boðið upp á áskrift að Tíbrá á góðum kjörum en rétt tæplega helmingur fastra áskrifenda endurnýjaði áskriftina milli ára og fækkaði áskrifendum töluvert milli ára, eða um 37%. Er þetta þróun sem á sér stað vegna óvissu með samkomutakmarkanir vegna faraldursins en fólk er tregt við að festa sér miða langt fram í tímann upp á von og óvon um að tónleikarnir verði haldnir.

Þriðjudaga kl. 19:30 eru fastir tónleikatímar fyrir Tíbrá tónleikaröðina. Boðið var upp á tónleikakynningu fyrir valda tónleika kl. 18:30. Vegna samkomutakmarkana fóru kynningarnar fram inni í Sal en ekki í fordyrinu.

26/01 KIMI tríó

Þórgunnur Anna Örnólfsdóttir, söngur, Katerina Anagnostidou, slagverk og Jónas Ásgeir Ásgeirsson, slagverk.

09/02 Gamall og nýr heimur

Aladár Rácz, píanó og Peter Máté, píanó.

Tónleikakynning í umsjón Friðriks Margrétar-Guðmundssonar var á sviðinu fyrir tónleikana.

23/02 Draumar og brothætt hjörtu

Þóra Einarsdóttir, sópran, Hanna Dóra Sturludóttir, mezzósópran og Peter Máté, píanó.

09/03 Piazzolla, Olivier og Kordo

Olivier Manoury, bandoneon. Kordo kvartettinn: Páll Palomares, fiðla, Vera Panitch, fiðla, Þórarinn Már Baldursson, lágfiðla og Hrafnkell Orri Egilsson, selló.

23/03 Des Knaben Wunderhorn

Jóhann Kristinsson, barítón og Ammiel Bushakevitz, píanó.

11/05 Tónverk 20/21

Strokkvartettinn Sigggi: Una Sveinbjarnardóttir, fiðla, Helga Þóra Björgvinsdóttir, fiðla, Þórunn Ósk Marínósdóttir, víola og Sigurður Bjarki Gunnarsson, selló.

Frumflutningur fjögurra strengjakvartetta eftir Ásbjörgu Jónsdóttur, Sigurð Árna Jónsson, Gunnar Karel Másson og Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur.

Tónleikakynning og spjall við tónskáld í umsjón Friðriks Margrétar-Guðmundssonar.

31/08 Hlustaðu á ljósið

Hallveig Rúnarsdóttir, sópran, Hildigunnur Einarsdóttir, mezzósópran, Sigríður Ósk Kristjánsdóttir, mezzósópran, Eyjólfur Eyjólfsson, tenór, Ágúst Ólafsson, barítón, Edda Erlendsdóttir, píanó, Eva Þyri Hilmarsdóttir, píanó og Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir, píanó.

14/09 Litríkt söngferðalag

Karin Björg Torbjörnsdóttir, mezzósópran og Gaiva Bandzinaite, píanó.

28/09 Zorongo

– Heimur Federico Garcia Lorca Jóhanna Guðrún Ólafsdóttir, mezzósópran, og Francisco Javier Jáuregui, gítar.

SALURINN

12/10 Three Degrees of Freedom

Strokkvartettinn Sigggi: Una Sveinbjarnardóttir, fiðla, Helga Þóra Björgvinsdóttir, fiðla, Þórunn Ósk Marínósdóttir, lágfiðla og Sigurður Bjarki Gunnarsson, selló.

9/11 Ljóðakvöld með Kristni og Eddu

Kristinn Sigmundsson, bassi og Edda Erlendsdóttir, píanó.

16/11 Blásarakvintettinn Hviða

Julia Hantschel, óbó, Björg Brjánsdóttir, flauta, Finn Alexander Schofield, klarínett, Bryndís Þórsdóttir, fagott, Frank Hammarin, horn og Richard Schwennicke, píanó.

Tónleikakynning í umsjón Friðriks Margrétar-Guðmundssonar var á sviðinu fyrir tónleikana.

PULS verkefni Norræna menningarsjóðsins

Salurinn er hluti af samstarfsneti Norræna menningarsjóðsins PULS fram til desember 2022. Vegna Covid-19 hefur reynst erfitt að bjóða erlendum tónlistarmönnum heim og því hefur styrkurinn ekki verið nýttur árin 2020 og 2021. Áframhaldandi styrkur fékkst þó fyrir árið 2022 en hvort hægt verði að bjóða erlendum gestum heim mun koma í ljós á næsta ári.

Forstöðumaður Salarins sótti network fund PULS sem var að þessu sinni haldinn á Íslandi í tengslum við Iceland Airwaves í nóvember 2021.

Sumarjazz / Síðdegisjazz í Salnum á löngum fimmtudögum

Fyrirhugaðir voru fernir sumarjazztónleikar í fordyri Salarins alla fimmtudaga í ágúst. Vegna hertra samkomutakmarkana í ágúst frestuðust tónleikarnir fram á langa fimmtudaga undir heitinu Síðdegisjazz í Salnum.



ÁRSSKÝRSLA 2021 OG STARFSÁÆTLUN 2022

Af fingrum fram

Allir fyrirhugaðir Af fingrum fram tónleikar á fyrsta fjórðungi ársins frestuðust vegna samkomutakmarkana. Í júní var boðið upp á sjö tónleika/spjall við Ara Eldjárn. Voru þeir tónleikar óvanalegir að því leyti að meira var um spjall og gamanmál en tónlist.

Brugðið var á það ráð að skipta uppseldum Af fingrum fram tónleikum upp í tvenna tónleika sama kvöldið vegna fjöldatakmakana, til þess að geta haldið tónleika sem beðið höfðu frá fyrstu bylgju covid vorið 2020.

Átta tónlistarmenn heimsóttu Jón Ólafsson í Salinn á fimmtán tónleikum í tónleikaröð hans Af fingrum fram. Allir tónleikarnir höfðu verið færðir frá fyrra ári vegna heimsfaraldursins og var þannig verið að klára dagskrá sem sett var í sölu vorið 2019 og 2020.

27/05 Eyjólfur Kristjánsson

09/06 Ari Eldjárn - kl. 18:00 og 21:00

10/06 Ari Eldjárn - kl. 18:00 og 21:00

11/06 Ari Eldjárn - kl. 18:00 og 21:00

12/06 Ari Eldjárn

01/09 Björgvin Halldórsson

02/09 Björgvin Halldórsson

09/09 Jónas Sig

30/09 Sigurður Guðmundsson

17/11 Ágústa Eva Erlendsdóttir

24/11 Eivör Pálsdóttir

25/11 Júníus Meyvant

Jazz í Salnum

Tvennir tónleikar voru í tónleikaröðinni Jazz í Salnum haustið 2021. Á fyrri tónleikunum átti finnski jazzpíanistinn Kari Ikonen sviðið en hann sækir í austurlenskan tónheim með því að nýta nýja tækni sem gerir honum kleift að spila arabíska skala og micro tónbil á píanóið. Á seinni tónleikunum mættust ítalski píanistinn Simone Graziano og belgíski píanistinn Eve Beuven á nokkurs konar blindu stefnumóti, en þau hafa vakið athygli fyrir skapandi nálgun og ferskan leik.

Listrænn stjórnandi og skipuleggjandi Jazz í Salnum er sem fyrr Sunna Gunnlaugsdóttir sem valin var bæjarlistamaður Kópavogsbæjar á árinu. Tónleikaröðin er styrkt af Lista- og menningarráði Kópavogs.

06/10 Kari Ikonen

13/11 Eve Beuven & Simone Graziano

Beethoven í 250 ár

Fram var haldið samstarfi Salarins og píanóleikara á Íslandi við að fagna 250 ára afmælis Ludwigs van Beethoven sem hófst haustið 2020 en hlaut skjótan endi það haust vegna samkomubanns. Þráðurinn var tekinn upp að nýju í október þegar sautján píanóleikarar fluttu átján af píanósónötum Beethovens. Árið áður náðist að flytja fimm sönötur og vantar því enn níu píanósönötur upp á til að hafa flutt allar þrjátíu og tvær eins og lagt var af stað með í upphafi. Til stendur að klára það sem út af stendur vorið 2022.

Beethoven í 250 ár fékk styrk frá Lista- og menningarráði Kópavogs, Tónlistarsjóði og Tónlistarfélaginu í Reykjavík.

13/10 Beethoven í 250 ár | 7

Guðrún Dalía Salómonsdóttir, Guðríður Steinunn Sigurðardóttir og Helga Bryndís Magnúsdóttir.

20/10 Beethoven í 250 ár | 6

Jón Sigurðsson, Kristinn Örn Kristinsson og Richard Simm.

03/11 Beethoven í 250 ár | 5

Eva Þyri Hilmarsdóttir og Helgi Heiðar Stefánsson.

10/11 Beethoven í 250 ár | 9

Erna Vala Arnardóttir, Mathias Halvorsen og Ólafur Elíasson.

14/11 Beethoven í 250 ár | 3

Aladár Rácz, Peter Máté og Þóra Kristín Gunnarsdóttir.

14/11 Beethoven í 250 ár | 4

Einar Bjartur Egilsson, Kristján Karl Bragason og Mariia Ishchenko.

Almennir tónleikar

Á árinu fór 91 viðburður í sölu á miðasöluvef Salarins. Tónleikar með hljóðkerfi voru 35 talsins, 47 tónleikar án hljóðkerfis og sjö viðburðir aðrir en tónleikar. Alls seldust 6923 miðar.

Auk ofangreindra tónleikaraða og samstarfsverkefna voru jafnframt eftirfarandi tónleikar í Salnum:

23/01 Heima - útgáfutónleikar.

Silja Elsabet Brynjarsdóttir og Helga Bryndís Magnúsdóttir

31/01 Tröllaslagur kl. 16 og 20

Kristinn Sigmundsson, Viðar Gunnarsson, Bjarni Thor Kristinsson og Helga Bryndís Magnúsdóttir

SALURINN

02/03 Waldeinsamkeit - ljóðatónleikar. Oddur Arnþór Jónsson og Guðrún Dalía Salómonsdóttir

06/03 Schubert fyrir bassa.

Kristinn Sigmundsson og Hrönn Þráinsdóttir

19/03 Sigfús Halldórsson 100 ára

Sigga Beinteinsdóttir, Guðrún Gunnarsdóttir og Jogvan Hansen

07/05 Stórsöngvaraveisla Stuarts og Kristins - óperuariur og dúettar. Kristinn Sigmundsson og Stuart Skelton

08/05 Do re mi 2021

Tónleikar kl. 10:30 og 13:00

03/06 Vortónleikar

Primi kvartettinn með Antoniu Hevesi og Kristjáni Jóhannssyni

05/06 Kórahátíð Kársness

kl. 11:00, 12:15, 13:30 og 15:00

19/06 Út við himinbláu sundin

Svanhildur Jakobs, Erla Þorsteins, Erla Stefáns, Hallbjörg Bjarna, Adda Örnólfs, Soffía Karls, Helena Eyjólfss og Mjöll Hólm heiðraðar

03/09 Sigfús Halldórsson 100 ára - aukatónleikar

Sigga Beinteins, Guðrún Gunnars og Jogvan Hansen

18/09 Hafið lokkar og laðar -

Gömlu góðu íslensku sjómannalögin

23/09 Bestu lög Eagles í 50 ár

02/10 Sendið inn dívurnar

08/10 Sumarlög Sætabrauðsdrengjanna - útgáfutónleikar

09/10 Lögin hans Geira

10/10 Ljóð um ljóð og geit á beit

17/10 Winterreise | Vetrarferðin

Franz Schubert með Jóhanni Kristinssyni og Ammiel Bushakevitz

22/10 Sunnanvindur

Eftirlætislög Örvars Kristjánssonar harmónikkuleikara

29/11 Das süsse Lied verhallt

Kvöldstund tileinkuð tónlist eftir Richard Wagner

27/11 Heima um jólin

Friðrik Ómar Hjörleifsson kl. 17 og 21

02/12 Nýdönsk akústískir í Salnum

03/12 Heima um jólin

Friðrik Ómar Hjörleifsson

04/12 Heima um jólin

Friðrik Ómar Hjörleifsson kl. 17 og 21

05/12 Heima um jólin

Friðrik Ómar Hjörleifsson

09/12 Meistari Jakob hringir inn jólin

15/12 Skólaskemmtun Waldorfskóla

17/12 Heima um jólin

Friðrik Ómar Hjörleifsson

Tónverk 20/21

Fyrsti afrakstur tónskáldaverkefnis Salarins var fluttur á Tíbrá tónleikunum í maí þegar fjórir strengjakvartettar eftir tónskáldin Ásbjörgu Jónsdóttur, Sigurð Árna Jónsson, Gunnar Karel Másson og Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur voru flutt af Strokkvartettinum Sigga. Efnistösk verkanna voru margvísleg en þau höfðu það sammerkt að vera innblásin af Salnum. Eftirfarandi er lýsing tónskáldanna á eigin verkum.

Hugleiðing um hlustun, áferð og efni eftir Ásbjörgu Jónsdóttur

Verkið er innblásið af arkitektúr Salarins þar sem áhersla er lögð á íslenskan efnivið. Það er rekaviður frá Langanesi utan á byggingunni, grjótt úr grunni hússins í gólfinu og græni úr Skorradal á innveggjum. Verkið er unnið út frá áferð, tilfinningu fyrir efninu, uppruna þess og eiginleikum. Ferli eiga sér stað í tónlistinni sem ýmist lýsa úrvinnslu, vinnsluáðferðum eða hversu mikið þau eru meðhöndluð og hver lokaútkoman er.

Senza di te eftir Gunnar Karel Másson

Snemma í ferlinu ákvað ég að leita að titli sem gæti fangað þá stemningu sem ég er að leita að í verkinu; sem er tilfinningin að við séum föst á einhverjum einum stað en samt á ferð. Sjálfur titillinn, „Senza di te“, er fenginn úr ítalskri aríu og þýðir bókstaflega án þín, og eins og titillinn gefur til kynna fjallar verkið um missi og þrá, sem við öll upplifum í því statíska ferðalagi sem lífið er. Því öll erum við að leita að einhverju sem okkur skortir, einhverju litlu atriði sem við eltumst við eins og hundur að elta skottið á sjálfum sér. Því meira sem við eltumst við það sem okkur skortir, rennur smátt og smátt upp fyrir okkur að við erum enn á sama stað, en samt er allt svo breytt. Það sem við þráðum áður er orðið að einhverju öðru, einhverju nýju en samt gömlu.

ÁRSSKYRSLA 2021 OG STARFSÁÆTLUN 2022

Horfnir skógar eftir Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur

Verkið „Horfnir skógar“ er samið út frá hugleiðingum mínum og rannsóknargrúski um hina ýmsu skóga sem ekki eru lengur til en hafa á einn eða annan hátt markað spor í söguna. Þessar pælingar ná einnig til viðarins í hljóðfærunum sem verkið er leikið á, skóganna sem þau eru smíðuð úr og að sum tré geta orðið ódauðleg í okkar menningarlega samhengi í formi ómetanlegra strengjahljóðfæra. Verkið er í fjórum köflum sem allir vísa með heitum sínum í það skógarumhverfi sem þeir hverfast um. „Hólað innan“ er tilvísun í steingervingaholur sem finnast á Íslandi eftir skóga sem hurfu undir hraun fyrir milljónum ára. „Milli fjalls og“ vísar til ósnortinna skóga landsins fyrir landnám og „Betula“ er latneskt tegundarheiti birkis. „La Forêt“ er nafnið sem hið mikla eikartréverk innan í þaki Notre Dame var þekkt undir.

Mere-Exposure eftir Sigurð Árna Jónsson

„Mere-Exposure“ er skýrt eftir hinum svokallaða Mere-exposure effect, sálfræðilegu fyrirbæri sem reynir að útskýra tengsl jákvæðrar upplifunar okkar á hlutum í samræmi við tíðni upplifana á sama hlut. Tenging milli titilsins og verksins er óbein í besta falli, en grunnhugmyndir verksins voru vangaveltur um áhrif birtu á rými - líkamlegt (fýsisku) rými og tilfinningalegt rými. Tónsmiðin er ekki skipulögð að neinu stóru leyti (þrátt fyrir slíkar fyrirætlanir - covid og allt það) en hún leikur sér með ómblíðu og ómstríðu, stöðugleika og óstöðugleika, og skipulagða óreiðu og hvíld, og reynir að hrífa frá víðáttu til þröngs ljósops, og fram og til baka.

Selt var inn á beint streymi af tónleikum.

Tónverk 20 / 21 er styrkt af Lista- og menningarráði Kópavogsbæjar og unnið í samvinnu við Tónverkamiðstöð sem mun skrá og varðveita verkin.

Hljóðverk 21/22

Í byrjun árs voru tónskáldin Gunnar Gunnsteinsson, Ingibjörg Friðriksdóttir, Ríkhartur H. Friðriksson, Úlfur Eldjárn og Þórunna Dögg Björnsdóttir valin úr hópi tuttugu og sex umsækjenda til að semja hljóðverk fyrir Salinn.

Að þessu sinni var óskað eftir hugmyndum að hljóðverkum sem eru innblásin af sögu og/eða samtíma hljóðheimi Kópavogs. Verkin verða svo flutt í Kópavogi á árinu 2022.

Samstarfsaðilar Hljóðverks 21 / 22 eru Héraðsskjalasafn Kópavogs, Lista- og menningarrád Kópavogs og Tónverkamiðstöð.

Í valnefnd sitja Atli Ingólfsson og Una Sveinbjarnardóttir fyrir Salinn og Karólína Eiríksdóttir fyrir Tónskáldafélag Íslands. Valnefnd sat enn að störfum í lok árs 2020.

MEKÓ viðburðaraðir og hátíðir í Salnum

Aðeins náðust tvær Fjölskyldustundir á laugardögum í Salnum yfir árið. Í janúar fræddu söngkonan Ingibjörg Friða Helgadóttir, píanóleikarinn Sunna Gunnlaugsdóttir og kontrabassaleikarinn Leifur Gunnarsson börn um jazztónlist með tónleikadagskránni Jazz hrekkur. Í mars hélt tónlistarkonan Jelena Ciric fjöruga fjölskyldusmiðju þar sem börnin voru leidd í að tjá takt, laglínur og form í tónlist með öllum líkamanum.

Fjölskyldustundirnar eru liður í að efla barna- og fjölskyldustarf í Salnum, kynna ólíkar tónlistarstefnur fyrir börnum með fjölbreyttum tónleikum og eins að gefa börnum færi á að spreyta sig í smíðjum tengdum tónlistarsköpun. Aðgangur er ókeypis á allar Fjölskyldustundir.

Menning fyrir alla er annar þáttur í starfi Salarins sem snýr að tónlistaruppeldi barna en þá fá leik- og grunnskólabörn tækifæri til að sækja Salinn heim á skólatíma og upplifa margvíslega tónleika í húsinu. Boðið var upp á sex tónleika af Jazz hress fyrir skólabörn í 1. – 3. bekk í janúar.

Jafnframt var þrettán leikskólahópum á aldursbilinu 3 – 5 ára boðið á tónsmíðjuna Fuglasöngvar á tímabilinu 26. apríl til 6. júní í fordyri Salarins. Boðið var tvívegis upp á opið hús um helgi fyrir gesti og gangandi á tónsmíðjuna í tengslum við Hönnunarmars.

Tónsmíðjan Fuglasöngvar var hönnuð og framkvæmd af ÞYKJÓ og tónlistarkonunni Sóleyju Stefánsdóttur. Var hún hönnuð með það markmið í huga að fræða börn um fuglaheiminn og fjölbreytt hljóð þeirra ásamt því að örva ímyndunarafli og sköpunarkrafti í leikjum þeirra.

ÞYKJÓ hönnuðu tónegg fyrir sýninguna, sem voru á mörkum þess að vera leikföng og nýstárleg hljóðfæri, auk þess sem útbúin voru krakkahreiddur sem voru ofin úr tágum í samstarfi við Blindravinafélagið. Á sýningunni voru jafnframt til sýnis egg og fuglahreiddur úr fórum Náttúrufræðistofu Kópavogs og bronsskúlptúrar eftir Gerði Helgadóttur frá Gerðarsafni. Bókasafnið lánaði bækur um fugla sem börnin gátu gluggað í í krakkahreiddrunum. Börnin upplifðu á sýningunni margþátta nálgun að heimi og söng fugla um leið og ímyndunarafli þeirra var virkjað á skemmtilegan máta.

SALURINN

Á Menningu á miðvikudögum var boðið upp á átta tónleika á árinu og eina kynningu frá ÞYKJÓ. Flautuleikarinn Guðrún Birgisdóttir var forstöðumanni innan handar við val tónleikanna um vorið en að hausti var dagskráin unnin í samvinnu við verkefnastjóra menningarmála.

Í febrúar var boðið upp á þrenna hádegistónleika. Hjónin Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir söngkona og gítarleikarinn Francisco Javier Jáuregui komu fram á þeim fyrstu og fluttu evrópsk þjóðlög í útsetningum fyrir rödd og gítar. Systkinin Guðrún Birgisdóttir flautuleikari og Snorri Sigfús Birgisson píanóleikari léku tónlist eftir franska tónskáldið Gabriel Fauré, auk þess sem rithöfundurinn Pétur Gunnarsson las frönsk ljóð í íslenskri þýðingu á milli tónverka. Dúó – parið Guðbjartur Hákonarson á fiðlu og Hrafnhildur Marta Guðmundsdóttir á selló flutti verk eftir Beethoven og Gliere á þeim þriðju. Í mars bættust við hádegistónleikar með tríói skipuðu Jelenu Ciric, fiðlu- og víóluleikaranum Karl James Pestka og harmonikkuleikaranum Margréti Arnardóttur sem flutti tónlist eftir Jelenu. Í september flutti píanóleikarinn Erna Vala Arnardóttir verkið Kreisleriana eftir Robert Schumann, í nóvember steig Olivier Manoury bandoneonleikari á svið og á degi íslenskrar tónlistar þann 1. desember flutti Sóley Stefánsdóttir verk sitt „Mother melancholia“. Flautuseptettinn viibra kom fram á síðustu hádegistónleikum ársins og flutti verk eftir Þuríði Jónsdóttur, Hilmu Kristínu Sveinsdóttur, Pauline Olive, Tchaikovsky og Björk Guðmundsdóttur.

Á Hamraborgar Festivali í byrjun hausts var boðið upp á tónleika með salonhljómsveitinni L'amour fou sem skipuð er Hrafnhildi Atladóttur á fiðlu, Guðrúnu Hrund Harðardóttur á víólu, Hrafnkeli Orra Egilssyni á selló, Gunnlaugi Torfa Stefánssyni á kontrabassa og Tinnu Þorsteinsdóttur á píanó. Fluttu þau ástsæl gömul dægurlög í hrifandi útsetningum Hrafnkels Orra.

Á Vetrarhátíð var boðið upp á tónleika með Þjóðlagasveit Ásgeirs Ásgeirssonar sem flutti seiðandi útsetningar á íslenskum tregaljóðum og gæddi gömul íslensk þjóðlög nýjum litum og lífi. Auk Ásgeirs á gítar komu fram söngkonan Sigríður Thorlacius, Matti Kallio á harmonikku, Haukur Gröndal á klarinett, Þorgrímur Jónsson á kontrabassa og Erik Qvick á slagverk. Jafnframt var dans- og vídeoverkið SKINN eftir Lilju Rúriksdóttur sýnt á skjá í fordyri Salarins á meðan Vetrarhátíð stóð yfir.

Á 17. júní var boðið upp á sumarjazztónleika í fordyri Salarins þar sem söngkonan Margrét Eir steig á svið ásamt Andrésí Þór gítarleikara, Jóni Rafnssyni kontrabassaleikara og Jóhanni Hjörleifssyni trommuleikara. Fluttu þau jazzskotna efnisskrá með tónlist úr söngleikjum, klassískum kvikmyndum og ýmsu fleiru í útsetningu hljómsveitarinnar.

Í desember var jólakveðja Kópavogsbæjar tekin upp í Salnum þar sem bæjarlistamaðurinn og jazztónskáldið Sunna Gunnlaugsdóttir og hljómsveit fluttu jólagið Hin fyrstu jóla eftir heiðurslistamann Kópavogsbæjar frá árinu 2012, Ingibjörgu Þorbergs, við texta Kristjáns frá Djúpalæk. Hljómsveitina skipuðu ásamt Sunnu, þau Margrét Eir söngkona, Leifur Gunnarsson bassaleikari og Scott McLemore trommuleikari.



ÁRSSKÝRSLA 2021 OG STARFSÁÆTLUN 2022

Tónegg: Sóleyju Stefánsdóttur og ÞYKJÓ

Samstarf við Tónlistarskóla Kópavogs

Salurinn hefur frá upphafi verið heimili Tónlistarskóla Kópavogs. TK hefur fasta æfingatíma í Salnum alla mánudaga frá kl. 15 auk þess sem nemendur skólans fá reynslu af því að koma fram á tónfundum. Eins hafa framhaldsprófstónleikar TK farið fram í Salnum. Árið 2021 var 21 tónfundur nemenda og einir útskriftartónleikar hjá Tónlistarskóla Kópavogs í Salnum.

Nýting TK á Salnum miðast við að eiga sér stað þá daga og kvöld sem minna er um að vera í Salnum og er víkjandi fyrir starfsemi Salarins.

Ráðstefnur og fundir

Nokkuð glaðnaði yfir fundum og ráðstefnum frá fyrra ári þó enn væri nokkuð um afbókanir þegar samkomutakmarkanir voru í gildi. Þó voru að vanda veitt verðlaun í ljóðasamkeppni Jóns úr Vör í Salnum 21. janúar auk þess sem Íþróttahátíð Kópavogs fór fram um miðjan mánuðinn og 25 ára starfsafmælisviðurkenning Kópavogsbæjar var afhent. EXEDRA hélt bókakvöld í Salnum í byrjun febrúar. Í mars var haldin fermingarveisla í fordyrinu og Waldorfskóli hélt sína árlegu skólaskemmtun að vori auk jólaskemmtunar í desember. Stóra upplestrarkeppnin fór fram í Salnum í maí sem og Kópurinn, viðurkenning menntaráðs, auk þess sem viðurkenningu á innleiðingu barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna var fagnað í fordyrinu. Í júní nutu bæjarfulltrúar frá öllu landinu söngs Gissurar Páls Gissurarsonar auk þess sem viðurkenning úr sjóði Halldórs Hansens var afhent í Salnum. Eins hélt leikskólinn Aðalþing útskrift sína í Salnum að vanda. Í september hélt bæjarstjóri íbúafund í fordyri Salarins auk þess sem Vinstrihreyfingin – grænt framboð hélt streymisfund um umhverfismál á sama stað. CCP hélt kick-off fund í lok september en í október var ráðstefna tannsmíða á vegum G-events í Salnum. Í byrjun nóvember var píanókeppni EPTA haldin auk þess sem Skipulagsdagurinn á vegum Skipulagsstofnunar átti sér stað.

HELSTU VERKEFNI 2022

Helstu verkefni árið 2022 eru að byggja upp tónleikahald í kjölfar heimsfaraldursins og efla starfsemina til muna. Bættur tækniþúnaður hússins skapar ný tækifæri fyrir fjölbreytta tónlistartengda viðburði sem og ráðstefnur og fundi. Stefnt verður á að sigla á ný mið í framboði tónleika um leið og fyrri starfsemi verður endurskoðuð og bætt í takt við nýja og breytta tíma. Stefnt verður á að auka sýnileika starfsins með betri og bættri heimasíðu og öflugum kynningarstarfi.

Tíbrá tónleikaröð Salarins, Sumarjazz í Salnum og samstarfsverkefni

Tíbrá tónleikaröð sem hefur verið hryggjarstykkið í starfi hússins nánast óslitið frá opnun verður tekin til endurskoðunar hvað varðar tónleikakvöld, fjölda tónleika, áskrift o.fl. Í byrjun hvers árs er auglýst eftir umsóknum í Tíbrá tónleikaröðina og stefnt að því að dagskrá komandi vetrar liggja ávallt fyrir að vori. Samhliða Tíbrá verður boðið upp á tónleikaröð sem ber heitið Syngjandi í Salnum þar sem fremstu söngvarar okkar stíga á svið á eins konar portrait tónleikum. Röðin er unnin í samstarfi við Guðrúnu Jóhönnu Ólafsdóttur sem er listrænn stjórnandi raðarinnar.

Sumarjazz í Salnum er orðinn órjúfanlegur hluti sumarsins í fordyri Salarins sem hefur slegið í gegn hjá mjög þakklátum tónleikagestum. Samstarfi við Jón Ólafsson verður haldið áfram með spjalltónleikaröð hans Af fingrum fram sem er orðinn einn af föstum liðum í dagskrá hússins.

Salurinn er fyrir alla

Metnaður er fyrir því að ná til fjölbreytts hóps tónleikagesta og ekki síst til yngra fólks. Mikilvægur liður í fræðslu og barnstarfi Salarins er Menning fyrir alla þegar öllum stigum í grunnskólum Kópavogs er boðið á tónleika í Salnum. Eins er leikskólabörnum boðið á tónleika á Barnamenningarhátíð. Því miður hefur gengið örðuglega á tímum farsóttarinnar að halda þessum dagskrárlið inni og því verður lögð áhersla á að koma skólaheimsóknunum á að nýju.

Skólaheimsóknirnar, ásamt Fjölskyldustundum á laugardögum og Menningu á miðvikudögum einu sinni í mánuði og Sumarjazzinum, eru mikilvægur þáttur í að kynna Salinn fyrir öllum og að allir geti notið tónlistar óháð efnahag.

Nýsköpun

Tónskáldaverkefni Salarins, Tónverk/hljóðverk, heldur áfram sem nýsköpunarverkefni Salarins með því að kalla eftir nýsköpun í tónverkagerð. Fimm tónskáld vinna að jafnmörgum nýjum hljóðverkum sem verða frumflutt í Salnum í kringum afmæli Kópavogs líkt og árið á undan.

Hrint verður í framkvæmd nýju verkefni með ungu tónlistarfólki í samstarfi við Molann, ungmennahús Kópavogs. Til stendur að skapa vettvang fyrir ungt fólk sem er að stíga sín fyrstu skref í tónlist, hvort heldur sem flytjendur eða höfundar, til að koma fram í fordyri Salarins.

PULS verkefni Nordisk kulturfond

Salurinn er hluti af samstarfsneti norræna menningarsjóðsins PULS árið 2019 – 2022. Salurinn hlýtur því styrk til þriggja ára til að bjóða norrænum tónlistarmönnum til landsins og kynna tónlist þeirra fyrir Íslendingum. Salurinn gengur um leið inn í tengslanet norrænna tónleikahaldara sem funda árlega og efla þannig samstarf milli Norðurlandanna. Stefnt verður að því að bjóða norrænum tónlistarmönnum að halda tónleika í Salnum samhliða íslenskum tónlistarmönnum ef aðstæður leyfa en Salurinn á inni ónýttan styrk fyrri ára.

Upptökur og streymi af tónleikum

Með bættum búnaði Salarins er streymi og upptökur á tónleikum orðinn möguleiki sem nýtur sífellt meiri vinsælda. Áfram verður unnið að lausnum og möguleikum á að selja á streymi heim í stofu.

Bættur aðbúnaður


Endurnýjun og uppfærslu búnaðar og aðstöðu í Salnum verður haldið áfram árið 2022. Stefnt er á að klára breytingar á miðasölusvæði, endurnýja borð og stóla í fordyri Salarins og láta smíða lausar margnota einingar fyrir framhús og svið. Auk þess verður hafist handa við að endurnýja baksviðsaðstöðu tónlistarmanna. Til stendur að finna leið til að setja sturtu baksviðs fyrir flytjendur.

Tímabært er að endurnýja myndavélakerfi hússins sem og kallkerfið baksviðs til að auðvelda samskipti framhúss og salar við baksvið.




Ásgeir Ásgeirsson og Sigríður Thorlacius á Vetrarhátíð í Kópavogi 2021

FJÖLDI GESTA 2016 - 2021



FJÖLDI VIÐBURÐA 2016 - 2021



LYKILTÖLUR 2021

LYKILTÖLUR	Fjöldi viðburða 2020	Gestaföldi 2020	Fjöldi viðburða 2021	Gestafjöldi 2021
Gestir í Salnum		12.534		17.266
Viðburðir í Salnum	116	9.084	139	14.947
- þar af tónleikar Salarins og samstarfsverkefni	22	3.060	39	4.993
- þar af viðburðir og hátíðir MEKÓ*	14	1.174	19	1.194
- þar af almennir tónleikar (útleiga)	30	3.831	40	6.521
- þar af ráðstefnur og fundir	14	592	19	1.497
- þar af tónfundir Tónlistarskóla Kópavogs	20	404	22	742
Skólaheimsóknir	10	1.952	15	635
- þar af Menning fyrir alla	6	1.302	15	635
- þar af List fyrir alla	4	650		
Æfingar	55	183	107	1.070
- þar af æfingar Tónlistarskóla Kópavogs	23	674	29	624
Upptökur	28	165	17	132

* Fjölskyldustundir á laugardögum, Menning á miðvikudögum, Langir fimmtudagar og allar hátíðir MEKÓ.

FJÁRMÁL 2021

FJÁRMÁL 2020 -2021 OG ÁÆTLUN 2022	2020 í þús. kr.	2021 í þús. kr.	Áætlun 2022 í þús. kr.
Tekjur			
<i>Rekstrartekjur</i>	26.177	17.686	36.257
Gjöld			
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	37.159	37.347	44.407
<i>Annar rekstrarkostnaður</i>	50.844	56.515	62.223
Rekstrarniðurstaða	61.826	76.176	70.373

meko.is

bokasafn.kopavogur.is
gerdarsafn.kopavogur.is
heradsskjalasafn.kopavogur.is
natkop.kopavogur.is
salurinn.kopavogur.is